# FRÉTTABLAÐIÐ

241. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 12. OKTÓBER 2016





**Regnhlífin í henglum** Mikill viðbúnaður er víða um land vegna úrhellis í dag og á morgun. Svæðið sem er undir er stórt, frá austanverðum Vatnajökli og norður á Vestfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Sjö flokkar næðu mönnum inn á þing

**Vinstri græn bæta við sig 2,5 prósentustiga fylgi mili vikna. Sjálfstæðisflokkur og Píratar álíka stórir og Framsóknarflokkurinn, Björt framtíð, Viðreisn og Samfylkingin álíka stór. Hlutfall þeirra sem afstöðu taka eykst mikið milli vikna og er komið í 67 prósent.**

**STJÓRNMÁL** Sjö þingflokkar yrðu á Alþingi ef úrslit alþingiskosninga verða í takti við niðurstöður skoðanakönnunar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis sem gerð var í gær og fyrrakvöld. Stærstir yrðu Sjálfstæðisflokkurinn og Píratar. Þriðji stærsti flokkurinn yrði VG og svo yrðu Björt framtíð, Framsóknarflokkurinn, Samfylkingin og Viðreisn álíka stór.

Samkvæmt niðurstöðunum fengju Píratar 22,8 prósent fylgi, Sjálfstæðisflokkurinn fengi 22,7 prósent fylgi. VG fengi 15,1 prósent og bætir við sig frá síðustu viku þegar fylgið mældist 12,6 prósent. Framsóknarflokkurinn fengi 8,5 prósent, Viðreisn fengi 8,4 prósent, Björt framtíð fengi 8,2 prósent. Samfylkingin fær hins vegar minnsta fylgið eða 7,3 prósent. Munurinn milli Framsóknarflokksins, Viðreisnar, Bjartrar framtíðar og Samfylkingarinnar er innan skekkjumarka.

Sjö prósent þeirra sem afstöðu tóku í könnuninni ætla að kjósa eitthvað annað en fyrrgreinda sjö flokka.

Á Stöð 2 í gær var birt fylgi flokkanna samkvæmt niðurstöðum samanlagðra kannana sem gerðar hafa verið á tímabilinu 26. september til 10. október. Þar er Sjálfstæðisflokkurinn með 28,2 prósent fylgi, Píratar með 20,6 prósent fylgi, VG með 13,9 prósent fylgi, Framsóknarflokkurinn með 11 prósent fylgi, Samfylkingin með 7,5 prósent fylgi, Björt framtíð með 5,6 prósent fylgi og Viðreisn með 7,3 prósent fylgi.

Könnun Fréttablaðsins var gerð þannig að hringt var í 1.269 manns dagana 10. og 11. október þar til náðist í 801 samkvæmt lagskiptu slembiúrtaki. Svarhlutfallið var því 63,1 prósent. Alls tóku 67,2 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar, 13,2 prósent sögðust óákveðin í því hvað þau ætluðu að kjósa, tæp 6,5 prósent sögðust ekki ætla að kjósa eða ætla að skila auðu en tæpt 13,1 prósent neitaði að gefa upp afstöðu sína.

Mun fleiri tóku afstöðu til flokkanna í könnuninni sem gerð var í byrjun þessarar viku heldur en í könnuninni sem gerð var dagana 3. til 4. október, þegar 58,6 prósent tóku afstöðu. Þetta gæti bent til þess að svarendur séu farnir að huga meira að kosningunum en áður. - jhh

**Könnun 10. og 11. október**




## Fjárfestingin fjórfaldaðist

**VIÐSKIPTI** Ætla má að Novator, félag Björgólfs Thors Björgólfssonar, hafi fjórfaldað fjárfestingu sína í farsímafélaginu Nova. Samkvæmt heimildum nam söluverð félagsins um 16 milljörðum króna. Samkvæmt ársreikningum Nova nam fjárfesting í félaginu um fjórum milljörðum króna yfir eignartímann. Ekki er tekið tillit til verðbreytinga í þessum tölum.



Björgólfur hyggst einbeita sér að fjárfestingum erlendis og horfir til Suður-Ameríku í leit að tækifærum. Björgólfur Thor er í ýtarlegu viðtali í Markaðnum sem fylgir Fréttablaðinu í dag. – hh

## Mansal fylgir vændinu

**LÖGGÆSLA** Lögreglumaður segir að aukinn straumur ferðamanna til landsins skili sér meðal annars í auknu framboði á vændi. Það sé þó ekki eini þátturinn heldur haldist það oft í hendur við fólksfjölgun. Skýrt dæmi megi finna á vefsíðum sem auglýsa vændi, en þar hafi auglýsingum frá Íslandi fjölgað til muna. Á sumum síðum eru þær fleiri en hundrað.

„Eins og staðan er núna þá er framboð á vændi að aukast alveg verulega,“ segir Snorri Birgisson hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Samhliða auknu framboði segir hann lögreglu verða vara við mun fleiri tilfelli þar sem grunur um mansal er til staðar. „Það helst í hendur við framboð á vændi.“

Snorri segir lögreglu hafa brugðist við auglýsingunum með því að ræða við þá einstaklinga sem auglýsi vændi. Þá sé þeim einstaklingum boðin aðstoð lögreglu séu þeir fórnarlömb mansals. Þó hafi enginn þegið slíkt boð til þessa.

> **Eins og staðan er núna þá er framboð á vændi að aukast alveg verulega. Við erum að sjá fleiri tilfelli þar sem grunur um mansal er til staðar.**
>
> Snorri Birgisson lögreglufulltrúi



– þea / sjá síðu 12

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Guðríður Arnardóttir skrifar um launalöggu ASÍ. 16

**SPORT** Íslenska 21 árs landsliðið í fótbolta féll á lokaprófinu í gær og verður því ekki með á EM næsta sumar. 22

**LÍFIÐ** Þórhallur Sævarsson tekur sína fyrstu kvikmynd upp á hálendi Íslands. 36





**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
- FÓLK
- BLEIKA SLAUFAN

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


ALLT FYRIR HREKKJAVÖKUNA

Finndu okkur á f

PARTÝBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

## Veður




Í dag er spáð sunnan- og suðaustan-hvassviðri og mikilli rigningu á öllu sunnan- og vestanverðu landinu. Norð-austan- og austanlands er heldur hægari vindur og þurrt, en svo lægir snögglega í stutta stund vestast á landinu eftir hádegi, það hvessir þó aftur í kvöld.
SJÁ SÍÐU 26

# Styrkir stöðu fórnarlamba

**BANDARÍKIN** Í lok síðustu viku undirritaði Barack Obama Bandaríkjaforseti ný lög, sem eiga að styrkja réttarstöðu fórnarlamba nauðgana.

Samkvæmt lögunum eiga fórnarlömb nauðgana meðal annars rétt á því að fram fari réttarlæknisfræðileg rannsókn og að niðurstöður hennar verði geymdar með öllum sönnunargögnum þangað til refsing í málinu væri ekki lengur möguleg vegna fyrningarákvæða.

Ekki verður heimilt að rukka um greiðslu fyrir þetta. Jafnframt þarf að gera fórnarlambinu grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar.

Þá verður að tilkynna fórnarlambinu skriflega með tveggja mánaða fyrirvara ef til stendur að eyða sönnunargögnunum. **– gb**

# Friðarsamkomulaginu ógnað?



Íbúar Donetsk æfðu í gær viðbrögð við innrás herliðs. Æfingin brýtur í bága við friðarsamkomulagið sem undirritað var í Minsk í febrúar í fyrra. Átök hafa verið í Donbas-héraði reglulega. Donetsk er höfuðborg héraðsins, sem er austast í Úkraínu við landamæri Rússlands. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Fimm frumvörp voru samþykkt sem lög á Alþingi í gær. Enn er óvíst hvenær þingstörfum lýkur en vonast er til að það verði á næstu dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Afnám hafta samþykkt á þingi

**ALÞINGI** Frumvarp um afnám gjaldeyrishafta var samþykkt sem lög á Alþingi í gær. 47 greiddu atkvæði með frumvarpinu en sextán voru fjarverandi.

Lögin eru liður í áætlun stjórnvalda um losun fjármagnshafta sem kynnt var í júní 2015. Í því felast ýmsar breytingar sem miða að því að losa fjármagnshöft á heimili og fyrirtæki í varfærnislegum áföngum.

Fimm aðrar lagabreytingar voru samþykktar á þingi í gær. EES-reglur á sviði opinberra innkaupa, breytingar á höfundalögum sem varða eintakagerð til einkanota, breytingar á lögum um almennar íbúðir og lagabreyting um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða. **– jóe**




# Lögreglumenn sækja í önnur störf vegna álags

**Frá árinu 2007 hefur lögreglumönnum á landinu fækkað um hundrað. Samtímis hefur fólki fjölgað á landinu. Rannsóknarlögreglumaður telur að málaflokkurinn sé löngu komin yfir þolmörk og lögreglumenn muni leita annað.**

**LÖGGÆSLA** Lögreglumönnum hefur fækkað mjög á landinu öllu frá árinu 2007. Á sama tímabili hefur íbúum landsins fjölgað og sprenging orðið í fjölda ferðamanna sem heimsækja landið. Rannsóknarlögreglumaður á höfuðborgarsvæðinu segir að álagið hafi aukist mjög og lögreglumenn finni fyrir því.

„Við horfum á brottfall úr stéttinni því álagið bara eykst og eykst,“ segir Jökull Gíslason rannsóknarlögreglumaður. Í hans deild eiga að starfa átta manns en að undanförnu hafa þeir verið fjórir.

Í svari innanríkisráðherra við fyrirspurn Bjarkeyjar Olsen Gunnarsdóttur, þingmanns Vinstri grænna, kemur fram að starfandi lögreglumenn og afleysingamenn nú eru 642. Árið 2007 voru þeir tæplega hundrað fleiri. Fæstir voru starfandi lögreglumenn árið 2014 eða 622. Á tímabilinu hefur lögreglumönnum fækkað í öllum umdæmum nema á Vestur- og Suðurlandi. Þar hefur þeim fjölgað um þrjá.

Á sama tímabili hefur íbúum landsins fjölgað um 25 þúsund og fjöldi ferðamanna sem heimsækja landið hefur þrefaldast. Árið 2007 voru 2,3 lögreglumenn á hverja þúsund íbúa en talan er nú 1,9.

„Þetta hljómar eflaust eins og úlfur, úlfur en staðreyndin er sú að við erum fyrir löngu komin fram hjá þolmörkum,“ segir Jökull. Hann segir að allt í kringum sig sjái hann áhrif þess hve fáir standa eftir. „Álagsveikindi hafa aukist og aðrir hreinlega brenna út. Fólk afkastar ekki eins miklu í þessari stöðu.“

Hann tekur dæmi um að tveir ungir og frambærilegir lögreglumenn hafi hætt á dögunum til að hefja störf á bílaleigu. „Að undanförnu hefur borið á því að yngra fólkið fer, því lífsgæði snúast ekki um meiri yfirvinnu. Lífsgæði snúast um það að verja tíma með sínum nánustu og sinna áhugamálum, helst óþreyttur,“ segir Jökull.

„Veikindi hafa verið að aukast, bæði skammtíma- og langtímaveikindi, en við eigum ekki tölur um það,“ segir Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna. „Það er einnig staðreynd að lögreglumenn hafa verið að segja upp í auknum mæli sökum ástandsins.“ **johannoli@frettabladid.is**

### Þróun fjölda lögreglu- og ferðamanna (2007-2016)

Í samantektinni er ekki litið til héraðslögreglumanna og lögreglumanna hjá héraðssaksóknara.




Heimild: innanríkisráðuneytið

> Þetta hljómar eflaust eins og úlfur, úlfur en staðreyndin er sú að við erum fyrir löngu komin fram hjá þolmörkum
>
> Jökull Gíslason rannsóknarlögreglumaður



# Útsala

## 20-90% afsláttur

Seljum einnig eldri sýnishorn og lítið útlitsgölluð húsgögn á ótrúlegu verði.

### Skrifborðsstólar



**Taktik** skrifborðsstóll
**Útsöluverð 39.900 kr.**
Verðlistaverð 59.900 kr.



**Flexikit** skrifborðsstóll
**Útsöluverð 64.900 kr.**
Verðlistaverð 99.900 kr.



**Dealer** skrifborðsstóll
**Útsöluverð 22.900 kr.**
Verðlistaverð 29.900 kr.

### Staflastólar og stólar fyrir eldhús og kaffistofur



**Sitti** staflastóll með plastskel
**Útsöluverð 12.900 kr.**
Verðlistaverð 20.761 kr.



**Carver** staflastóll
**Útsöluverð 19.900 kr.**
Verðlistaverð 38.697 kr.



**Zen** staflastóll
**Útsöluverð 17.900 kr.**
Verðlistaverð 26.119 kr.

### Skápar



**Jive** skápar margar stærðir með eða án hurða
**Útsöluverð frá 9.900 kr.**

### Skrifborð



**Rafhækkanleg** skrifborð
**Útsöluverð 99.800 kr.**

ÍSLENSKA /SÍA PEN 81715 10.16

Útsalan stendur aðeins yfir í nokkra daga.

Penninn Húsgögn

Skeifunni 10, Reykjavík
Opið virka daga kl. 8-18 og laugardaga kl. 11-16

Sími 540 2330
husgogn@penninn.is
www.penninn.is

# Túristar á þjóðvegunum vekja ótta með heimafólki á Vatnsnesi

**SAMGÖNGUR** „Ég fann fyrst fyrir bílhræðslu á ævinni þegar ég fór um Vatnsnes,“ segir Guðný Hrund Karlsdóttir, sem verið hefur sveitarstjóri í Húnaþingi vestra frá vorinu 2016.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu eru íbúar Húnaþings afar ósáttir við ástand vegarins um Vatnsnes.

Byggðaráð sveitarfélagsins bókaði í gær enn eina athugasemdina vegna þessa. Lýst er sérstökum áhyggjum vegna sprengingar í umferð ferðamanna þótt sú þróun sé sögð að mörgu leyti jákvæð og störfum við ferðaþjónustu á svæðinu hafi fjölgað mikið.

Fjöldi þeirra sem heimsóttu upplýsingamiðstöðina á Hvammstanga hefur áttfaldast á aðeins fimm árum, þeir voru fimm þúsund á árinu 2011 en eru orðnir 38 þúsund það sem af er þessu ári.

> Iðulega yfir sumartímann parkera ferðamenn á veginum og í kantinum til að sofa. Þeir eru ofan í giljum, á blindhæðum – bara alls staðar.
>
> Þorbjörg Ásbjarnardóttir á Þorgrímsstöðum



„Nú er staðan orðin þannig að víða er vegakerfið komið að ystu þolmörkum, sérstaklega Vatnsnesvegur, sem er mjög vinsæl ferðamannaleið. Vegurinn er langur, erfiður og víða úr sér genginn,“ segir byggðaráðið í bókun sinni um málið.

Þorbjörg Ásbjarnardóttir, sem býr á Þorgrímsstöðum á Vatnsnesi, segir íbúana hafa þungar áhyggjur af umferð ferðamanna sem sé stýrt út á Vatnsnes að skoða Hvítserk og seli. Þeir kunni fæstir að aka á malarvegum.

„Annaðhvort keyra þeir á þrjátíu og hleypa ekki fram úr eða maður mætir þeim á 100 kílómetra hraða. Við höfum bara miklar áhyggjur af öryggi og velferð barnanna okkar sem þurfa að keyra þarna um veginn í skólabíl,“ segir Þorbjörg Ásbjarnardóttir á Þorgrímsstöðum **- gar**



Danskir sjómenn segja ekki hægt að lifa af helmingi núverandi tekna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Þorskkvótinn helmingaður

**DANMÖRK** Aðildarríki Evrópusambandsins við Eystrasalt hafa ákveðið að minnka þorskkvótann í vesturhluta Eystrasalts um 56 prósent. Evrópusambandið hefur samþykkt samkomulagið sem tekur gildi frá og með næstu áramótum. Danskir sjómenn segja ekki hægt að lifa af helmingi núverandi tekna.

Umhverfis- og matvælaráðherra Danmerkur, Esben Lunde Larsen, er ekki beinlínis hrifinn af samkomulaginu en kallar það hálfan sigur í viðtali við danska ríkisútvarpið. Upprunalega tillagan hafi verið að minnka þorskkvótann um 88 prósent og Svíar og Pólverjar hafi verið fylgjandi tillögu fiskifræðinganna. **– ibs**

## N4 neitað um styrk frá hreppi

**SAMFÉLAG** Sveitarstjórn Grímsness- og Grafningshrepps hafnaði beiðni sjónvarpsstöðvarinnar N4 um styrk á sveitarstjórnarfundi í síðustu viku. Sjónvarpsstöðin óskaði eftir styrk upp á 250 þúsund krónur til að framleiða 12 þátta seríu „Að sunnan“. María Björk Ingvadóttir, framkvæmda- og framleiðslustjóri N4, sendi sveitarstjórninni bréf þar sem verkefnið var kynnt en hafði ekki erindi sem erfiði og hafnaði sveitarstjórnin beiðninni. N4 var stofnað árið 2000 og er eini fjölmiðillinn sem er með höfuðstöðvar sínar og ritstjórn utan höfuðborgarsvæðisins. **– bbh**

# Kumlið í Ásum telst ríkulegt

**Einn af þeim gripum sem fundust í kumli fornmannsins í Skaftártungu gæti verið örvaroddur. Slíkur fundur er sjaldgæfur hér. Margt bendir til að ekki sé um stakt kuml að ræða heldur svokallaðan kumlateig.**

**FORNLEIFAR** Sérfræðingar Fornleifastofnunar Íslands vinna með þá kenningu að einn þeirra gripa sem fannst í landi Ytri-Ása í Skaftártungu sé örvaroddur. Sé sú raunin er fornleifafundurinn enn sérstakari en áður var talið þar sem örvaroddar hafa tiltölulega sjaldan fundist í kumlum á Íslandi.

Eins og komið hefur fram fundu gæsaskyttur upphaflega heillegt sverð á bökkum Eldvatns sem mun vera frá 10. öld, en um mánuði síðar fann annar hópur gæsaveiðimanna mannabein og nokkra smáhluti aðeins í nokkurra tuga metra fjarlægð frá fundarstað sverðsins. Staðfest hefur verið að tveir þessara muna eru spjótsoddur og hnífur, en sá þriðji er hugsanlega örvaroddur sem verður sannað, eða afsannað, með frekari rannsóknum á næstu dögum.

Guðrún Alda Gísladóttir, fornleifafræðingur hjá Fornleifastofnun, hefur, ásamt kollega sínum, Mjöll Snæsdóttur, annast greiningu á gripunum sem fundust fyrir Minjastofnun. „Gripurinn er mjög illa farinn, og líkt og með spjótsoddinn hefur hann verið afmyndaður eins og tíðkaðist með gripi sem voru lagðir með þeim sem féllu frá á þessum tíma – ekki síst vopn. Þetta gæti verið örvaroddur en kannski eitthvað allt annað,“ segir Guðrún Alda.

Sé um örvarodd að ræða er ljóst að kumlið er ríkulegt á íslenskan mælikvarða. Telja má líklegt að aðeins hluti gripanna sem upphaflega voru lagðir þar hafi fundist enda kumlið illa farið. Hnífurinn sem fannst er stór og mikill, segir Guðrún Alda og gæti verið vopn frekar en vinnutæki. Spjótsoddurinn er jafnframt sérstakur, en aðeins hafa fundist um 80 spjót hér á landi frá söguöld til þessa. Örvaroddarnir eru enn færri eða 15 eftir því sem næst verður komist, og þar af voru sex í sama kumlinu. Hafa ber í huga að bogi og örvar voru fyrst og síðast veiðitæki og ekki mikil þörf fyrir slík veiðitæki hérlendis.



Mjaðmabein fornmannsins marandi í hálfu kafi sem sýnir að lítið er í raun eftir af kumlinu. MYND/UGGI

> Eina sem hægt er að gera er að rannsaka svæðið og athuga hvort kumlin séu jafnvel fleiri, en reynslan sýnir að þar sem kuml finnst eru þau oft fleiri sem þar leynast í næsta nágrenni
>
> Uggi Ævarsson, minjavörður Suðurlands



**160** fundarstaðir kumla, eða rétt rúmlega, eru þekktir á Íslandi og um 330 kuml

Uggi Ævarsson, minjavörður Suðurlands, segir að varðandi fornleifafundinn megi segja að unnið sé með tvær sviðsmyndir. Annars vegar að sverðið sé úr sama kumli og beinin, ásamt þeim gripum sem fundust þar, og hins vegar að um tvö kuml sé að ræða. Erfitt sé hins vegar að kveða upp úr með það vegna þess hversu illa vatnagangurinn í Eldvatninu hefur leikið svæðið allt.

„Það eina sem hægt er að gera er að rannsaka svæðið og athuga hvort kumlin séu jafnvel fleiri, en reynslan sýnir að þar sem kuml finnst eru þau oft fleiri sem þar leynast í næsta nágrenni,“ segir Uggi, en þekkt er að um þriðjungur þeirra kumla sem hér hafa fundist eru í svokölluðum kumlateigum þar sem eru fleiri en eitt kuml á sama stað. „Það má líka segja að það megi undrum sæta hversu fá kuml hafa fundist hérlendis,“ segir Uggi en oftast er ástæða þess að kuml finnst að á staðnum hafi jörð blásið upp eða landbrot sé af öðrum ástæðum, en eins vegna framkvæmda. **svavar@frettabladid.is**






# Berbanum gert að yfirgefa gistiskýlið

**FLÓTTAMENN** Hælisleitandanum sem sendur var til baka frá Noregi í síðustu viku var hent út úr gistiskýli á vegum Útlendingastofnunar við Bæjarhraun í Hafnarfirði á laugardag. Þetta staðfestir Þórhildur Ósk Hagalín, upplýsingafulltrúi Útlendingastofnunar. Ástæðu brottrekstrarins má rekja til þess að maðurinn, sem er Berbi frá Norður-Afríku, á að hafa brotið húsreglur gistiskýlisins.

Berbanum er gefið að sök að hafa neytt áfengis innan dyra í gistiskýlinu en það er brot á húsreglum. Þegar Fréttablaðið náði tali af Berbanum í gær var hann á bráðamóttöku geðdeildar Landspítalans. „Ég er kominn aftur á spítalann, ég skráði mig inn á föstudag vegna þess að mig langaði að yfirgefa þennan heim. Ég dvaldi þar eina nótt og fór svo aftur í gistiskýlið. Þegar ég kom í gistiskýlið var mér hent út og sagt að ef ég sneri aftur yrði hringt á lögregluna. Ég er búinn að vera að skera mig og ég þarf hjálp og er þess vegna kominn aftur á spítalann.“




Gistiskýlið við Bæjarhraun í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Ég er búinn að vera að skera mig og ég þarf hjálp og er þess vegna kominn aftur á spítalann.
>
> Hælisleitandi frá Norður-Afríku

Síðustu nætur hefur Berbinn dvalið á götunni. „Mér líður eins og ég sé rusl í augum þessa fólks,“ segir Berbinn. Hann hefur engar upplýsingar fengið frá Útlendingastofnun um hvort hann verði sendur úr landi. **– þh**

TOYOTA
ALWAYS A BETTER WAY

# ÁNÆGJA Í AKSTRI ER ÓMÆLD GLEÐI*

***Nema maður mæli hana í eknum kílómetrum.**

ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 81706 10/16




## AURIS HYBRID

Finndu gleðina í hljóðlátum og liprum akstri, hvort heldur með bensín- eða dísilvél eða í Hybrid-útfærslu. Auris er með ríkulegum staðalútbúnaði og glæsilegur að innan sem utan.

**Láttu hjartað ráða för.**

**Auris - verð frá: 3.320.000 kr.**
**Auris Hybrid - verð frá: 3.690.000 kr.**

Fáðu að vita meira á toyota.is/auris

TOYOTA HYBRID

Kynntu þér **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág innborgun**

**Tryggt framtíðarvirði**

**Fastar mánaðargreiðslur**

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM

5 ÁRA ÁBYRGÐ

| **Toyota Kauptúni** | **Toyota Akureyri** | **Toyota Reykjanesbæ** | **Toyota Selfossi** |
|---|---|---|---|
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Garðabæ | Akureyri | Reykjanesbæ | Selfossi |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 |

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

## Bakkaframkvæmdirnar í hnotskurn

**2008**

**16. janúar 2008** Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 staðfest af umhverfisráðherra.

**Mars 2008** Skipulagstillaga Landsnets að matsáætlun vegna línulagnar að Bakka berst Skipulagsstofnun.

**29. maí 2008** Skipulagsstofnun samþykkir áætlun Landsnets.

**31. júlí 2008** Umhverfisráðherra úrskurðar að fara skuli fram sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum vegna álvers á Bakka, Þeistareykjavirkjunar, stækkunar Kröfluvirkjunar og háspennulínu frá Kröflu og Þeistareykjum til Húsavíkur.



**2010**

**24. nóvember 2010** Lá fyrir lögbundið álit Skipulagsstofnunar á mati á umhverfisáhrifum hverrar framkvæmdar fyrir sig.

**2013**



**21. febrúar 2013** Aðalskipulag Skútustaðahrepps samþykkt þar sem línulagnir eru skipulagðar.

**2016**

**18. apríl 2016** Skipulagsnefnd Skútustaðahrepps samþykkir framkvæmdaleyfi en hefði viljað sjá línuna lagða að einhverju leyti í jörð.

**20. apríl 2016** Sveitarstjórn Skútustaðahrepps staðfestir bókun skipulagsnefndar og hefði viljað sjá línuna lagða í jörð þar sem um óraskað land sé að ræða.

**17. maí 2016** Fjöregg og Landvernd kæra framkvæmdaleyfi Skútustaðahrepps.

**25. maí 2016** Skútustaðahreppur sendir úrskurðarnefnd gögn um samþykkt framkvæmdaleyfisins.

**30. júní 2016** Framkvæmdir stöðvaðar á meðan málið er til meðferðar.

**21. september 2016** Frumvarp lagt fram af iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem heimilar lagningu raflína að Bakka og tekur úr sambandi náttúruverndarlög.

**10. október 2016** Úrskurðarnefnd kveður upp þann úrskurð að framkvæmdaleyfi fyrir lagningu Kröflulínu 4 sé fellt úr gildi.

# Rembihnútur á raflínurnar að Bakka

**Línulagnir frá virkjunum í Kröflu og á Þeistareykjum til atvinnusvæðisins á Bakka við Húsavík eru í hnút eftir úrskurð úrskurðarnefndar um umhverfismál. Lítill tími er til stefnu ef framkvæmdir eiga að hefjast í vetur. Krafa um að málið verði klárað fyrir þinglok.**



Sveinn Arnarsson
sveinn@frettabladid.is

**STÓRIÐJA** Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar þingsins, segir það ekki koma til greina að þingið fari heim án þess að tryggt sé að línulagnir til Bakka við Húsavík verði tryggðar. Hann skammar minnihluta atvinnuveganefndar fyrir að þvæla málið að óþörfu. Undirbúningi Skútustaðahrepps og málsmeðferð hreppsins við að gefa Landsneti framkvæmdaleyfi fyrir lagningu Kröflulínu 4 var svo ábótavant að það leiddi til ógildingar að mati úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Ekki var farið eftir ákvæðum skipulagslaga og náttúruverndarlaga auk þess sem sveitarstjórn fullnægði ekki rannsóknarskyldu sinni samkvæmt stjórnsýslulögum. Einnig gerði Landsnet ekki nægjanlegt mat á kostum þess að leggja línurnar í jörðu fyrr en mánuði eftir að framkvæmdaleyfið fékkst frá Skútustaðahreppi.



Yngvi Ragnar Kristjánsson, oddviti Skútustaðahrepps, segir hreppinn hafa fengið málið aftur í fangið. „Nú erum við að leggja niður allar þær línur sem lagðar eru í úrskurðinum. Nú liggur fyrir ósk um framkvæmdaleyfi og við þurfum að svara því eins fljótt og hægt er. Hins vegar munum við þurfa að taka okkur tíma og vinna þetta vel,“ segir Yngvi Ragnar.

Tvær mögulegar leiðir eru nú skoðaðar bæði hjá Skútustaðahreppi og í iðnaðarráðuneytinu samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Annars vegar að smíða nýtt lagafrumvarp þar sem löggjafinn veitir Landsneti framkvæmdaleyfi og aftengir þar með náttúruverndar- og skipulagslög. Hinn kosturinn í stöðunni er sá að Skútustaðahreppur taki til umfjöllunar þá vankanta sem úrskurðarnefndin fann að leyfisveitingunni og veiti Landsneti nýtt framkvæmdaleyfi. Hins vegar opnar sú leið aftur á kæruferlið.

Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets, segir það ekki hans að hafa skoðun á úrskurði nefndarinnar. Staðan sé hins vegar snúin og úr henni þurfi að leysa sem allra fyrst. „Landsnet vinnur nú að því að fá framkvæmdaleyfi fyrir Kröflulínu 4 svo hægt sé að halda áfram framkvæmdum. Eins og staðan er núna er óvissa um framhaldið og þeirri óvissu þarf að eyða,“ segir Guðmundur Ingi. „Á þessu stigi málsins getum við ekki sagt fyrir hvert tjónið er af þessum töfum. Hins vegar munum við þurfa í venjulegu árferði að hætta störfum í desember vegna veðurs og byrja aftur í maí.“

**» Landsnet hafði áætlað að vera búið að leggja línur til Bakka næsta haust. Nú er óvíst hvort það takist.**

Guðmundur segir þó bót í máli að umhverfismat Landsnets hafi fengið gæðastimpil úrskurðarnefndarinnar. „Aðalatriðið er að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála felldi ekki mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna úr gildi en slík niðurstaða hefði valdið enn frekari töfum vegna endurskoðunar þess,“ segir Guðmundur. „Við áætluðum að útvega rafmagn á Bakka við Húsavík haustið 2017. Eins og staðan er núna er óvíst hvort við náum því.“

Kröflulína 4 tengir Kröfluvirkjun við Þeistareykjavirkjun. Síðan mun önnur háspennulína tengja Þeistareykjavirkjun við framkvæmdasvæðið á Bakka við Húsavík. Sú lína kallast Þeistareykjalína 1 og er einnig til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni vegna kæru sömu aðila.

**sveinn@frettabladid.is**

### Línur frá Kröflu að Bakka






### Þingið ekki heim fyrr en málið leysist

„Það kemur ekki til greina annað en að klára þetta mál áður en þingið fer heim. Þingið mun ekki fara heim með þetta mál hangandi. Hér eru svo ríkir almannahagsmunir uppi að það yrði glapræði,“ segir Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar, sem vandar minnihlutanum í nefndinni ekki kveðjurnar. Sakar hann minnihlutann um að hafa þvælt málið fram og til baka í meðförum nefndarinnar með tilheyrandi tjóni fyrir bæði sveitarfélögin á svæðinu, ríkið og íbúa Þingeyjarsveitar. „Þær tafir sem hafa orðið á vettvangi þingnefndarinnar í málsmeðferð eru slæmar og hafa alvarlegar afleiðingar. Það má segja, eftir á að hyggja, að augljóst var að ákveðnir þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa lagt sig fram við að tefja málið. Við hefðum getað verið búin að lenda þessu máli fyrir löngu. Það má segja að þetta hafi allt að því verið málþóf og það er á þeirra ábyrgð að ekki er búið að klára málið.“



### Vísar ummælum formannsins á bug

„Ég vísa þessu alfarið á bug að við höfum verið að tefja málið. Eðlilega höfum við verið að kalla eftir upplýsingum sem snúa að lagalegri hlið málsins,“ segir Lilja Rafney Magnúsdóttir, þingmaður VG í atvinnuveganefnd, og bendir á að löggjöf sem þessa þurfi að skoða í samhengi við stjórnskipan landsins, Árósasamninginn og aðra viðlíka samninga sem stjórnvöld hafa samþykkt. „Ég skil vel óþreyju heimamanna en við verðum að draga andann og skoða hvað hægt er að gera í stöðunni við þessar aðstæður. Við þurftum að kalla inn til nefndarinnar fræðinga á sviði umhverfisréttar og stjórnskipunarfræðinga til að átta okkur á hvað sé hægt að gera í stöðunni. Þetta er risastórt mál þar sem löggjafinn ætlar að setja lög á eðlilega aðkomu almennings að kæruferli sem búið er að verja með alþjóðaskuldbindingum og samningum.“

# Sprúttsala í sendiráðinu

**SVÍÞJÓÐ** Embættismenn við finnska sendiráðið í Stokkhólmi eru grunaðir um að hafa í miklum mæli selt tóbak og áfengi sem þeir hafa sjálfir keypt með afslætti hjá áfengisverslun sænska ríkisins, Systembolaget. Starfsmenn sem njóta slíkra fríðinda eiga eingöngu að nota áfengið til eigin nota. Stranglega bannað er að selja vínið.

Fyrrverandi sendiherra Finnlands í Svíþjóð kveðst í samtali við fjölmiðla þar í landi hafa stöðvað söluna, sem hann sagði hafa verið skipulagða, um áramótin 2014 og 2015 og minnkuðu þá áfengis- og tóbakskaup sendiráðsins. Sendiherrann, Jarmo Viinanen, var kallaður heim á teppið í september í kjölfar ásakana um kynferðislega áreitni gegn kvenkyns gestum í sendiráðinu. Finnska utanríkisráðuneytið rannsakar ásakanirnar á hendur honum. – ibs

# Langflestir launagreiðendur með færri en fimm starfsmenn á launaskránni

**ATVINNA** „Vinnumarkaðurinn er að breytast með þeim hætti að það eru fleiri sem taka af skarið og stofna fyrirtæki. Við sáum mikinn uppgang í þessu í kjölfars hrunsins en þá þurfti margt fólk að leita sér nýrra tækifæra,“ segir Árelía Eydís Guðmundsdóttir, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

Yfir 70 prósent launagreiðenda reka fyrirtæki með færri en fimm launþega, en þetta kemur fram í nýrri samantekt Hagstofu Íslands sem birt var í gær. Hjá þessum 11.831 fyrirtækjum starfar að meðaltali rúmlega einn og hálfur starfsmaður.

Árelía segir þessa þróun vera í takt við það sem er að gerast á heimsvísu og þá sérstaklega að Bretlandi og í Bandaríkjunum.

„Þessi þróun er einnig í samræmi við fjölgun starfa í ferðamannaiðnaðinum þar sem fólk er að stofna litlar ferðaskrifstofur eða önnur lítil þjónustufyrirtæki,“ segir Árelía, en í gögnunum má sjá umtalsverðar breytingar á milli ára varðandi fjölda launþega. Í byggingariðnaði og mannvirkjagerð og í ferðaþjónustu hefur launþegum fjölgað um sextán prósent á árinu en fjöldi starfa í sjávarútvegi, fræðslustarfsemi og í opinberri stjórnsýslu hefur dregist saman. Langstærstur hluti launþega, eða um 56 prósent þeirra, starfa hjá aðeins 309 launagreiðendum. Samtals eru launagreiðendur í dag rúmlega 16 þúsund talsins en 83 prósent þeirra hafa færri en tíu manns í vinnu.

Í tölum Hagstofunnar eru ekki upplýsingar um einyrkja sem eru með rekstur á eigin kennitölu og greiða sjálfum sér laun en slíkt rekstrarform er algengt í byggingariðnaði, landbúnaði, hugverkaiðnaði og í skapandi greinum svo dæmi séu tekin. – þh

**Þessi þróun er einnig í samræmi við fjölgun starfa í ferðamannaiðnaðinum þar sem fólk er að stofna litlar ferðaskrifstofur eða önnur lítil þjónustufyrirtæki.**



Árelía Eydís Guðmundsdóttir, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands

# Milljónir settar í vörð vegna Pokémonspilara

**DANMÖRK** Garðurinn við Konunglega bókasafnið í hjarta Kaupmannahafnar hefur líkst járnbrautarstöð frá því að íbúar borgarinnar hófu að leika Pokémon Go-leikinn fyrr á þessu ári. Í garðinum er aðgangur að sex svonefndum PokéStops og segja starfsmenn bókasafnsins að þeir séu reglulega í hættu þegar þeir mæta tugum ungmenna sem koma öskrandi fyrir horn.

Yfirvöld ætla ekki að takmarka aðgengi ungmennanna að garðinum, heldur hafa þau sett upp salerni þar og fjölgað sorpílátum. Jafnframt hefur verið ráðinn vörður til að hafa eftirlit með svæðinu. Kostnaðurinn er 3-4 þúsund danskar krónur á dag eða 51 til 68 þúsund íslenskar krónur. Það er um 20 milljónir íslenskra króna á ári. – ibs

# HINN EINI SANNI SLÁTURMARKAÐUR

## Í HAGKAUP KRINGLUNNI

**AFGREITT ÞRIÐJUDAGA - LAUGARDAGA FRÁ KL. 14-18**

ÓFROSIÐ OG FERSKT DAGLEGA!



| | |
|---|---|
| Heilslátur 5 ferskt | 5.699 kr/pk |
| Heilslátur 3 ferskt | 3.799 kr/pk |
| Heilslátur 5 ferskt án blóðs | 5.599 kr/pk |
| Heilslátur 3 án blóðs | 3.599 kr/pk |
| Þindar | 399 kr/kg |
| Eistu | 599 kr/kg |
| Blóð 1 L | 199 kr/pk |
| Mör | 169 kr/kg |
| Sviðahausar hreinsaðir | 599 kr/kg |
| Vambir 3 stk | 1.199 kr/pk |

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Engar aðgerðir fyrirhugaðar gegn fjölgun kanína í borginni

**UMHVERFISMÁL** „Því er fljótsvarað. Það hefur ekki verið neitt slíkt,“ segir Guðmundur Þorbjörn Björnsson, rekstrarstjóri meindýravarna hjá Reykjavíkurborg, spurður um það hvaða aðgerða hafi verið gripið til í því skyni að fækka kanínum í höfuðborginni.

Í Fréttablaðinu í gær var greint frá slysi sem Hlöðver Bernharður Jökulsson sjúkraþjálfari lenti í þegar hann hjólaði á kanínu í Elliðaárdalnum. Hlöðver datt af hjólinu með þeim afleiðingum að fimm rifbein brotnuðu, lunga féll saman og annað herðablaðið fór í tvennt. Hlöðver kallar eftir aðgerðum borgarinnar til að fækka kanínunum.

Guðmundur Þorbjörn segir að eina fækkunin sem eigi sér stað sé þegar ökumenn keyri á kanínurnar við Stekkjarbakka. „Það er þó nokkuð um það.“

Guðmundur Þorbjörn segir kanínur vera friðaðar en Reykjavíkurborg hafi fengið undanþágu til að taka á málum ef borgarbúar kvarta. „Það hefur komið fyrir að þær hafa verið í görðum hjá fólki og svona og þá höfum við tekið á stöku dýrum.“

> Það hefur komið fyrir að þær hafa verið í görðum hjá fólki og svona og þá höfum við tekið á stöku dýrum.



Guðmundur Þorbjörn Björnsson, rekstrarstjóri meindýravarna hjá Reykjavíkurborg



**Fjöldi kanína er í Elliðaárdalnum og eru skiptar skoðanir um það hvort fækka eigi þeim.** FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON

Guðmundur Þorbjörn segist vita til þess að það hafi komið til tals að grípa til aðgerða varðandi kanínurnar. Það hafi vakið hörð viðbrögð þegar þær hugmyndir voru reifaðar í fjölmiðlum.

„Ég veit ekki hvort borgaryfirvöld leggja í það,“ segir hann. Hann segist sjálfur ekki fara í Elliðaárdalinn til þess að lóga kanínum. „Alveg sama hversu margir myndu kvarta. Ef farið verður í aðgerðir þar þá verður það bara að vera ákveðið á háum stöðum,“ segir Guðmundur. **– jhh**





**Neytendastofa segir að símsölumenn hafi ekki látið vita af þriggja mánaða bindingu sem fylgdi tilboðinu.**

## Brutu lög við sölu á DV

**NEYTENDUR** DV braut ákvæði laga um neytendasamninga og ákvæði laga um húsgöngu og fjarsölusamninga með því að veita neytendum ekki nægar upplýsingar í og eftir sölusímtöl þegar DV var boðið í áskrift. Þetta er niðurstaða Neytendastofu sem úrskurðaði um málið eftir að stofnuninni bárust ábendingar og kvartanir vegna símasölu DV á blaðaáskriftum.

Neytendur kvörtuðu yfir því að þeim hafi verið boðin frí áskrift að DV en ekki hafi komið fram nauðsynlegar upplýsingar um að þeir færu sjálfkrafa í þriggja mánaða áskrift að frítímabili loknu. Þá hafi neytendum reynst erfitt að segja samningi upp.

Neytendastofa sendi DV fyrirspurnir vegna málsins. Bent var á að fyrirtæki í símasölu verða í samtalinu að veita fullnægjandi upplýsingar um tilboðið, meðal annars varðandi uppsagnarfrest og binditíma, auk þess að senda þær skriflega að sölu lokinni. **- jhh**

## Björgun fer af Sævarhöfða

**REYKJAVÍK** Skrifað var undir samninga í dag milli Faxaflóahafna og Björgunar um að Björgun fari af lóðinni Sævarhöfða 33. Að auki er samið um að Björgun vinni að 25 þúsund fermetra landfyllingu sem er fyrsti áfangi í stækkun Bryggjuhverfisins.

Faxaflóahafnir munu kaupa þrjár húseignir Björgunar á svæðinu og laust malarefni á lóðinni sem notað verður við landfyllinguna.

Í tilkynningu frá Reykjavíkurborg segir að samningar við Björgun hafi það í för með sér að starfsemi fyrirtækisins færist annað, landrými eykst fyrir íbúðabyggð á svæðinu og unnt verður að hefja vinnu við deiliskipulag þess. **- jhh**

# Trump fagnar því að vera laus við þungavigtarmennina

**Ríkisstjórinn Chris Christie vill ekki lengur koma Trump til varnar, ekki frekar en ýmsir aðrir þungavigtarmenn úr Repúblikanaflokknum sem hafa haldið sig til hlés eftir að upptöku sem sýndi Trump viðhafa óviðeigandi ummæli um konur var lekið til fjölmiðla. Trump segist ekki þurfa stuðning áhrifamanna.**





**BANDARÍKIN** Nú hefur Chris Christie, ríkisstjóri í New Jersey, bæst í hóp þeirra þungavigtarrepúblikana sem Donald Trump hefur gengið fram af.

Christie sagði í gær að ummæli Trumps á myndbandinu, sem lekið var í fjölmiðla fyrir helgina, hafi verið algerlega óverjanleg: „Ég mun ekki verja þau og hef ekki varið þau.“ Trump stærði sig þar af því að geta áreitt konur að vild.

Christie atti um tíma kappi við Trump um að verða forsetaefni Repúblikanaflokksins, en lýsti síðan yfir stuðningi við hann. Hann vill raunar ekki ganga svo langt að segjast ekki lengur styðja Trump til forseta, en segir að Trump hafi ekki beðist afsökunar með nægilega afgerandi hætti.

Þetta kemur í beinu framhaldi af yfirlýsingu Pauls Ryan, forseta fulltrúadeildar Bandaríkjaþings, sem á mánudaginn lýsti því yfir að hann treysti sér ekki lengur til að hvetja flokksmenn til að styðja framboð Trumps.





**Donald Trump og Chris Christie í apríl 2016. Þá var ríkisstjórinn einn einarðasti stuðningsmaður Trumps.** NORDICPHOTOS/AFP

Úr því sem komið er hafi hann meiri áhyggjur af gengi flokksins í þingkosningum. Þingmenn flokksins eigi nú að hugsa frekar um sjálfa sig hver í sínu kjördæmi.



„Þingforsetinn ætlar að einbeita sér að því næsta mánuðinn að verja þingmeirihluta okkar,“ sagði AshLee Strong, talskona hans, í yfirlýsingu sem fréttastöðin CNN skýrði frá. „Hann mun verja allri orku sinni í að tryggja að Hillary Clinton fái ekki óútfylltan tékka með Demókrata í meirihluta á þinginu.“

> Það er svo gott að hlekkirnir hafa verið teknir af mér og nú get ég barist fyrir Bandaríkin með þeim aðferðum sem ég vil.
>
> Donald Trump

Forsetakosningarnar eru þar með í raun orðnar að aukaatriði fyrir flokkinn.

Fleiri þungavigtarmenn í flokknum hafa nýlega lýst yfir andstöðu við Trump eða í það minnsta neitað að styðja hann. Þar á meðal eru John McCain, Condoleezza Rice og John Kasich.

Harðir stuðningsmenn Trumps hafa margir hverjir tekið þessu illa og segja nauðsynlegt að flokkurinn gangi sameinaður til forsetakosninga. Enda geti gengi flokksins í forsetakosningum haft mikil áhrif á gengi hans í þingkosningum.

Margir áhrifamenn flokksins halda reyndar enn tryggð við Trump, eða hafa í það minnsta ekki gefið annað til kynna.

Meðal þeirra eru Rudy Giuliani, fyrrverandi borgarstjóri í New York, og öldungadeildarþingmaðurinn Marco Rubio, sem rétt eins og Christie keppti upphaflega við Trump um að verða forsetaefni flokksins.

Trump sjálfur virðist síðan ekki ætla að láta þetta neitt á sig fá, heldur ræðst af hörku gegn þeim áhrifamönnum innan flokksins sem hafa gagnrýnt hann.

> Hann mun verja allri orku sinni í að tryggja að Hillary Clinton fái ekki óútfylltan tékka með Demókrata í meirihluta á þinginu.

AshLee Strong, talskona Pauls Ryan, forseta fulltrúadeildarinnar



Til þess notar hann Twitter og fagnar því reyndar að vera nú laus úr hlekkjunum: „Það er svo gott að hlekkirnir hafa verið teknir af mér og nú get ég barist fyrir Bandaríkin með þeim aðferðum sem ég vil.“ Segir þar meðal annars að Paul Ryan sé veikburða og áhrifalítill leiðtogi. Hann segir einnig að Repúblikanaflokkurinn geti lært ýmislegt af Demókrötum um flokkshollustu: „Að undanskildu því að svíkja Bernie um útnefningu þá hafa Demókratar alltaf reynst miklu trygglyndari hver öðrum en Repúblikanar,” segir Trump.

**gudsteinn@frettabladid.is**

# Pútín vill ekki hitta Frakklandsforseta

**FRAKKLAND** Vladimír Pútín, forseti Rússlands, hefur afboðað heimsókn sína til Frakklands, þar sem til stóð að hann myndi eiga fund með François Hollande forseta um ástandið í borginni Aleppo í Sýrlandi. Forsagan er sú að á laugardaginn beittu Rússar neitunarvaldi sínu í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, þegar greidd voru atkvæði um ályktun um að stöðva ætti án tafar allar sprengjuárásir á Aleppo í Sýrlandi. Kínverjar, sem einnig hafa neitunarvald í ráðinu og hafa rétt eins og Rússar oft beitt því gegn hvers kyns íhlutunum í málefni annarra landa, beittu þessu valdi sínu ekki að þessu sinni heldur sátu hjá. Einungis Venesúela stóð með Rússum og greiddi atkvæði gegn ályktuninni.

Hollande tók þessu afar illa og hefur sagt að sennilega væri fundur með Pútín tilgangslaus sem stendur, en þeir áttu að hittast í París í næstu viku. Hollande hefur einnig sagt að vegna þátttöku sinnar í loftárásunum á Aleppo geti Rússar átt yfir höfði sér málaferli vegna stríðsglæpa. **– gb**



**François Hollande og Vladimír Pútín, þar sem þeir hittust í Moskvu í nóvember á síðasta ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

MEIRI SAMVERA / ÞÁTTTAKA Í ÍÞRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSSTARFI / AUKIN FORVÖRN



FORVARNARDAGURINN 12. OKTÓBER

# RATAR ÞÚ TIL BESSASTAÐA?

Ungt fólk fætt árin 1999–2002 getur tekið þátt í netratleik með því að svara nokkrum vel völdum spurningum sem tengjast aðildarfélögum Forvarnardagsins. Í verðlaun eru sex gjafabréf frá 66°Norður að verðmæti 50.000 kr. hvert, sem forseti Íslands afhendir sigurvegurum við athöfn á Bessastöðum.

Ratleikinn má nálgast á **www.forvarnardagur.is**

**Rannsóknir sýna að samvera er ein besta** forvörnin gegn vímuefnanotkun – ásamt þátttöku í íþrótta- og tómstundastarfi og því að fresta því að hefja neyslu áfengis sem lengst. Hvert ár skiptir þar máli.

*Forvarnardagurinn hefur verið haldinn frá árinu 2006 að frumkvæði Actavis og forseta Íslands, í samstarfi við Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskólann í Reykjavík og Rannsóknir og greiningu. Actavis hefur verið bakhjarl Forvarnardagsins frá upphafi.*

FORVARNARDAGURINN
TAKTU ÞÁTT!
HVERT ÁR SKIPTIR MÁLI

Actavis

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA / 16-2933



Verði framvindan áfram svona góð gæti verið hægt að slá í gegn eftir fjórtán vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

## Eiga eftir að grafa kílómetra

**SAMGÖNGUMÁL** Framkvæmdir við Vaðlaheiðargöng tóku kipp í síðustu viku og hefur ekki verið grafið svo langt í einni viku síðan verktakinn lenti í stóru heitavatnsæðinni í febrúar árið 2014. Grafnir voru rétt um 80 metrar. Eftir er að grafa einn kílómetra til viðbótar.

Verði framvindan áfram svona góð gæti því verið hægt að slá í gegn eftir fjórtán vikur. Lengd ganganna Eyjafjarðarmegin er nú 4,7 kílómetrar en um 1,5 kílómetrar Fnjóskadalsmegin.

Fréttablaðið sagði frá því á dögunum að Greið leið ehf., sem mun eiga framkvæmdina, þurfi á þriðja milljarð króna aukalega í lán frá ríkinu til þess að geta lokið framkvæmdum. Talið er að það taki um ár að opna göngin fyrir umferð eftir gegnumslátt. Við það sé hægt að áætla mun betur endanlegan kostnað við gangagerðina. – sa



Formenn og talsmenn Samfylkingar, Pírata, Vinstri grænna og Bjartrar framtíðar boðuðu til blaðamannafundar í Alþingishúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Vilja að stjórnin efni loforð fyrir kosningarnar

**ALÞINGI** Björt framtíð, Vinstri græn, Píratar og Samfylking lögðu í gær fram tillögur um breytingar á frumvarpi Eyglóar Harðardóttur, félags- og húsnæðismálaráðherra, um breytingar á almannatryggingum. Fulltrúar flokkanna segja að sú leið sem meirihlutinn hefur valið til að hækka greiðslur almannatrygginga tryggi ekki að greiðslurnar fylgi þróun lágmarkslauna og verði 300.000 krónur.

> **Ég held að ríkisstjórnin muni fella þetta eins og þau gera alltaf og hafa gert ítrekað á þessu kjörtímabili.**
>
> Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Pírata

Minnihlutinn leggur til að hækka ellilífeyri og lífeyri öryrkja um 13,4 prósent. Báðar leiðirnar myndu skila einbúum 280.000 krónum á mánuði en minnihlutinn segir skerðingu vegna tekna minni ef þeirra leið verði farin. Þá myndu öryrkjar og eldri borgarar í sambúð fá 241.300 krónur á mánuði með leið minnihlutans en 227.883 með leið ríkisstjórnarinnar.

Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Pírata, er ekki bjartsýn á að ríkisstjórnin samþykki tillögurnar en segir þær þó mikilvægar. – þea

## Fyrir og eftir kjörtímabilið 2013-2016




# Margt breyst á kjörtímabilinu

**Á líðandi kjörtímabili hefur Íslendingum fjölgað en fækkað hefur í Þjóðkirkjunni. Karlalandsliðið í fótbolta hefur styrkst mikið og Ísland er áfram friðsælasta ríki heims. Fréttablaðið rýnir í kjörtímabilið í tölum.**



Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Einungis átján dagar eru eftir af þessu kjörtímabili og verður nýtt Alþingi kosið þann 29. október næstkomandi. Óljóst er hvernig næsta ríkisstjórn landsins verður en ljóst er að margt hefur breyst á líðandi kjörtímabili og margt ekki. Fréttablaðið tók saman ýmsar tölur yfir breytingar í samfélaginu á kjörtímabilinu.

Ljóst er á fjölda flugfarþega í aprílmánuðum áranna 2013 og 2016 að ferðamönnum sem koma til Íslands hefur fjölgað gríðarlega. Nærri tvöfalt fleiri komu til landsins í apríl á þessu ári miðað við apríl 2013 þegar kosið var síðast til Alþingis.

Þá hefur árangur Íslendinga í knattspyrnu vakið heimsathygli. Kvennalandsliðið heldur áfram að raða sér á meðal fremstu þjóða heims en karlalandsliðið hefur tekið miklum framförum og meðal annars spilað á sínu fyrsta stórmóti og komist þar í átta liða úrslit.

Þrátt fyrir að Íslendingar séu fleiri hefur safnaðarbörnum Þjóðkirkjunnar ekki fjölgað í samræmi við það. Þeim hefur fækkað. Þvert á móti eru fleiri sem skráðir eru utan trú- og lífsskoðunarfélaga.

Traust til helstu stofnana hefur lítið breyst. Álíka margir bera traust til Alþingis nú og fyrir kjörtímabilið og sömu sögu er að segja af lögreglunni.

Þá hefur atvinnuleysi helmingast og gengi krónu styrkst.

Almennt virðast Íslendingar hamingjusamari nú en árið 2013. Í úttekt Sameinuðu þjóðanna mælist Ísland þriðja hamingjusamasta land heims í ár samanborið við níunda sæti fyrir þremur árum. Þættir sem teknir eru til greina í þeirri úttekt eru meðal annars verg landsframleiðsla, velferð, lífslíkur, einstaklingsfrelsi og traust til stjórnvalda. Umrætt traust mælist hins vegar lítið á meðal Íslendinga og þarf að leita niður í þrettánda sæti til að finna sambærilegar tölur.

# Ríkið vill lengri frest til að svara MDE um Al-Thani

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið hefur óskað eftir lengri fresti til þess að svara spurningum Mannréttindadómstóls Evrópu, MDE, í tengslum við Al-Thani málið. Fresturinn til að svara rann út í fyrradag. Fyrrverandi verjandi í málinu segir bón ríkisins broslega.

Í Al-Thani málinu voru Hreiðar Már Sigurðsson, Sigurður Einarsson, Magnús Guðmundsson og Ólafur Ólafsson sakfelldir fyrir markaðsmisnotkun og umboðssvik. Hreiðar Már hlaut 5 ½ árs dóm, Magnús og Ólafur ári minna og Sigurður fjögurra ára dóm.

Í júní síðastliðnum beindi MDE fjórum spurningum til ríkisins varðandi málsmeðferðina. Meðal annars var spurt um hæfi Árna Kolbeinssonar hæstaréttardómara til að dæma í málinu þar sem sonur hans starfaði sem forstöðumaður lögfræðisviðs slitastjórnar Kaupþings. Þá var einnig spurt út í símhleranir á símtölum milli verjenda og sakborninga, hvort brotið hafi verið á rétti þeirra með að hafna því að leiða fram ákveðin vitni og hvort þeir hefðu haft nægilegan tíma til undirbúnings og aðgang að gögnum.



Gestur Jónsson og Ragnar H. Hall sögðu sig frá málinu eftir að bón þeirra um frestun á aðalmeðferð var hafnað. Þeim var báðum gert að greiða milljón í réttarfarssekt af þeim sökum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Ríkið hefur haft þrjá mánuði til að svara þessum tiltölulega einföldu spurningum og það er broslegt að það óski eftir fresti til að svara þeim,“ segir Ragnar H. Hall hæstaréttarlögmaður. Hann var verjandi Ólafs Ólafssonar í upphafi en sagði sig frá málinu eftir að Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði bón hans um að aðalmeðferð yrði frestað um sex til átta vikur. Hið sama gerði Gestur Jónsson, verjandi Sigurðar Einarssonar. „Skömmu fyrir aðalmeðferðina lagði saksóknari fram gífurlegt magn af gögnum og við fórum fram á frestun sökum þess. Því var alfarið hafnað og var í raun kornið sem fyllti mælinn.“

> **Ríkið hefur haft þrjá mánuði til að svara þessum tiltölulega einföldu spurningum og það er broslegt að það óski eftir fresti til að svara þeim.**
>
> Ragnar Hall, hæstaréttarlögmaður og fyrrverandi verjandi í málinu

Auk fyrrgreindra spurninga fer MDE fram á svör við því hvort aðgangur sakborninga að gögnum máls hafi verið nægilegur og hvort brotið hafi verið á rétti þeirra þegar þeim var synjað um að leiða ákveðin vitni fyrir dóm. – jóe

# DEWALT Á HEIMA HJÁ SINDRA...

# HÖRKUTÓL Á TILBOÐI

Í TAKMARKAÐAN TÍMA

## HLEÐSLUBORVÉL 18V



Tvær 18v 2.0Ah rafhlöður
70 Nm hersla
Tveggja gíra
13 mm patróna
Kolalaus mótor

vnr 94DCD791D2

**35.756** m/vsk

Fullt verð 42.500 m/vsk

## HLEÐSLUBORVÉL 18 V



Tvær 18v 5.0Ah rafhlöður
70 Nm hersla
Tveggja gíra
13 mm patróna
kolalaus mótor

vnr 94DCD791P2

**49.700** m/vsk

Fullt verð 59.206 m/vsk

## 3JA LÍNULASER



DW088 3ja línu laser frá DeWALT er með þrjá geisla fyrir 90° uppstillingar.

vnr 94DW089K

**59.900** m/vsk

Fullt verð 82.157 m/vsk

## GEIRUNGSSÖG 216 MM



Klassísk hönnun á bútsög hefur verið uppfærð fyrir nútíma notendur, XPS skuggalína tryggir nákvæmni í hvert skipti með ljósi sem sýnir nákvæmann skugga af blaðinu í efni sem er sagað.

vnr 94DWS774

**51.900** m/vsk

Fullt verð 67.099 m/vsk

## 2JA LÍNULASER



Tveggja línulaserinn frá DeWalt er með pendúl sem stillir laserinn af með nákvæmni allt að + - 0,3 mm/m og réttir sig við 4°yfirborðshalla.

vnr 94DW088K

**29.900** m/vsk

Fullt verð 48.550 m/vsk

## SVERÐSÖG



Með einstakri hönnun, endurbættum gírbúnaði og öflugum 1100w mótor. Hægt er að setja sagarblaðið í sögina á fjóra vegu.

vnr 94DWE305PK

**25.900** m/vsk

Fullt verð 30.526 m/vsk

## BORÐ FYRIR GEIRUNGSSAGIR

Létt og þægilegt Borð fyrir allar gerðir geirungsaga. Fætur brjótast undir borð í fluttningi Borðið er 1,2m samanbrotið en 2,6m útbreitt Festingar fyrir geirungsög fylgir



vnr 94DE7033

**25.900** m/vsk

Fullt verð 39.934 m/vsk

## SLÍPIROKKUR 1400W

Afl: 1400 wött
Skífustærð: 125 mm
Snúningshraði: 11500 sn/mín



vnr 94DWE4237

**23.900** m/vsk

Fullt verð 28.601 m/vsk

Tilboð gilda til 14. október eða á meðan birgðir endast

# LENGDUR OPNUNARTÍMI ÚT VIKUNA TIL 19:00

www.sindri.is / sími 575 0000
Viðarhöfða 6 - Reykjavík / Skútuvogi 1 - Reykjavík / Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

SINDRI

TRAUSTI fasteignasala


Kristján Baldursson hdl. Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari 867-3040


Auðun Ólafsson Löggiltur fasteignasali S: 894-1976

STIGAHLÍÐ 30




Opið hús í dag miðvikudag kl. 17:30-18:00
Falleg Þriggja herbergja íbúð á annarri hæð í góðu fjölbýlishúsi. Mikið endurnýjuð. Suðursvalir. Íbúðin er skráð 84,8 fm þar af geymsla 7,3 fm. **Verð: 35,5 millj.**

Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík



FRÁBÆRT TÆKIFÆRI !!!



Til sölu fyrirtæki sem sérhæfir sig í leigu og sölu á brúðarkjólum og fatnaði fyrir brúðkaup, árshátíðir, fermingar og veislur. Hefur verið á sama stað frá árinu 1985.

Nánari upplýsingar veitir Ársæll í síma 896-6076 og á netfanginu as@alltfasteignir.is.






OPIÐ HÚS
miðvikudaginn 12.okt. kl.17:30-18:00


Jason Kristinn Ólafsson
aðstm. fasteignasala
sími: 775 1515
jassi@miklaborg.is


Gunnar S. Jónsson
löggiltur fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

4 íbúðir, stærðir frá 140 fm
Lyftuhús
Gólfhiti, bílskúr, útsýni,
íbúðir á 2 og 3ju hæð

Verð: 53,9 millj.

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -


## Skotið á mótmælendur



Tyrkneskir lögreglumenn gripu til þess ráðs að skjóta táragasi að hópi manna sem höfðu safnast saman til að minnast þess að ár er liðið frá því að yfir hundrað féllu í sprengjuárás í Ankara. Árásin átti sér stað fyrir utan lestarstöð og var beint gegn Kúrdum sem safnast höfðu saman til að krefjast sjálfstæðis. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Sjá merki um mansal samhliða auknu vændi

**Lögregla verður sífellt vör við að fleiri geri sig út í vændi. Grunur um mansalstilfelli eykst samhliða auknu framboði. Einstaklingar í vændi segja lögreglu að þeir séu sendir hingað til landsins en vilja ekki segja hverjir sendu þá.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglumaður segir margt benda til þess að framboð vændis á Íslandi sé að aukast allverulega. Það sést meðal annars á mikilli virkni á auglýsingasíðunni Backpage. Undanfarna viku hafa þrettán einstaklingar á Íslandi auglýst vændisþjónustu á vefsíðunni en lögregla fékk nýlega fregnir af því að þar hafi verið sett upp sérstök undirsíða fyrir Ísland.

Síðan er bandarísk og hefur lengi verið umdeild þar í landi þar sem vændisauglýsingar eru algengar á síðunni. Forstjóri Backpage, Carl Ferrer, var handtekinn í Bandaríkjunum í síðustu viku vegna gruns um mansal.

„Maður átti ekkert sérstaklega von á að við yrðum með undirsíðu en nú erum við komin með síðu þarna undir þar sem hafa verið umdeild þar í landi ... verið virkar auglýsingar og mikið af uppfærslum upp á síðkastið,“ segir Snorri Birgisson hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Snorri segir fjölgun ferðamanna sem sækja Ísland heim eiga þátt í auknu framboði vændis. Það sé þó ekki eini þátturinn heldur hafi það einnig áhrif að fleiri Íslendingar flytji heim frá útlöndum sem og að fleiri útlendingar setjist hér að. „Þetta helst í hendur við aukna fólksfjölgun á landinu almennt,“ segir Snorri.

> Eins og staðan er núna þá er framboð á vændi að aukast alveg verulega. Við erum að sjá fleiri tilfelli þar sem grunur um mansal er til staðar.
>
> Snorri Birgisson lögreglufulltrúi



Skýrt dæmi um aukninguna segir Snorri mega sjá á vefsíðu sambærilegri við Backpage. Þar hafi verið 34 virkar auglýsingar fyrir ári en nú séu þær rúmlega hundrað.

Snorri segir lögreglu hafa brugðist við auglýsingunum með því að ræða við þá einstaklinga sem auglýsi vændi. Upplýsi þá um íslenska löggjöf og að refsivert sé að kaupa vændi. Þá sé þeim einstaklingum boðin aðstoð lögreglu séu þeir fórnarlömb mansals. Þó hafi enginn þegið slíkt boð til þessa.

„Eins og staðan er núna þá er framboð á vændi að aukast alveg verulega,“ segir Snorri. Samhliða auknu framboði segir hann lögreglu verða vara við mun fleiri tilfelli þar sem grunur um mansal er til staðar. „Það helst í hendur við framboð á vændi.“

„Þetta eru í svo mörgum tilfellum einstaklingar sem vilja ekki segja okkur neitt. Við sjáum það oft þegar við ræðum við einstaklinga um ástæðu komu þeirra að þeir segjast hafa verið sendir hingað,“ segir Snorri og bætir því við að einstaklingarnir vilji ekki tjá sig um hverjir hafi sent þá. Þá vakni grunur um að ekki sé allt með felldu, viðkomandi bakki út úr samræðunum og gefi ekkert meira upp.

„Það er ákveðinn grunur í þessum málum um að þessir einstaklingar séu sendir hingað,“ segir Snorri.

Hann segir lögreglu ekki hafa getað brugðist við með því að loka á síðurnar.

Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, segist ekki hafa yfirsýn yfir það hvort fleiri sem gera sig út í vændi leiti til Stígamóta þar sem tölfræði verður ekki tekin saman fyrr en í janúar.

Hins vegar segir hún að Stígamót hafi almennt verri yfirsýn eftir að Kristínarhúsi, athvarfi fyrir vændiskonur sem komast vilja úr vændi, var lokað.

Þá segir hún að lögregla finni fyrir auknu framboði ef til vill til marks um að lögregla sinni málaflokknum betur.

thorgnyr@frettabladid.is




Peugeot 208 leysir þína orku úr læðingi: með nýtt grill og sportlega hönnun, ný 3D LED afturljós og nýja PureTech vél sem er með betri afköst og minni útblástur á $CO_2$.
Komdu í sýningarsal okkar og upplifðu nýjan Peugeot 208 með Peugeot i-COCKPIT akstursviðmóti.

## NÝR PEUGEOT 208

Verð frá 2.290.000 kr.

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Brimborg og Peugeot áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# NÚ ER TÆ

## NÝIR SÝNINGARBÍLAR Á FRÁBÆRU TILBOÐI Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST




## 260.000 KR. KAUPAUKI

**VETRARDEKK OG/EÐA AUKAHLUTIR AÐ EIGIN VALI AÐ ANDVIRÐI 260.000 KR. FYLGJA NÝJUM NISSAN PULSAR**

### NISSAN PULSAR

VERÐ FRÁ: 3.190.000 KR.




### DACIA DUSTER

**Komdu og fáðu upplýsingar hjá sölumönnum um TILBOÐSVERÐ á völdum nýjum DACIA DUSTER sýningar- og reynsluakstursbílum.**




### SUBARU LEVORG

**Komdu og fáðu upplýsingar hjá sölumönnum um TILBOÐSVERÐ á völdum nýjum SUBARU LEVORG sýningar- og reynsluakstursbílum.**




## VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

ENNEMM / SÍA / NM77716

# EKIFÆRIÐ!

T. EINNIG FYLGJA VEGLEGIR KAUPAUKAR VÖLDUM NÝJUM BÍLUM.



## 320.000 KR. KAUPAUKI

HEILSÁRSDEKK OG DRÁTTARBEISLI FYLGJA NÝJUM X-TRAIL

**NISSAN X-TRAIL**
VERÐ FRÁ: 5.090.000 KR.









## 280.000 KR. KAUPAUKI

**ISUZU D-MAX**
Heitklæðning á pall og dráttarbeisli.
Einnig er aukaafsláttur af sýningarbílum.

**RENAULT MEGANE**
Komdu og fáðu upplýsingar hjá sölumönnum um TILBOÐSVERÐ á völdum nýjum RENAULT MEGANE sýningar- og reynsluakstursbílum.

## ATVINNUBÍLAR

Við bjóðum nokkra nýja sýningarbíla á veglegu tilboði á meðan birgðir endast.







B|L

GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080 – BL söluumboð / Vestmannaeyjum / 481 1313 og 862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

# Loksins slaknar á höftunum



Hafliði Helgason
haflidi@frettabladid.is

Alþingi samþykkti í gær frumvarp um gjaldeyrisviðskipti sem kynnt voru fyrir nokkru. Ný lög eru mikilvægt skref á þeirri vegferð að landið verði aftur þátttakandi í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi.

Með lögunum eru heimildir Íslendinga til að dreifa áhættu sinni út fyrir íslenska hagkerfið rýmkaðar verulega. Seðlabankinn hefur þó enn mikil völd og getur fylgst náið með gjaldeyrisviðskiptum almennings og fyrirtækja.

Þegar gjaldeyrishöft voru sett á óttuðust margir að því lengur sem þau vörðu, því fleiri hefðu af því hagsmuni að þau væru um kyrrt. Sem betur fer virðist sú hætta að baki og almenn sátt um að landið eigi að haga málum sínum með þeim hætti að það sé fullur þátttakandi í heimsviðskiptum.

Ein af stoðum EES-samningsins er frjálst flæði fjármagns og enda þótt það kunni enn um sinn að vera draumórar að við uppfyllum öll skilyrði þess samnings þá eru ný gjaldeyrislög mikilvægt skref í þá átt.

Við losun hafta hefur mögulegur fjármagnsflótti verið mesta ógnin. Nú er staðan sú að Seðlabankinn situr á miklum gjaldeyrisforða og jöfnuður við umheiminn er með þeim hætti að margir gætu öfundað okkur af.

Hagvöxtur er mikill og hann hefur verið drifinn áfram af gjaldeyrisskapandi grein eins og ferðaþjónustunni. Allar hirslur eru að fyllast af gjaldeyri og staða á alþjóðamörkuðum er þannig að þó mönnum bjóðist að fara eru þeir tregir til.

Lífeyrissjóðir fengu heimild til að flytja þó nokkra fjármuni úr landi, en hafa farið sér hægt vegna óvissu og lágra vaxta í löndunum í kringum okkur. Til þessa hafa þeir ekki nýtt alla þá heimild sem þeim stóð til boða. Til lengri tíma ættu þeir þó að nýta tækifæri til að dreifa áhættu sinni.

Þetta er staða sem engan hefði órað fyrir, þó ekki sé litið lengra um öxl en til þriggja til fimm ára. Ef raunin af slökun haftanna nú verður sú að fé leiti lítið úr landinu er einboðið að stíga frekari skref og afnema höft að fullu. Að óbreyttu bendir flest til þess að krónan muni halda áfram að styrkjast næsta árið sem kann að reyna á samkeppnis- og útflutningsgreinar.

Ástandið nú minnir um margt á upphafsár útrásar íslenskra fyrirtækja. Hagsveifla hér var meiri en í nágrannalöndum og fjármunamyndun og aðgengi að lánsfé opnaði mikil tækifæri fyrir fjárfesta. Mikil skuldsetning fjárfestinga gaf vel af sér, en því miður hélst skuldsetning há sem leiddi til þess að stór hluti eiginfjár einkafjárfesta tapaðist.

Ekki er að efa að tækifæri munu opnast á ný og þá er mikilvægt að nýta lærdóm síðustu uppsveiflu. Hann er í stuttu máli sá að vera klæddur fyrir rysjótt veður og ganga hægt um gleðinnar dyr.

**Nú er staðan sú að Seðlabankinn situr á miklum gjaldeyrisforða og jöfnuður við umheiminn er með þeim hætti að margir gætu öfundað okkur af.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Hagsmunirnir**
**Segja má að hnýttur hafi verið rembihnútur á raflínur sem flytja eiga rafmagn frá Þeistareykjum og Kröflu að Bakka við Húsavík. Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar, segir svo mikla hagsmuni í húfi í viðtali við Fréttablaðið í dag, að þingið eigi að vera læst inni þar til málið leysist. En ef hagsmunirnir eru svona ríkir, hefði þá ekki verið nær að vanda betur til verka í upphafi? Eða sýnir málið að sameining sveitarfélaga er nauðsynleg svo styrkja megi faglega ferla innan sveitarfélaga til að koma í veg fyrir svona hnúta?**

**Rasískt eða þjóðernislegt?**
**Í kosningaspjalli Vísis, sem er ávallt í beinni útsendingu eftir hádegi á virkum dögum, sagðist Gunnlaugur Ingvarsson þreyttur á því að flokkurinn hans væri sakaður um rasisma í fjölmiðlum. Gunnlaugur er oddviti Íslensku þjóðfylkingarinnar og segir flokkinn alls ekki rasískan á nokkurn einasta hátt. Hins vegar bætti hann við að mikilvægt væri að gyrða sig í brók í innflytjendamál og ýta hælisleitendum aftur úr landi sem fyrst. Þá sagði hann að Þjóðfylkingin væri á móti íslamsvæðingu eins og hann kallaði það. Það var ágætt að fá þetta á hreint hjá Gunnlaugi. sveinn@frettabladid.is**

# Launalögga ASÍ



Guðríður Arnardóttir

Þann 19. september var skrifað undir samkomulag um breytingu á lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna. Það samkomulag átti að ramma inn frumvarp um breytingar á lögum lagt fyrir Alþingi á yfirstandandi þingi. Forystufólk opinberu stéttarfélaganna skrifaði undir samkomulagið í trausti þess að öll réttindi núverandi sjóðsfélaga væru tryggð og óbreytt.

Samræmt lífeyriskerfi er skynsamlegt og um það er ekki deilt, en dettur nokkrum í hug að það ágæta fólk sem hefur forystu í stéttarfélögunum hafi skrifað með bros á vör undir samkomulag sem rýrir réttindi umbjóðenda?

Góðu heilli var fyrirliggjandi frumvarp ekki afgreitt á Alþingi því það var ekki í anda samkomulagsins frá 19. september.

Svik, segir forseti ASÍ.

Ég virði baráttu ASÍ fyrir bættum kjörum sinna félagsmanna. ASÍ hefur átt frumkvæði að mörgum góðum málum til handa launþegum almennt. En á sama tíma bið ég forseta ASÍ að virða stöðu annarra stéttarfélaga og sýna þeirra baráttu sömu virðingu.

Hingað til hefur ASÍ litið umburðarlyndi haft fyrir því ef laun sumra stétta opinberra starfsmanna hækka meira en á almennum markaði. Þá er hótað öllu illu og „launalöggan“ sér til þess að okkar viðsemjendur hugsa sig um tvisvar áður en þeir rétta af kjör opinberra starfsmanna af ótta við að styggja forystu annarra launþega. Og er það þá virkilega þannig að forysta ASÍ berjist fyrir lægri launum opinberra starfsmanna? Og fyrir skertum lífeyrisréttindum þessa sama hóps?

Ég bið forseta ASÍ að hafa það í huga að opinberir starfsmenn hafa verið, og eru enn, lægra launasettir en kollegar þeirra á almennum markaði. Samræming lífeyrisréttinda á almennum og opinberum markaði má ekki fela í sér réttindaskerðingu þeirra sem hafa búið við lægri laun í þeirri vissu að betri lífeyrisréttindi séu í það minnsta verðmæti sem ekki verði frá þeim tekin. Það getur því aldrei nokkurn tímann skapast sátt um breytingar á lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna eigi það að fela í sér skerðingu á réttindum núverandi sjóðfélaga. Og rétt er auðvitað, áður en lengra er haldið, að leiðrétta laun opinberra starfsmanna. Þegar sú vegferð hefst verður það vonandi án þess að launalögga ASÍ hóti öllu illu.

**Ég bið forseta ASÍ að hafa það í huga að opinberir starfsmenn hafa verið, og eru enn, lægra launasettir en kollegar þeirra á almennum markaði.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Nú er að duga eða drepast



Ellert B. Schram
varaformaður FEB

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni ásamt Gráa hernum efndu til opins fundar í Háskólabíói fyrir skömmu. Málefni eldri borgara voru á dagskrá. Þar var fullt út úr dyrum, af fólki á þessu æviskeiði. Fulltrúar allra framboðsflokkanna voru mættir til svara. Er skemmst frá því að segja að nánast allir frambjóðendurnir studdu þá breytingu að framfærslubætur gagnvart þeim sem ekki hafa neinar aðrar tekjur, hækkuðu að minnsta kosti í þrjú hundruð þúsund krónur á mánuði frá almannatryggingum. Og skattur verði ekki lagður á þá lús. Þar til viðbótar voru jákvæðar undirtektir um þá stefnu að afnema meinlokuna í almannatryggingarkerfinu, fátæktargildruna, skerðinguna um krónu á móti krónu.

Þetta var meginniðurstaðan á þessum fjöldafundi. Það var augljóst að frambjóðendur flokkanna áttuðu sig á andrúmsloftinu og kröfunni sem fólkið í salnum gerði til stjórnvalda og stjórnmálaflokkanna. Meira að segja ríkisstjórnin tók við sér nú um helgina og kynnti breytingar í þessum málaflokki. Það var í sjálfu sér virðingarvert. Svo langt sem það nær. Lágmarksupphæð frá almannatryggingunum á að hækka í þrjú hundruð þúsund krónur, en þó ekki fyrr en 2018. Auk þess er lagt til að frítekjumarkið verði hækkað í 25 þús. kr. í stað krónu á móti krónu. Þetta þýðir að þegar eldri borgari vinnur sér inn 100 þús. kr. í launatekjur, fær hann útborgaðar 29 þús. Sem er ekkert annað en brandari og löðrungur framan í það fólk, sem býr við þetta regluverk. Eftirlaunin lækka um 33.750 kr. og skattur miðað við lægstu þrep verður kr. 37.130. Útspil ríkisstjórnarinnar er því miður sýnd veiði en ekki gefin. Fyrir Alþingi liggur frumvarp frá velferðarráðherra um ýmsar breytingar og lagfæringar er varða reglur og lög sem snúa að öldruðum, sem hefur bæði kosti og galla. Þar er hugsað til lengri framtíðar, um einföldun kerfisins, sveigjanlegan vinnutíma og eftir atvikum hærri greiðslur ef viðkomandi dregur að taka út sinn lífeyri. Samkvæmt nýjustu samþykkt ríkisstjórnarinnar á að flýta fyrir þessum breytingum, til að minnka útgjöld tryggingakerfisins sem þýðir sömuleiðis að færri krónur falla í vasa gamla fólksins.

**Langþreyttur meirihluti eldri borgara hefur gert það upp við sig að atkvæði og stuðningur þeirra fer til þeirra flokka, sem skilja og styðja þá réttlátu kröfu, að hagur verst settu öldunga þessa lands verði betrumbættur af myndugleik.**

### Meingallað hænufet

Ef frá er skilið það skref sem ríkisstjórnin boðar eftir rúmlega heilt ár varðandi hækkun lágmarksbóta, þá er þetta útspil stjórnarflokkanna meingallað hænufet. Það er ekki tekið á því stóra máli, meginmáli, að rétta hlut þeirra sem minnst eiga og minnst fá. Fjögur þúsund karla og kvenna, sem um þessar mundir eiga vart til hnífs eða skeiðar. Leiðrétting gagnvart því fólki er forsenda og lykilatriði í þeirri baráttu sem allt góðviljað fólk getur stutt og tekið undir. Það er einfaldlega forgangsmálið. Og það strax.

Hitt er svo óútkljáð og vanrækt að hækka frítekjumarkið og hækka persónuafsláttinn svo fólk haldi óskertum þeim tekjum sem eldri borgarar vinna sér inn, án þess að tryggingabæturnar séu skertar.

Skilaboðin til flokka og frambjóðenda eru skýr. Langþreyttur meirihluti eldri borgara hefur gert það upp við sig að atkvæði og stuðningur þeirra fer til þeirra flokka, sem skilja og styðja þá réttlátu kröfu, að hagur verst settu öldunga þessa lands verði betrumbættur af myndugleik. Að fátæktargildran sé afnumin í kerfinu. Að komandi kynslóðir geti búið við mannsæmandi kjör. Þetta eru skilaboðin frá þúsund manna fundinum í Háskólabíói.

Nú er að duga eða drepast.

# Stöðugleiki er nauðsynlegur sjálfbærum vexti



Bjarni Már Gylfason
hagfræðingur Samtaka iðnaðarins

Rekstur fyrirtækja og heimila þrífst best við stöðugleika í verðlagi og gengi. Ástæðan er einföld. Allar ákvarðanir um fjárfestingar, skuldsetningu, neyslu og ráðningar verða miklu betri í fyrirsjáanlegu umhverfi án mikilla verðlags- og gengisstruflana. En íslenskt efnahagslíf hefur hins vegar löngum verið þjakað af verðbólgu og gengissveiflum sem verulega getur dregið úr samkeppnishæfni landsins. Þessi hagþróun með víxlhækkun launa og verðlags má ekki endurtaka sig.

Sem betur fer hafa síðustu misseri einkennst af efnahagslegum stöðugleika en í skjóli fjármagnshafta. Lág verðbólga hefur verið ein mikilvægasta uppspretta kaupmáttaraukningar síðustu ára samhliða kröftugum hagvexti og hækkun launa. Þennan stöðugleika er mikilvægt að verja sérstaklega þegar hillir undir afnám fjármagnshafta og gengi krónunnar mun í vaxandi mæli ráðast af þeim kröftum sem móta efnahagsþróun á hverjum tíma. Vegna þessa þarf hagstjórnin að vera öguð og einkennast af ráðdeild.

**Þegar vel árar í efnahagslífinu er hætt við að almenn hagstjórn og áherslur um grundvallaratriðið í ríkisfjármálum og peningamálum verði ekki mikið til umræðu þegar gengið er til kosninga.**

Vaxtastig á Íslandi er hátt samanborið við nágrannaríki okkar þrátt fyrir að verðbólga hafi haldist lág að undanförnu. Háir vextir draga verulega úr fjárfestingum fólks og fyrirtækja en lágt fjárfestingastig hefur verið einn helsti veikleiki hagkerfisins síðustu ár. Við búum ekki við samkeppnishæft umhverfi þegar kemur að vöxtum. Ein ástæða hárra vaxta er þessi sögulegi efnahagslegi óstöðugleiki sem einkennt hefur íslenskt efnahagslíf í gegnum tíðina og veldur einfaldlega vaxtaálagi. Efnahagslegur stöðugleiki er þannig ein forsenda lækkandi vaxta.

Þegar vel árar í efnahagslífinu er hætt við að almenn hagstjórn og áherslur um grundvallaratriðið í ríkisfjármálum og peningamálum verði ekki mikið til umræðu þegar gengið er til kosninga. Líklegra er að á vettvangi stjórnmála sé meira rætt um hvernig eigi að eyða fjármunum eða hvernig beri að skattleggja fólk og fyrirtæki. Þetta er skammsýni. Ráðdeild í ríkisfjármálum er nefnilega samofin stöðugleika sem er aftur forsenda samkeppnishæfni, sjálfbærs hagvaxtar og lækkunar vaxta.

Það er hagur okkar allra að efnahagslegur stöðugleiki fái veglegan sess í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar því í þannig umhverfi tekst okkur að skapa sem mest verðmæti og tryggja samkeppnishæfni Íslands.

# Mold



Jón Steindór Valdimarsson
skipar 2. sæti á lista Viðreisnar í Kraganum

Af moldu ertu kominn. Að moldu skalt þú aftur verða.

Mér verður stundum hugsað til þessara orða. Ekki vegna hverfulleika lífsins, heldur þess að þó að við mennirnir verðum vissulega að mold í fyllingu tímans þá er það alls ekki svo um öll okkar verk. Þau hafa margvísleg áhrif á umhverfið.

Sum áhrifin eru tímabundin en önnur varanleg. Margt er skaðlegt til skamms tíma, annað er skaðlegt til langs tíma, er óafturkræft og getur hrint af stað ógnvænlegri keðjuverkun. Gildir það t.d. um loftslagsbreytingar og mengun hafsins. Við stefnum framtíð barnanna okkar í voða ef við gætum ekki að okkur. Þess vegna eru umhverfismál eitt af forgangsatriðum í stefnu Viðreisnar.

Við höfum sett okkur metnaðarfulla stefnu um að virða og varðveita náttúruna og auðlindir hennar, en viljum nýta þær skynsamlega og með sjálfbærum hætti. Við viljum vera hófsöm og varfærin. Allar ákvarðanir á að taka á traustum vísindalegum grunni.

Ósnortin náttúra er eitt sterkasta aðdráttarafl Íslands. Þar eigum við mikil verðmæti sem ekki má glutra niður. Við eigum að móta okkur auðlindastefnu þar sem allir þættir eru teknir með í reikninginn. Ekki síst hagsmunir þeirra kynslóða sem á eftir okkur koma. Taka á markaðstengd gjöld af þeim sem nýta auðlindirnar.

Beita á hagrænum hvötum, eins og grænum sköttum, til þess að hvetja til hegðunar sem dregur úr mengun og vernda náttúruna. Við eigum að styðja fjölbreyttan og umhverfisvænan landbúnað og hvetja bændur til landverndar og sjálfbærrar framleiðslu.

Auðvitað á Ísland að taka fullan þátt í því að berjast gegn hnattrænum vandamálum á borð við loftslagsbreytingar og hættulega mengun hafsins.

Frjálslyndi þýðir nefnilega alls ekki afskiptaleysi í huga Viðreisnarfólks og þess vegna viljum við ekki láta reka á reiðanum í þessum mikilvægu málum. Afleiðingarnar eru alltaf alvarlegar til þess.





# Reykjavíkurflugvöllur, miðstöð samgangna landsins



**Magnús Skúlason**
arkitekt

Fyrir allnokkru spurði mig franskur kollegi minn sem var hér á ferð þegar flutning innanlandsflugs úr Vatnsmýri bar á góma: Hvernig dettur ykkur í hug að leggja niður flugvöllinn í höfuðborginni? Á Íslandi eru ekki járnbrautir eins og víðast hvar í heiminum, því hljóta flugsamgöngur að koma þess í stað a.m.k. að einhverju leyti.

Þessi staðreynd vill gleymast í umræðunni um flugvöllinn.

Ef litið er til þess að flugvellinum verði jafnað til aðaljárnbrautarstöðvar, eins og við þekkjum þær erlendis, er staðsetning hans og væntanlegrar flugstöðvar hin allra besta, þ.e. nálægt eða í miðborginni. Með tilliti til veðurskilyrða er hann einnig afar vel staðsettur eins og allar rannsóknir sýna.

Áætlanir borgaryfirvalda um að flytja flugvöllinn úr stað, jafnvel á Miðnesheiði, eru fremur raunalegar í þessu samhengi. Með því væri í raun verið að leggja innanlandsflug niður ásamt því að leggja niður fjölmörg störf í borginni.

Hins vegar mun innanlandsflug leggjast niður af sjálfu sér ef fargjöld eru eins há og nú er. Það gefur augaleið að ótækt er að ódýrara sé að fljúga til Kaupmannahafnar en Akureyrar.

Því er m.a. um að kenna háum álögum ríkisvaldsins á innanlandsflugið en skv. nýlegu mati forstjóra Flugfélags Íslands mætti lækka fargjöld um 15% þegar í stað ef leiðrétting fengist. Hugsanlega er það ekki nóg og mætti jafnvel koma til niðurgreiðsla ríkisins til að fargjöld væru það hagstæð að miklu fleiri innlendir sem erlendir sæju sér færi á að nota flugið í stað þess að aka. Það mundi minnka umferð um vegina, álag á vegakerfið og þá einnig slysahættu. Þetta gæti verið hluti af samgönguáætlun sem nú er í smíðum, en líta þarf til heildarsýnar umferðar á landinu og þar með hvaða áhrif flugvöllurinn getur haft.

**Lítið hefur farið fyrir umræðu um Reykjavíkurflugvöll sem neyðarflugvöll ef eldgos yrði á Reykjanesskaga en eins og kunnugt er hefur oft gosið þar og hraun runnið í sjó fram milli Keflavíkur og Reykjavíkur.**

En meira þarf til.

Í hinni nýju Flugstöð Reykjavíkur ætti að vera útleiga ódýrra rafmagnsbíla eins og nú eru notaðir t.d. í París ásamt útleigu á rafmagnsreiðhjólum að hætti Kaupmannahafnar. Einnig þyrfti að vera góð tenging við almenningssamgöngur.

Gera þarf austur-vesturbrautina að aðalbraut vallarins með lengingu út í Skerjafjörð ásamt nauðsynlegum blindflugsbúnaði þannig að umferð um norður-suðurbraut verði í lágmarki. E.t.v. mætti einnig stytta þá braut.

Það er misskilningur að flugvöllurinn hamli gegn þéttingu byggðar í borginni. Eins og sýnt er fram á í núgildandi Aðalskipulagi er aðalþéttingarsvæði borgarinnar um samgönguás frá vestri til austurs.

### Úrelt verðlaunatillaga

Borgaryfirvöld hafa um langt skeið sýnt máli þessu lítinn skilning og hafa unnið leynt og ljóst að skerðingu vallarins með þann ásetning að leggja hann niður. Unnið er m.a. eftir úreltri verðlaunatillögu sem enga skipulagsstöðu hefur. Það er miður. Svo virðist sem vilji sé til þess að afhenda verktökum flugvallarsvæðið til uppbyggingar en spor borgarinnar í þeim efnum hræða.

Gerð byggðar í stað vallarins mundi auk þess vafalítið hafa óafturkræf áhrif á vatnsbúskap og lífríki Vatnsmýrarinnar og Reykjavíkurtjarnar. Tjörnin gæti einfaldlega horfið.

Lítið hefur farið fyrir umræðu um Reykjavíkurflugvöll sem neyðarflugvöll ef eldgos yrði á Reykjanesskaga en eins og kunnugt er hefur oft gosið þar og hraun runnið í sjó fram milli Keflavíkur og Reykjavíkur.

Reykjavíkurflugvöllur er ekki einkamál Reykjavíkur heldur landsins alls.

Skyldur höfuðborgarinnar við landsbyggðina eru ótvíræðar. Því er eðlilegt að landsmenn allir hafi um málið að segja. Kannanir hafa sýnt að mikill meirihluti telur að flugvöllinn eigi ekki að færa til. Því ber skilyrðislaust að halda honum þar sem hann er og byggja þar veglega flugstöð þegar í stað.

Það er dapurlegt að núverandi ríkisstjórn og borgin skyldu sameinast um það að leggja niður neyðarflugbrautina. Enn dapurlegra er það þó þegar stjórnmálamenn taka ekki ábyrgð á gerðum sínum eða málefnum flugvallarins yfirhöfuð. Auðvitað er Alþingi það í lófa lagið að grípa inn í framvindu mála ef vilji er fyrir hendi og taka af skarið um hvort áfram skuli vera samgöngur milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarinnar í lofti.

# Af hverju Samfylkingin?



**Árni Páll Árnason**
alþingismaður og skipar 1. sæti á lista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi

**Aldraðir njóta ekki jafnstöðu við aðra og hár húsnæðiskostnaður leikur marga úr þeim hópi grátt. Við viljum hækka lífeyrisgreiðslur í 300 þúsund með sama hætti og lágmarkslaun og það þarf að grípa til sérstakra aðgerða til að mæta háum húsnæðiskostnaði lífeyrisþega.**

Ég hef hitt fjölmarga undanfarna daga sem eru sammála Samfylkingunni um höfuðstefnuna, en eru samt efins um hvort þeir eigi að kjósa okkur. Í boði eru fjölmargir flokkar sem segja mjög svipaða hluti og Samfylkingin og í sumum kosningaprófum er vart að sjá mun á flokkunum. En það er munur.

### Ekki bara fyrir kosningar

Fyrir það fyrsta þarf að muna að það skiptir ekki mestu máli hvað menn segja fyrir kosningar, heldur hvað menn gera. Það er vissulega áhugavert að sjá ýmsa Framsóknarmenn og Sjálfstæðismenn spretta nú upp og lofa 300 þúsund króna lágmarksgreiðslum til lífeyrisþega. Við fluttum hins vegar um það tillögu, ekki einu sinni heldur þrisvar. Og þeir felldu þær tillögur, ekki einu sinni heldur þrisvar. Á kjörtímabilinu höfum við líka barist gegn ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að loka bóknámsdeildum framhaldsskólanna fyrir fólki yfir 25 ára aldri og gegn endurteknum lækkunum veiðigjalda, á sama tíma og stórútgerðin skilar methagnaði.

### Við höfum reynslu

Það má margt segja um Samfylkinguna en þjóðin veit hvar hjarta hennar slær. Okkar fyrsta verk í ríkisstjórn var að hækka lægstu lífeyrisgreiðslur um 42% og að þeirri hækkun bjuggu lífeyrisþegar í hruninu. Í niðurskurði hrunsáranna skertum við lægstu lífeyrisgreiðslur ekki um eina krónu og hækkuðum lífeyri langt umfram lagaskyldu strax árið 2011. Við vörðum sem kostur er útgjöld til velferðarmála og náðum að auka við framlög til Landspítalans síðasta ríkisstjórnarárið okkar og það var í fyrsta sinn frá aldamótum sem raunaukning varð í framlögum þangað. Við réðumst í átak í uppbyggingu hjúkrunarheimila og hófum byggingu 400 rýma vítt og breitt um landið. Á öllum þessum sviðum varð stórastopp eftir að ný ríkisstjórn komst til valda.

Við gerbreyttum reglum um skuldamál einstaklinga með styttingu fyrningartíma gjaldþrota, greiðsluaðlögun og öðrum greiðsluúrræðum. Fyrir vikið komust þúsundir heimila í gegnum þessa kreppu án þess að missa íbúðarhúsnæði sitt og án þess að dragnast með skuldahala með sér áratugum saman, eins og alltaf hefur áður gerst í niðursveiflu á Íslandi.

### Við höfum metnað

Við létum ekki duga að verja velferðina. Við réðumst í breytingar á sjávarútvegskerfinu og náðum því fram að alvöru veiðigjöld voru lögð á útgerðina í fyrsta sinn. Við eigum eftir að ná fram fyrningu aflaheimilda og uppboði lausra aflaheimilda, til að hámarka arð þjóðarinnar af auðlindinni. Við sóttum um aðild að Evrópusambandinu og fyrir harðfylgi okkar í stjórnarandstöðu á þjóðin þann möguleika að taka þann þráð upp að nýju. Og við höfum gríðarlega metnaðarfullt endurskoðunarferli stjórnarskrár, sem leiða þarf til lykta á nýju kjörtímabili.

### Verkefnin fram undan

Á nýju kjörtímabili þarf metnaðarfulla atvinnustefnu sem tryggir okkur betur launuð störf, svo okkur haldist á fólkinu okkar í vaxandi samkeppni við önnur lönd. Við þurfum fjölbreytta menntun til að standa undir þeim störfum. Til þess þarf mikla aukningu í framlögum til háskóla og átak í verk- og tæknimenntun. Velferð hér verður að standast samjöfnuð við velferð í nágrannalöndunum og til þess eru nú öll tækifæri. Við þurfum líka að leysa úr brýnum velferðarvanda. Ný kynslóð kemst ekki í öruggt, ódýrt húsnæði. Við viljum veita henni forskot, með því að heimila fyrirframgreiðslu vaxtabóta fyrstu fimm áranna, til að auðvelda fólki að kaupa fyrstu íbúð. Aldraðir njóta ekki jafnstöðu við aðra og hár húsnæðiskostnaður leikur marga úr þeim hópi grátt. Við viljum hækka lífeyrisgreiðslur í 300 þúsund með sama hætti og lágmarkslaun og það þarf að grípa til sérstakra aðgerða til að mæta háum húsnæðiskostnaði lífeyrisþega.

# Geðfræðsla fyrir alla



**Gunnar Árnason**
framhaldsskólakennari

Meðal forsenda heilbrigðs lífs og farsæls samfélags eru geðheilsa og vellíðan. Góð geðheilsa stuðlar að jákvæðri sjálfsmynd, traustum félagstengslum og auknum vinnuáhuga með tilheyrandi lífsgæðum og framförum. Á síðari árum hefur sem betur fer orðið vitundarvakning um mikilvægi almennrar vellíðunar í nútíma samfélagi og hefur margt þokast í rétta átt í þeim efnum enda þótt enn sé langt í land í geðheilbrigðismálum um allan heim.

Síðastliðið vor var haldin sameiginleg ráðstefna Alþjóðabankans og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) undir yfirskriftinni „Út úr skugganum: Setjum geðheilbrigðismál í forgang um allan heim." Þar kom fram að þótt um sé að ræða einn algengasta sjúkdómaflokk nú á dögum séu geðraskanir enn litnar hornauga víða og farið með þær sem hina mestu skömm. Slík viðhorf séu fordómar sem taka þurfi á.

Markmiðið með alþjóðageðheilbrigðisdeginum sem haldinn er 10. október ár hvert er að beina sjónum að því stóra lýðheilsuverkefni sem geðheilsa er og miðla hagnýtri fræðslu í þeim efnum til ráðamanna og almennings. Mikilvægt er að vekja samfélagið til vitundar um stöðu geðheilbrigðismála enda hefur löngum legið þagnarhjúpur yfir þeim málaflokki. Sem betur fer hefur umræðan þó opnast mikið eins og t.d. um sjálfsvíg.

Í ár er yfirskrift alþjóðageðheilbrigðisdagsins virðing fyrir hverjum þeim sem glímir við geðraskanir. Vandinn er stórfelldur enda telur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin að 22-24% Vesturlandabúa eigi við geðræn vandamál að stríða einhvern tíma á ævinni. Þetta þýðir að allt að fjórði hver Íslendingur mun einhvern tíma á lífsleiðinni upplifa geðröskun.

### Geðræn skyndihjálp

Í kynningarefni Alþjóðageðheilbrigðisráðsins er að þessu sinni vakin athygli á fræðsluefni sem kallast geðræn skyndihjálp (Mental Health First Aid) og byggt er á gagnreyndri þekkingu en það var þróað í Ástralíu um aldamótin og er m.a. notað í flestum nágrannalöndum okkar.

Geðræn skyndihjálp er geðfræðsla ætluð almenningi sem miðar að því að gera fólki kleift að koma þeim til hjálpar sem eru í sálarkreppu, eiga við geðheilsuvanda að glíma og auðsýna sjálfsvígshegðun með því að veita þeim sálrænan stuðning og vísa þeim áfram til viðeigandi fagaðila.

**Námskeið í geðrænni skyndihjálp bætti ekki aðeins þekkingu þátttakenda á geðheilsu heldur dró hún að sama skapi úr neikvæðum viðhorfum þeirra í þeim efnum og gerði þá hjálpsamari. Þess vegna er mælt með þessari lýðheilsufræðslu fyrir almenning.**

Almenningi er því alls ekki ætlað að koma í stað fagaðila heldur snýst geðfræðslan um það að efla geðheilsulæsi, hjálpa fólki að skilja betur geðraskanir, leita réttra úrræða við þeim og finna leiðir til að viðhalda góðri geðheilsu. Aukin þekking dregur úr fordómum og gerir fólki það auðveldara að leita sér eða öðrum hjálpar.

Rannsóknir benda til þess að fræðsla í geðrænni skyndihjálp hafi jákvæð áhrif á geðheilsulæsi meðal almennings. Má í því sambandi benda á að safngreining Dr. Danutu Wasserman og félaga við Karolínska sjúkrahúsið leiddi í ljós að námskeið í geðrænni skyndihjálp bætti ekki aðeins þekkingu þátttakenda á geðheilsu heldur dró hún að sama skapi úr neikvæðum viðhorfum þeirra í þeim efnum og gerði þá hjálpsamari. Þess vegna er mælt með þessari lýðheilsufræðslu fyrir almenning.

Síðastliðið vor var stefna og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum samþykkt til fjögurra ára á Alþingi. Þar kemur fram að efla eigi geðrækt og forvarnir og finna gagnreyndar aðferðir til að draga úr fordómum í garð fólks með geðraskanir. Hér er komin tillaga um fræðsluefni sem þar getur nýst.

*ALLIR UM BORÐ ...*

# KAUPAUKI MEÐ ÖLLUM **7 MANNA** FORD




Ford býður upp á einstaklega gott úrval 7 manna fjölnotabíla. Nú er tækifæri til að gera enn betri kaup á stórglæsilegum og vel útbúnum Ford.

**Komdu í Brimborg í dag og tryggðu þér draumabíl fjölskyldunnar. Í október fylgir veglegur kaupauki – nýttu tækifærið!**

**KAUPAUKI Í OKTÓBER**

- Nokian vetrardekk
- Þjónustueftirlit í 2 ár *
- Farangursbox
- Þverbogar



FORD **GRAND C-MAX**
FRÁ **3.590.000** KR.
Verðmæti kaupauka 357.000 kr.

**STÓR** - Rúmgóður fjölskyldubíll sem er fáanlegur 5 eða 7 manna. Rennihurðir á báðum hliðum gera aðgengið sérstaklega þægilegt.



FORD **S-MAX**
FRÁ **5.190.000** KR.
Verðmæti kaupauka 469.000 kr.

**STÆRRI** - Sportlegur og glæsilegur 5 eða 7 manna bíll sem rúmar alla fjölskylduna. Nægt pláss fyrir mikinn farangur. Fáanlegur **fjórhjóladrifinn**.



FORD **GALAXY**
FRÁ **5.590.000** KR.
Verðmæti kaupauka 469.000 kr.

**STÆRSTUR** - Stór 7 manna fjölskyldubíll. Góð lofthæð og nægt fótarými í öllum þremur sætaröðum. Fáanlegur **fjórhjóladrifinn**.

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn myndum í auglýsingu.
* Miðað er við þjónustueftirlit í tvö ár samkvæmt staðli framleiðanda sem framkvæmt er á 20.000 km fresti eða 12 mánaða fresti, það gildir sem á undan kemur.

# Hattur Gorbatsjovs og heimsfriður í náðhúsinu



**Árni Snævarr**
fv. fréttamaður á Stöð2

**Þess sáust merki að Gorbatsjov væri í húsinu því hatturinn hans, sem var auðþekktur af ljósmyndum, hékk á snaga. Einmitt í þann mund sem ég var að máta höfuðfatið, snaraðist leiðtoginn inn og virtist kannast við hatt sinn á höfði útsendara Stöðvar 2!**



Leiðtogafundurinn í Höfða markaði að mörgu leyti þáttaskil, ekki bara í alþjóðlegri pólitík, heldur líka í íslenskri blaðamennsku. Þó er farið að fenna í sporin, enda þrjátíu ár liðin. Gamla ríkissjónvarpið sýndi og sannaði að það væri fært um að sinna alþjóðlegu verkefni á borð við leiðtogafund og í fyrsta skipti í sögunni var lifandi mynd af hurðarhúni send, ekki bara út um allt land, heldur til allrar heimsbyggðarinnar.

Um svipað leyti hófust útsendingar Stöðvar 2, sem eftir tækniörðugleika í byrjun, haslaði sér skjótt völl sem skæður keppinautur gamla sjónvarpsins. Bylgjan hóf útsendingar sama haust og við fyrstu fréttamennirnir á einkarekinni útvarpsstöð skúbbuðum fréttunum af leiðtogafundinum, sem bárust örskömmu fyrir fréttir á heila tímanum. Á gömlu Gufunni stóð til að rjúfa dagskrá, en dágóð stund leið því þulurinn reyndist hafa brugðið sér á salernið!

Sjálfur fékk ég erlendu fréttabakteríuna vegna leiðtogafundarins. Með fundinum komu útlönd að vissu leyti til Íslands. Allar bandarísku fréttastöðvarnar með tölu sendu aðalfréttatíma sína út frá Íslandi, og maður rakst á sjónvarpsstjörnur á borð við Peter Jennings og Dan Rather í bænum. Þetta var auðvitað annað fjölmiðlaumhverfi en nú er og bandarísku sjónvarpsstöðvarnar óðu í peningum. Haft var fyrir satt að fréttaþulir hefðu meiri áhrif en ráðherrar.

Tíu árum eftir leiðtogafundinn var ég orðinn fréttamaður á Stöð 2 eftir níu ár á Ríkissjónvarpinu. Þá var mér falið eitt ánægjulegasta verkefni sem ég hef sinnt: að gera mynd um tíu ára afmæli leiðtogafundarins. Styrkur fékkst úr Menningarsjóði útvarpsstöðva og skyldi almennilega staðið að málum. Við Katrín Ingvadóttir framleiðandi ákváðum strax að reyna að ná tali af öllum sem máli skiptu og gekk það betur en við þorðum að vona. Páll Baldvin Baldvinsson, þáverandi dagskrárstjóri, sýndi verkefninu áhuga og greiddi fyrir því að við gátum ferðast til Bandaríkjanna og Rússlands til að ræða við lykilfólk.

Allir tóku okkur einstaklega vel. Ronald Reagan var því miður kominn með Alzheimer og því til lítils að ræða við hann. Við flugum hins vegar til Kaliforníu og tókum viðtal við George Shultz, utanríkisráðherra Bandaríkjanna á leiðtogafundinum, sem varð tíðrætt um hversu róandi útsýnið yfir sundin og Esjuna hefði verið frá Höfða. Kenneth Aldemann ráðgjafi sagði okkur frá því hvernig hann og Rússarnir breiddu heimskort yfir gólfið á klósettinu í Höfða og ræddu um heimsfrið og kjarnorkuvopnalausan heim. Og sjónvarpsstjarnan Peter Jennings bauð í heimsókn á ABC News í New York, en neitaði að segja okkur hvað íslenska kærastan hét sem hann hafði kynnst í Ísrael.

Ekki síður eftirminnilegur var Richard Pearle, sem fékk nafnið Svarti riddarinn fyrir þær sakir hversu herskár hann var. Hann talaði mikið um þau mistök þáverandi stjórnar Bandaríkjanna (1996) að ganga ekki á milli bols og höfuðs á Saddam Hússein í fyrri Flóabardaga, en honum varð að ósk sinni nokkrum árum síðar eins og alkunna er, þegar hann komst á ný til áhrifa í stjórn Bush forseta yngra.

**Klauf loftið í tíma og ótíma**

En auðvitað var minnisstæðast að taka viðtal við Mikhail Gorbatsjov. Ýmislegt hafði verið reynt til að ná sambandi við hann en það var ekki fyrr en ég leitaði til Hauks Hauksonar, fréttaritara í Moskvu, sem hreyfing komst á hlutina. Haukur hringdi og skrifaði en fékk loðin svör. Loks frétti hann af því að Gorbatsjov ætlaði að undirrita bók á tilteknum stað, og gerði Haukur sér lítið fyrir og sveif á fyrrverandi Sovétleiðtogann og hans menn og linnti ekki látunum fyrr en loforð um viðtal hafði fengist.

Nokkrum vikum síðar vorum við Katrín komin til Moskvu og héldum ásamt Hauki til fundar við Gorbatsjov. Biðum við drykklanga stund á skrifstofu. Þess sáust merki að Gorbatsjov væri í húsinu því hatturinn hans, sem var auðþekktur af ljósmyndum, hékk á snaga. Einmitt í þann mund sem ég var að máta höfuðfatið, snaraðist leiðtoginn inn og virtist kannast við hatt sinn á höfði útsendara Stöðvar 2!

Haukur hvíslaði jafnóðum þýðingu á orðum Gorbatsjovs í eyra á meðan á viðtalinu stóð, en mér varð ósjálfrátt starsýnt á handahreyfingar hans og orð gamals pólsks kunningja komu upp í huga mér. „Maður getur alltaf þekkt gamla kommúnista á því að þeir þurfa alltaf að höggva loftið, þegar þeir vilja leggja áherslu á orð sín.“ Og viti menn: Gorbatsjov klauf loftið í tíma og ótíma, meira að segja þegar hann talaði fallega um Vigdísi forseta. Einu sinni kommúnisti, alltaf kommúnisti …

Satt að segja fannst mér miklu meira koma til Alexanders Yakovlev, hugmyndafræðings glasnost og perestrojku, því Gorbatsjov, sem endurtók sig, talaði í hringi og ruglaði ítrekað saman hinum ýmsu fundum sínum og Reagans. Kannski var þá Reykjavíkurfundurinn ekki jafn minnisstæður og við héldum, bara enn einn dagur í vinnunni, við að koma í veg fyrir kjarnorkustríð og tortímingu heimsins.

# Hefur fatlað fólk minni réttindi en ófatlað fólk?



**María Hreiðarsdóttir**
sendiherra Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

**Ég vona að það verði viðhorfsbreyting til málefna fatlaðs fólks í samfélaginu. Ég vona líka að allir verði meðvitaðir um þá samfélagslegu skyldu að virða rétt allra fjölskyldna í landinu.**

Þessi blaðagrein fjallar um 19. og 23. greinar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks en þær fjalla um sjálfstætt líf og fjölskyldulíf. Mitt starf hefur verið að kynna samninginn fyrir almenningi síðastliðin fjögur ár og hef ég í starfi mínu haft þessar greinar samningsins að leiðarljósi.

Í 19. grein samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks segir að fatlað fólk eigi sama rétt og aðrir til að velja og hafna. Einnig er fjallað um að fatlað fólk eigi rétt á að velja sjálft hvar það býr, hvernig og með hverjum.

En oft er langt á milli þess að eiga rétt og svo hvort fatlað fólk hefur möguleika á að velja og hafna. Það hafa til dæmis ekki allir val um hvar og hvernig þeir vilja búa og hvert þá langar að fara í sumarfrí. Hvers vegna er það þannig?

Yfirvöld bera mikla ábyrgð og margir telja að félagslega kerfið sé á niðurleið. Út frá því spyr ég: Geta yfirvöld sveitarfélaga ákveðið félagslega þjónustu fyrir þennan hóp en síðan næsta dag sagt að hún sé ekki í boði sökum fjárskorts? Í framhaldi af því má líka spyrja hvort sveitarfélögin þurfi ekki að fara eftir ákveðnum lögum og mannréttindasamningum þegar kemur að þjónustu við fatlað fólk? Stundum virðist þetta ekki skipta máli og það er oft eins og þjónustan sé háð því hvað mikið fjármagn er til í buddunni. Það hlýtur að vera mannréttindabrot.

Ég spyr líka hvort ófatlað fólk hafi meiri réttindi en fatlað fólk? Ég spyr líka hvaða fólk þurfi á mestri þjónustu að halda? Ef það er fatlað fólk er þá eðlilegt að skera niður þar sem þörfin er mest?

**Virðing, fræðsla og stuðningur**

23. grein Samnings Sameinuðu þjóðanna fjallar um virðingu fyrir heimilis- og fjölskyldulífi. Þar segir að fatlað fólk eigi sama rétt og aðrir til að halda frjósemi sinni, giftast, stofna fjölskyldu og eiga börn. Einnig á fatlað fólk rétt á að fá fræðslu og stuðning um fjölskyldumál og barnauppeldi. Það má velta fyrir sér hvort þetta sé svona í rauninni? Eru sveitarfélögin almennt að veita foreldrum með þroskahömlun viðunandi stuðning til að börnum þeirra farnist sem best í lífi og starfi?

Við sem samfélag ættum að geta gert mun betur þegar kemur að hópi seinfærra foreldra. Þetta er ekki stór hópur en samkvæmt erlendum rannsóknum er um eitt prósent foreldra seinfærir. Þetta er viðkvæmur hópur og að mínu mati þarf mörgu að breyta og ekki síst þarf aukið fjármagn til þessara fjölskyldna. Þá vantar sérstakan faglegan ráðgjafa sem sérhæfir sig í vinnu með seinfærum foreldrum. Slíkur ráðgjafi þarf alltaf að vinna í miklu samráði við foreldrana. Margar fjölskyldur þurfa meiri stuðning en þær fá í dag. Ábyrgð samfélagsins er mikil þegar kemur að þessum foreldrum og yfirvöldum ber skylda samkvæmt lögum og mannréttindasáttmálum að veita fólki sem er í félagslega erfiðri stöðu stuðning.

**Oft misbrestur**

Ég á þrettán ára gamlan son og mér hefur ekki verið boðið á sérstakt námskeið með öðrum foreldrum á vegum þjónustumiðstöðvar minnar. Sú þjónusta sem hefur verið í boði miðar að því að þjónusta fólk á heimilum þeirra. Sú þjónusta hentar ekki öllum og það hefur vantað stuðning sem miðar að þörfum fjölskyldunnar á hverjum tíma. Það skiptir máli að stuðningurinn sé eins og fjölskyldan vill hafa hann og að hann nýtist sem best.

Ég vil benda á að oft er mikill misbrestur á hvað þetta varðar og ég tel það vera skyldu mína bæði sem móðir og sendiherra að skrifa þessa grein. Ég vona að það verði viðhorfsbreyting til málefna fatlaðs fólks í samfélaginu. Ég vona líka að allir verði meðvitaðir um þá samfélagslegu skyldu að virða rétt allra fjölskyldna í landinu. Allt fólk á að eiga jafnan rétt til frelsis og virðingar. Þá ber að virða lagalegan rétt og þá mannréttindasáttmála sem hafa verið undirritaðir fyrir Íslands hönd.

# Í orði en ekki á borði?



**Fríða Björk Ingvarsdóttir**
rektor Listaháskóla Íslands

**Á Íslandi eru því ómetanleg menningarverðmæti á sviði lista einfaldlega að glatast og munu aldrei verða afturkræf komandi kynslóðum til handa, ef ekki er brugðist við strax.**

Umræða um málefni háskólastigsins hefur farið fram af sívaxandi þunga nú í aðdraganda kosninga undir yfirskriftinni „Háskólar í hættu“. Þar kemur m.a. fram að fjármálaáætlun hins opinbera fyrir árin 2017 til 2021 gerir ráð fyrir útgjaldaaukningu til uppbyggingar ýmissa innviða samfélagsins en háskólastigið situr þar eftir. Þetta gerist þrátt fyrir að búið sé að gera stjórnvöldum skýra grein fyrir því að háskólarnir séu verulega undirfjármagnaðir. Listaháskóli Íslands, sem er einn í forsvari fyrir víðfeðmt fræðasvið lista, stendur þar verst að vígi.

Húsnæðismál Listaháskólans hafa frá stofnun hans verið í ólestri, sem eftir því sem árin líða verður sífellt erfiðara að búa við. Engin meginbygginga skólans er hönnuð fyrir skólastarf. Í tveimur byggingum af fjórum er aðgengi fatlaðra ekkert eða mjög takmarkað. Viðhald er flókið enda ávallt hugsað til bráðabirgða, húsbúnaður er áratuga gamall samtíningur, þrengslin eru gríðarleg, vinnustöðvar ófullnægjandi og hvergi eru fullbúnir fyrirlestrarsalir eða annað það sem háskólastarf krefst og telst sjálfsagt í nútímanum. Fyrir þetta slæma húsnæði og afleitan aðbúnað greiðir Listaháskólinn hærra hlutfall af gjöldum sínum en nokkur annar háskóli í landinu, eða yfir 20 prósent. Í samfélagi sem telur menninguna eina af sínum helstu auðlindum, í orði ef ekki á borði, er ekki lengur hægt að horfa fram hjá þessari staðreynd og þeirri vanvirðingu sem fræðasviði lista er sýnt með slíku aðstöðuleysi til tveggja áratuga.

**Njóti sannmælis og jafnræðis**

Það sama á við um aðstöðumun er lýtur að rannsóknarframlögum. Rannsóknir eru sá þáttur háskólastarfs sem styður kennslu, nýsköpun og nauðsynlegar framfarir í öllu háskólakerfinu. Hlutfall rannsókna af heildarframlagi háskóla á fjárlögum ársins 2016 var hæst 40,8%, en næstlægst 19,3%. Lægsta framlagið fékk Listaháskóli Íslands; 8,6%, eða rétt rúmlega þriðjung þess næst lægsta. Á meðan þetta viðhorf til fræðasviðs lista er við lýði er ekki einu sinni hægt að framkvæma grunnrannsóknir á hönnunar- og listarfleifð þjóðarinnar – hvað þá listrannsóknir á borð við þær sem t.d. önnur norræn ríki telja nauðsynlegar. Á Íslandi eru því ómetanleg menningarverðmæti á sviði lista einfaldlega að glatast og munu aldrei verða afturkræf komandi kynslóðum til handa, ef ekki er brugðist við strax.

Þrátt fyrir ögranir og ófullnægjandi fjármögnun er Listaháskóli Íslands eftirsóttur samstarfsaðili innan lands sem utan. Akademískur styrkur og viðurkennd gæði starfseminnar munu þó aldrei nýtast sem skyldi því samfélagi sem Listaháskólinn þjónar á meðan fjármögnun og ytri aðbúnaður er svona lélegur. Það er löngu tímabært að Listaháskólinn njóti sannmælis og nemendur hans jafnræðis á við önnur fræðasvið í íslensku háskólaumhverfi.




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 12. október 2016

39. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL




## Fjórfaldaði fjárfestingu í Nova

**Björgólfur Thor Björgólfsson fylgdi Nova frá hugmynd þar til fyrirtækið var selt á 16 milljarða. Hann segist ekki sjá mörg tækifæri fyrir sig á Íslandi og vill fremur koma hingað úr vinnunni en í hana.** » 6

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



» 2
**9,6 milljarðar fjárfestir í nýsköpun**
Oddur Sturluson, hjá Icelandic Startups, segir nýsköpunarumhverfið vera að færast í betri átt.

» 4
**Hagnaður ÍV minni**
Hagnaður Ísfélags Vestmannaeyja dregst saman milli ára.

» 4
**Gagnrýna bindiskyldu Seðlabankans**
Capacent gagnrýnir harðlega bindiskyldu SÍ á erlenda fjárfesta.

» 11
**Burt með launamun**
Hanna Katrín Friðriksson, hjá Viðreisn, vill ásamt félögum sínum útrýma launamisrétti.

» 11
**Í átt að góðu**
Lars Christensen skrifar um peningastjórnun á Íslandi.





Jack Dorsey, stofnandi og framkvæmdastjóri Twitter. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Enginn vill kaupa Twitter

Hlutabréf í samfélagsmiðlinum Twitter hækkuðu á ný í gær eftir hrun á mánudag. Ekki hefur þó gengið að vinna upp það tap á markaðsvirði sem hefur orðið eftir að fregnir bárust af því að Salesforce.com, síðasta fyrirtækið sem lýst hafði áhuga á því að kaupa samfélagsmiðilinn Twitter, muni líklega ekki gera kauptilboð í fyrirtækið.

Fyrir nokkrum vikum var greint frá því að Salesforce.com, Alphabet (móðurfélag Google) og Walt Disney Co. hefðu áhuga á að kaupa Twitter og væru að vinna með bönkum að kauptilboði. Um helgina greindi svo Bloomberg frá því að líklega myndi ekkert af fyrirtækjunum gera kauptilboð.

Gengi hlutabréfa í Twitter hrundi frá miðvikudegi í síðustu viku fram til gærdagsins um tæplega þrjátíu prósent, þar á meðal um 12 prósent á mánudaginn.

Markaðsvirði fyrirtækisins er nú um 12 milljarðar dollara, samanborið við 53 milljarða dollara þegar hlutabréfaverðið náði hæstum hæðum í desember 2013.

Twitter hefur átt í erfiðleikum með að fjölga notendum og auka veltu sína. Forsvarsmenn fyrirtækisins vildu fá kauptilboð áður en greint verður frá uppgjöri þriðja ársfjórðungs þann 27. október næstkomandi.

Reuters greinir frá því að margir fjárfestar og greiningaraðilar telji að framkvæmdastjóri Twitter, Jack Dorsey, sé ekki með varaplan ef kauptilboð berst ekki. – sg

## Vikan sem leið

**2.100**

**fleiri starfsmenn**

Á næstu sex mánuðum gæti starfsmönnum 400 stærstu fyrirtækja landsins fjölgað um 1,8 prósent. Sé sú niðurstaða færð yfir á almenna markaðinn í heild má búast við að störfum þar fjölgi um rúmlega 2.100 á næstu sex mánuðum. Búist er við langmestri fjölgun í byggingarstarfsemi, iðnaði og ferðaþjónustu.

**65,5**

**milljarða fjárfesting**

Frá og með miðju síðasta ári til loka september fjárfestu lífeyrissjóðir og aðrir vörsluaðilar séreignarlífeyrissparnaðar fyrir 65,5 milljarða króna erlendis samkvæmt tölum Seðlabankans. Sjóðirnir höfðu heimild til að fjárfesta fyrir áttatíu milljarða. Þeir fjárfestu fyrir 34,7 milljarða frá miðju síðasta ári til loka júní í ár, og svo fyrir 30,8 milljarða frá 1. júlí til 30. september.

MARKAÐURINN
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301
Umsjón Hafliði Helgason hafliði@365.is
Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is



Stærsta fjárfestingin á síðasta ári var 30 milljón dollara fjárfesting NEA í CCP. MYND/CCP

# Fjárfest í nýsköpun fyrir rúma níu milljarða

**Mikil gróska hefur verið í sprotafyrirtækjum á síðastliðnu ári. Erlendir fjárfestar fjárfestu 72 prósent af heildarfjármagninu. Meðalfjárfesting hefur hækkað. Verkefnastjóri hjá Icelandic Startups segir þetta endurspegla betra ástand.**

Frá fjórða ársfjórðungi 2015 fram til lok þriðja ársfjórðungs 2016 var fjárfest í nýsköpun á Íslandi fyrir 83,7 milljónir dollara, jafnvirði 9,6 milljarða íslenskra króna, samkvæmt tölum Norðurskautsins. Ein mjög stór fjárfesting var á tímabilinu í CCP sem nam 30 milljónum dollara, sé hún tekin út fyrir sviga nam heildarfjárfesting 53,7 milljónum dollara, jafnvirði 6,1 milljarðs króna.

Á árinu hefur verið tilkynnt um samtals 26 fjárfestingar, níu á fjórða ársfjórðungi 2015, sjö á fyrsta ársfjórðungi 2016, fjórar á þeim öðrum og loks sex á síðasta ársfjórðungi.

Stór hluti fjármagnsins, 60,3 milljónir dollara af þessum 83,7 milljónum dollara, eða um 72 prósent hafa komið erlendis frá.

Meðalfjárfesting nam 4,08 milljónum dollara, 467 milljónum króna, á síðasta ársfjórðungi sem er fjórum sinnum meira en meðalfjárfesting á öðrum ársfjórðungi og hæsta meðalfjárfestingin frá því að Norðurskautið fór að hefja mælingar (sé fjárfestingin í CCP tekin út fyrir sviga).

> **Við erum mjög ánægð með þessa þróun, bæði að upphæð fjárfestinganna er að hækka og að uppruni fjárfestingarinnar sé í auknum mæli frá útlöndum**
>
> Oddur Sturluson, verkefnastjóri hjá Icelandic Startups



„Við erum mjög ánægð með þessa þróun, bæði að upphæð fjárfestinganna er að hækka og að uppruni fjárfestingarinnar sé í auknum mæli frá útlöndum,“ segir Oddur Sturluson, verkefnastjóri hjá Icelandic Startups. „Þetta er hvort tveggja til marks um batnandi ástand.“

„Mikið af fyrirtækjum sem hafa verið að gera það gott á síðustu árum eru nú komin í seinni fjármögnunarlotur þar sem þau geta fengið stuðning frá stærri erlendum sjóðum,“ segir Oddur.

Oddur bætir við að viðhorf erlendra fjárfesta til Íslands hafi breyst í kjölfar jákvæðra frétta, til að mynda áætlana um afnám gjaldeyrishafta. Hann segist mikið hafa rætt gjaldeyrishöftin við erlenda kollega og að þeir séu að átta sig betur á því að þetta sé ekki eins áhættusamt og þeir halda þegar þeir heyra orðið gjaldeyrishöft. „Þegar þeir heyra um hvað ástandið og senan hefur batnað og hvað fyrirtækin lofa góðu, þá blasir ástandið aðeins öðruvísi við.“

Vert er að nefna að innlendir sjóðir, á borð við Nýsköpunarsjóð, Frumtak II og Eyri Invest, hafa verið mjög duglegir að fjárfesta í sprotum á árinu. „Sjóðirnir eiga stóran þátt í því að bæta frumkvöðlaumhverfið á síðasta áratug, ekki bara með beinni fjárfestingu heldur einnig með tengslanetum sínum og því að miðla þekkingu sinni til íslenskra frumkvöðla,“ segir Oddur Sturluson.




## Á döfinni

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 12. október**
SEÐLABANKI ÍSLANDS
- Fjármálastöðugleiki

**Föstudagur 14. október**
HAGSTOFA ÍSLANDS
- Fiskafli í september 2016

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
- Trúfélagsbreytingar

VINNUMÁLASTOFNUN
- Atvinnuleysistölur Vinnumálastofnunar

**Þriðjudagur 18. október**
HAGSTOFA ÍSLANDS
- Samræmd vísitala neysluverðs í september 2016

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
- Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu

SJÓVÁ
- Þriðji ársfjórðungur 2016

**Miðvikudagur 19. október**
ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
- Vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu

**Fimmtudagur 20. október**
HAGSTOFA ÍSLANDS
- Vísitala byggingarkostnaðar fyrir nóvember 2016

**Föstudagur 21. október**
HAGSTOFA ÍSLANDS
- Mánaðarleg launavísitala í september 2016

HAGSTOFA ÍSLANDS
- Greiðslujöfnunarvísitala í nóvember 2016

HAGSTOFA ÍSLANDS
- Vísitala kaupmáttar launa í september 2016

HAGSTOFA ÍSLANDS
- Vísitala lífeyrisskuldbindinga í september 2016

**Þriðjudagur 25. október**
HAGSTOFA ÍSLANDS
- Kjötframleiðsla í september 2016

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
- Viðskipti með atvinnuhúsnæði

**Miðvikudagur 26. október**
HAGSTOFA ÍSLANDS
- Vinnumarkaður í september 2016

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
- Hverjir eiga viðskipti með íbúðarhúsnæði?

NÝHERJI
- Þriðji ársfjórðungur 2016

MAREL
- Þriðji ársfjórðungur 2016

ÖSSUR
- Þriðji ársfjórðungur 2016

VODAFONE
- Þriðji ársfjórðungur 2016

VÍS
- Þriðji ársfjórðungur 2016

vísir Allar markaðsupplýsingar

# HB HÚSGAGNA BANKINN

# LAGERSALA

**FAXAFEN 10, 108 REYKJAVÍK - 511 0030**

**Opið frá 13.00 - 18.00 virka daga og 13 - 16 laugardaga**



| Hurricane blutooth heyrnatól | Blackview Omega Pro 5.0" 4G | 3 LED ljós með fjarstýringu | Blackview A8 5.0" 3G | Sími / Snjallúr bluetooth |
|---|---|---|---|---|
| Verð 8.900 | Verð 36.000 | Verð 9.900 | Verð 15.900 | Verð 8.900 |
| Frábær hljómgæði, flottur bassi og innbyggður míkrófónn | HD 4G LTE farsími Octa Core 3GB RAM 16GB ROM 13MP | LED Lýsing undir eða í skápa með fjarstýringu og dimmer | 5.0" Quad Core Android 5.1 1GB RAM 8GB ROM fyrir 2 símkort | Gsm sími, Sport snjallúr með bluetooth og snertiskjá |



| Hornskápur | Hornskápur | Chippendale skápur | French Curio skápur | Chippendale glerskápur |
|---|---|---|---|---|
| Verð áður kr. 135.000 | Verð áður kr. 149.000 | Verð áður kr. 379.000 | Verð áður kr. 165.000 | Verð áður kr. 212.250 |
| Tilboð kr. 94.500 | Tilboð kr. 104.300 | Tilboð kr. 284.250 | Tilboð kr. 107.250 | Tilboð kr. 159.000 |
| 76 x 55 sm - h. 190 sm | 100 x 55 sm - h. 190 sm | 180 x 55 sm - h. 225 sm | 70 x 40 sm - h. 190 sm | 120 x 45 sm - h. 195 sm |



| Vanilla Leðurtaska | Rubelli hægindastóll | Rubelli hægindastóll | Bronson rafdrifinn hægindasófi |
|---|---|---|---|
| | Verð áður kr. 139.000 | Verð áður kr. 89.000 | Verð áður kr. 219.000 |
| Ekta leður - tilboð kr. 17.900 | Ekta leður - tilboð kr. 99.200 | Áklæði - tilboð kr. 69.000 | Áklæði - tilboð kr. 175.200 |
| 34 x 16 sm - h. 26 sm | 82 x 90 sm h. 105 sm | 82 x 90 sm h. 105 sm | 210 x 100 sm h. 105 sm |



| Calais 3 og 2 sæta sófar | Chippendale stóll | Flute Leg borðstofuborð | Hyper Wide stóll |
|---|---|---|---|
| Verð 242.000 | Verð 49.000 | Verð 257.000 | Verð 43.000 |
| Áklæði - tilboð 193.600 | Tilboð 39.200 | Tilboð 192.750 | Tilboð 34.400 |
| 3 sæta 222 sm, 2 sæta 168 sm x 97 sm h. 86 sm | 55 x 45 sm h 105 sm | 180 + 50 + 50 x 120 sm - h. 77 sm | 50 x 45 sm - h. 98 sm |

**www.husgagnabankinn.is**

# Hagnaður Snaps Bistro tvöfaldast milli ára

Veitingastaðurinn Snaps hagnaðist um 34 milljónir á síðasta ári, samanborið við tæplega 17 milljóna króna hagnað árið áður. Hagnaðurinn ríflega tvöfaldaðist því milli ára.




Eignir félagsins í árslok námu 111,9 milljónum króna, samanborið við 96,2 milljónir í árslok 2014. Eigið fé í árslok nam 28,2 milljónum króna, samanborið við 19,4 milljónir króna árið áður.

Hlutafé félagsins nam í lok tímabilsins 3,0 milljónum króna, allt útistandandi hlutafé var í eigu tveggja aðila, Sæmundar ehf. og B48a ehf. Fram kemur í ársreikningnum að ekki var búið að taka ákvörðun um greiðslu arðs til hluthafa.

Snaps var opnaður árið 2012. Árið 2015 var Sigurgísli Bjarnason framkvæmdastjóri Snaps, en hann og Stefán Melsted voru þá eigendur staðarins.

Árið 2016 urðu Birgir Bieltvedt og eiginkona hans, Eygló Björk Kjartansdóttir, hluthafar í Snaps. Þau eiga félagið Eyju sem á meirihluta í Jubileum sem rekur veitingahúsin Jómfrúna og Snaps. – sg



Stærsti eigandi Ísfélagsins er að mestu í eigu Guðbjargar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ísfélag Vestmannaeyja hagnast um 1,3 milljarða

Ísfélag Vestmannaeyja hagnaðist um 11,4 milljónir dollara, jafnvirði 1.300 milljóna íslenskra króna, á árinu 2015. Hagnaðurinn dróst saman um 13 milljónir dollara, 1.500 milljónir króna, milli ára.

EBITDA-framlegð var 27,6 prósent árið 2015, samanborið við 24,7 prósent árið áður. Í árslok námu eignir félagsins 288,9 milljónum dollara, jafnvirði 33 milljarða íslenskra króna, samanborið við 271 milljón dollara í árslok 2014. Bókfært eigið fé í árslok var tæplega 130 milljónir dollara, jafnvirði 14,9 milljarða króna og eiginfjárhlutfall félagsins 45 prósent.

Í árslok 2015 voru hluthafar í félaginu 135 en voru 137 í ársbyrjun. ÍV fjárfestingarfélag á um 89 prósent útistandandi hlutafjár og er eini hluthafi félagsins sem á yfir 10 prósent hlut. ÍV fjárfestingarfélag er nánast alfarið í eigu Guðbjargar Matthíasdóttur í Vestmannaeyjum.

Rekstrartekjur móðurfélagsins námu samtals 115,6 milljónum dollara, 13,2 milljörðum íslenskra króna, árið 2015, samanborið við 105,9 milljónir dollara árið áður.

Helstu starfsþættir Ísfélagsins eru frysting sjávarafurða, fiskimjöls- og lýsisframleiðsla og útgerð fiskiskipa. Félagið á 50 prósenta hlut í Iceland Pelagic ehf.

Meðalfjöldi starfa hjá móðurfélaginu var 249 á árinu 2015, samanborið við 270 árið áður. Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda samstæðunnar á árinu 2015 námu 1,3 milljónum dollara, tæplega 149 milljónum króna. – sg




Capacent veltir þeirri hugmynd upp að hverjum ferðamanni verði skylt að dvelja í að minnsta kosti einn mánuð á Íslandi til að takmarka innstreymi erlends gjaldeyris og ofris krónunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Bindiskylda á túrista gæti komið næst

**Capacent gagnrýnir bindiskyldu Seðlabankans á erlenda fjárfesta sem fjárfesta á innlendum vaxtamarkaði og bendir á að ef fjármagn streymir í staðinn inn á fasteignamarkað geti það grafið undan verðbólgumarkmiði Seðlabankans.**

Velta má fyrir sér hvort Seðlabanki Íslands og fjármálastöðugleikaráð þurfi ekki að setja bindiskyldu á erlenda ferðamenn. Að hverjum ferðamanni verði skylt að dvelja hið minnsta í einn mánuð á Íslandi til að takmarka innstreymi erlends gjaldeyris og ofris krónunnar. Þessari hugmynd er varpað fram í Skuldabréfayfirliti Capacent.

Í greiningunni kemur fram að umhverfið á gjaldeyrismarkaði sé farið að minna um margt á þá tíma þegar erlendir fjárfestar streymdu til landsins til að kaupa íslenska vexti. Seðlabankinn hafi komið í veg fyrir að slíkt komi fyrir aftur og sett bindiskyldu á erlenda fjárfesta sem fjárfesta á innlendum vaxtamarkaði. Hins vegar stafi hröð og mikil gengisstyrking nú af innstreymi ferðamanna til landsins.

„Þetta er eins og vatn, ef þú stíflar vatn á einum stað finnur það sér farveg annars staðar. Þetta er ákveðin ádeila að velta þessu upp. Það er að sjálfsögðu ekki raunhæft að setja bindiskyldu á ferðamenn. Ég er að benda á hættuna af bindiskyldunni sem Seðlabankinn er með,“ segir Snorri Jakobsson, ráðgjafi hjá Capacent.

> **Þetta er ákveðin ádeila að velta þessu upp. Það er að sjálfsögðu ekki raunhæft að setja bindiskyldu á ferðamenn.**
>
> Snorri Jakobsson, ráðgjafi hjá Capacent



Fram kemur í greiningunni að fjárfesting í fasteignum og fasteignafélögum komi að stórum hluta í staðinn fyrir fjárfestingu í verðtryggðum skuldabréfum. Leiga fasteignafélaganna sé verðtryggð og skapi stöðugt sjóðstreymi líkt og vaxtagreiðslur. Gengi fasteignafélaganna hafi hækkað mikið síðan í sumar. Það ætti ekki að koma á óvart í ljósi bindiskyldu á vaxtamarkaði sem beini fjárfestum inn á fasteignamarkað.

„Það sem maður hefur heyrt er að erlendir fjárfestar séu að skoða það að fara inn á fasteignamarkaðinn eða til fasteignafélaganna. Því í eðli sínu er verðtryggður fasteignasamningur eins og verðtryggt skuldabréf, leigutekjur eru eins og vaxtatekjur. Leigusamningar eru í eðli sínu skuldabréf. Þannig að ef þú mátt ekki fjárfesta í skuldabréfum með vöxtum þá geturðu alveg eins farið á fasteignamarkaðinn og fjárfest þar. Stoppir þú flæðið á einum stað þá fer það á annan,“ segir Snorri.

„Hvar ætla þeir að stoppa í bindiskyldunni, er æskilegt að fjármagnið streymi inn á fasteignamarkað sem grefur undan verðbólgumarkmiði Seðlabankans ef verður mikil þensla þar?“ spyr Snorri.

Fram kemur í greiningunni að gengi krónunnar styrkist stöðugt og hafi krónan styrkst um 2,9 prósent frá ágústlokum. Gengi pundsins og norsku krónunnar gagnvart krónu hafi ekki verið lægra síðan í mars 2008. Ef gengisstyrking krónunnar heldur áfram er þess ekki langt að bíða að gengi flestra gjaldmiðla gagnvart krónu verði svipað og fyrir bankahrun.

Jafnframt eru breytingar í stýrivöxtum taldar ólíklegar fram að áramótum. saeunn@frettabladid.is





Borgarstjórinn í Reykjavík býður til málþings um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík. Dregin verður upp heildstæð mynd af framkvæmdum og framkvæmdaáformum á húsnæðismarkaði í Reykjavík. Áhersla verður lögð á samþykkt verkefni og framkvæmdir sem eru nýlega hafnar, en einnig verður gefin innsýn í verkefni á undirbúningsstigi.

Málþingið verður í Ráðhúsi Reykjavíkur föstudaginn 14. október og hefst það kl. 8.30, en húsið opnar kl. 8.00 með léttri morgunhressingu. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

**Dagskrá:**

kl. 08.30 Kynning borgarstjóra: Uppbygging íbúðarhúsnæðis í Reykjavík.
kl. 09.30 Kynning á ýmsum uppbyggingarverkefnum
kl. 11.00 Borgarlínan og þétting byggðar
kl. 11.15 Greining á fasteignamarkaði Ný skýrsla Capacent

reykjavik.is/ibudir


BYLGJAN
KYNNIR
Í SAMVINNU
VIÐ PRIME
ÍSAFJÖRÐUR
15. DES
EGILSSTAÐIR
17. DES
AKRANES
19. DES
AKUREYRI
21. DES
REYKJAVÍK
23. DES
BUBBI
ÞORLÁKSMESSUTÓNLEIKAR
MIÐASALA HEFST FIMMTUDAGINN 13. OKTÓBER KL. 10:00
WWW.HARPA.IS | MAK.IS | TIX.IS
prime
UMBOÐSSKRIFSTOFA
BYLGJAN
HARPA
tix.is



Björgólfur Thor Björgólfsson hóf fjárfestingarferil sinn sem frumkvöðull. Hann horfir nú aftur til upprunans og vill einbeita sér að því að búa til nýja hluti með skemmtilegu fólki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gleðin framar gróðanum

**Björgólfur Thor Björgólfsson hefur sem fjárfestir kynnst bæði góðum tímum og slæmum. Félag hans Novator seldi nýlega Nova og fjórfaldaði fjárfestingu sína í félaginu. Hann segir reynsluna hafa kennt sér að einbeita sér að styrk sínum sem hugmyndasmið.**

Hafliði Helgason
hafliði@frettabladid.is



Nova kom eins og stormsveipur inn á íslenskan símamarkað fyrir tæpum áratug. Björgólfur Thor Björgólfsson lagði til hugmyndina og fé til stofnunar félagsins. Eins og gengur voru ekki margir trúaðir á verkefnið í byrjun. Boðið var upp á ókeypis símtöl og margir klóruðu sér í hausnum yfir því hvernig félagið ætti að afla tekna. Nova var fjármagnað af eigandanum Novator frá byrjun sem nú áratug síðar selur félagið í góðu ásigkomulagi fyrir, að því að heimildir herma, um 16 milljarða króna til erlendra fjárfesta.

## Eins og barnauppeldi

„Ég byrjaði sem frumkvöðull þegar við stofnuðum bjórfyrirtækið Bravo í Rússlandi,“ segi Björgólfur Thor og bætir því við að hann hafi með tímanum farið betur og betur að átta sig á því hvar styrkleikar hans liggja og nýta þá. „Ég er bestur í því að fá hugmyndir, finna gott fólk til að vinna með mér í að láta þær verða að veruleika og selja síðan. Ég nota stundum þá líkingu að það að fóstra svona hugmynd er eins og að ala upp barn. Fyrst ósjálfbjarga ungbarn, smábarn síðan ungling og svo einstakling sem er tilbúinn að fara út í lífið. Þá sleppir maður og snýr sér að næsta verkefni.“

Björgólfur segir að á tímabili hafi hann farið í ýmis fjárfestingarverkefni sem byggðu á greiningu verðkennitalna og tækifæra í skráðum fyrirtækjum í fullmótuðum rekstri. Það hafi ekki alltaf gengið vel. Hann hafi því fært sig að því sem honum finnst gaman og það sé að byggja frá grunni.

## Tekur minnst tíu ár

Bjórverksmiðja Bravó var slíkt verkefni og ásamt Nova hefur Björgólfur Thor byggt upp farsímafyrirtæki í Póllandi og í Chile. „Það er merkilegt að í öllum fyrirtækjunum verður til sami kúltúrinn, sama stemning á skrifstofunni. Þessi fyrirtæki eru hvert í sínu heimshorninu, en öll að breyta stöðnuðum mörkuðum. Þetta er kjarninn í því að vera frumkvöðull og því vil ég fylgja umfram allt.“

Hann segir að lykillinn að stemningunni sé að allt byrji þetta á hugmyndavinnu. Fyrst sé að greina hvað hinir séu að gera og finna svo hvernig hægt sé að gera hlutina öðruvísi og betur. Björgólfur Thor segir mikilvægt að átta sig á því að þetta er vegferð sem tekur tíma. „Ég hef verið spurður að því hvert ég muni fara næst og ég svara því að ég viti það ekki, en ég viti að ég þurfi að vanda ákvörðunina vel, því þetta sé tíu ára skuldbinding. Bravo tók tíu ár og Nova tók tíu ár. Það er sennilega lágmarkstími á startup-verkefni.“

**Ég held að ef einhver lykill sé til að velgengni, þá sé það hæfileikinn til að aðlagast hratt. Ekki það að vera klárastur, sterkastur eða fljótastur.**

Framtakssjóðir (e. Private Equity) horfa oft til fjögurra eða fimm ára mest í sínum fjárfestingum. Novator hefur oft verið skilgreint sem slíkur sjóður, en í tilfelli Novator er tímaramminn yfirleitt rýmri. „Það þýðir að við getum tekið meiri áhættu í upphafi og varið tíma í hugmyndavinnu. Að sama skapi þýðir það að við getum ekki verið að skipta oft um skoðun á stefnunni. Maður verður að trúa á stefnuna og fylgja henni fast eftir.“

## Við dauðans dyr

Hann bætir því við að þó að sýnin sé skýr þurfi alltaf að halda vöku sinni og spyrja sig gagnrýninna spurninga og hafa fólk í kringum sig sem sé óhrætt við að spyrja spurninga. „Ég held að ef einhver lykill sé til að velgengni, þá sé það hæfileikinn til að aðlagast hratt. Ekki það að vera klárastur, sterkastur eða fljótastur.“

Slíkar vegferðir eru ekki án erfiðleika og Björgólfur segir að fyrirtækin eigi það sammerkt að hafa farið í gegnum „near death experience“ og notar þar hugtak sem vísar til sjúklinga sem deyja og eru endurlífgaðir. „Alltaf þegar þetta gerist og útlitið er sem svartast, þá gerist eitthvað. Einhver hugmynd verður til og fyrirtækin verða miklu sterkari á eftir.“

## Lokaður inni í kofa

Björgólfur Thor hefur ekki farið varhluta af efnahagslægðum og efnahagsáföllum í vegferð fyrirtækja sinna. Kreppa skall á með fullum þunga í Rússlandi 1998 og fjármálakreppuna sem reið yfir heiminn og hafði miklar afleiðingar hér á landi þarf ekki að fjölyrða um. „Kreppan 1998 reið Bravo næstum að fullu og sama hér með Nova 2008. Félagið var enn í taprekstri og þurfti meira eigið fé og sama gilti um Play í Póllandi.“

Staða Björgólfs Thors er sterk í dag, en útlitið var dökkt eftir að fjármálakreppan skall á árið 2008. Með stuðningi Deutsche Bank hafði hann keypt aðra hluthafa út úr Actavis árið 2007. Í slíkum viðskiptum reyna bankar að dreifa áhættu sinni með sölu lána til annarra fjármálafyrirtækja. Deutsche Bank tókst ekki að ljúka því áður en allar dyr lokuðust á fjármálamörkuðum. Á þessum tíma var Actavis stærsta einstaka áhætta bankans og mikið í húfi. Björgólfur Thor segist ekki geta hugsað þá hugsun til enda hvernig farið hefði

# MÖMMUM BOÐIÐ Í KAFFI

Árvekniátak **Krabbameinsfélagsins** um brjóstakrabbamein hófst með viðhöfn í Kringlunni 29. september og nær hápunkti á bleika daginn 14. október þegar fólk og fyrirtæki sameinast um að minna á átakið með því að klæðast bleiku, skreyta með bleiku eða bjóða upp á bleikar veitingar. Átakið í ár ber yfirskriftina #fyrirmömmu.

**Vera Einarsdóttir**
vera@365.is



Krabbameinsfélagið hrindir af stað árvekniátaki um krabbamein tvisvar á ári. Í október snýr það að konum en að körlum í mars. Að hverju sinni er átakinu valin yfirskrift og að þessu sinni er hún #fyrirmömmu.

„Á hverju ári setjumst við niður og förum yfir hvaða krabbamein er brýnast að minna á. Ástæðan fyrir því að brjóstakrabbamein varð fyrir valinu í ár er sú að reynslan sýnir okkur að við þurfum sífellt að vera að minna á brjóstakrabbameinsleitina. Aðsóknin eykst alltaf í kringum árvekniátökin okkar en dvínar því miður fljótlega eftir að við hættum að minna á. Það er mjög miður því skipulögð leit er öflugasta vopnið í baráttunni gegn brjóstakrabbameini á byrjunarstigi þegar lækning er möguleg,“ segir Kolbrún Silja Ásgeirsdóttir, kynningar- og fjáröflunarstjóri Krabbameinsfélagsins.

Kolbrún segir alltaf reynt að finna þema sem vekur athygli og hreyfir við fólki. „Það er því miður ekki nóg að segja bara; munið að mæta.“

Konur sem fá boð um að koma í skoðun eru á aldrinum 40-69 ára. „Þegar við förum að hugsa um konur sem hafa greinst á þessum aldri barst talið að því hvað þetta snertir yfirleitt marga og er mikið áfall fyrir fjölskylduna. Margar þessara kvenna eru mæður og/eða eiga mæður og niðurstaðan var sú að mömmur eru svolítið miðjan í þessu. Við eigum það nánast öll sameiginlegt að eiga móður hvort sem hún er með okkur eða ekki og flestir eru ánægðir með og þakklátir fyrir sína mömmu. Okkur fannst þetta flötur sem væri sameinandi og hlýr. Við vildum ýta undir að fólk þakkaði mömmu og um leið að hvetja mömmur og allar konur, ungar sem aldnar til að fara í skoðun,“ segir Kolbrún en konur eru hvattar til að mynda sig með mæðrum sínum eða birta gamlar mæðgna- eða mæðginamyndir og senda á Krabbameinsfélagið sem deilir þeim á samfélagsmiðlum. „Eins hvetjum við fólk til að bjóða mömmu sinni í mömmukaffi á bleika daginn, föstudaginn 14. október. Hvort sem er heim eða á vinnustaðinn.“

Átakinu í ár er þó ekki aðeins ætlað að minna konur á að fara í skoðun heldur er líka verið að safna fyrir nýjum leitartækjum og rennur allt söfnunarfé bleiku slaufunnar óskert til endurnýjunar tækjabúnaðar til skipulagðrar brjóstakrabbameinsleitar. „Samhliða endurnýjun tækja hyggjumst við uppfæra hugbúnaðinn okkar og taka upp nýtt boðunarkerfi. Í dag fá konur bréf á tveggja ára fresti sem hugsanlega endar á ísskápnum en getur líka týnst og gleymst. Með boðunarkerfinu getum við bókað konu í tíma, sent hann til hennar og beðið hana um að breyta ef hún kemst ekki. Kerfið er notað í Svíþjóð og hefur gefið góða raun.“




Margir hafa lagt átakinu í ár lið. Hér má sjá þekktar konur og mæður með börnum sínum.

Kolbrún segir alltaf reynt að finna þema sem hreyfir við fólki og vekur athygli. „Þegar við förum að hugsa um konur sem hafa greinst á aldrinum 40-69 ára barst talið að því hvað þetta er alltaf mikið áfall fyrir fjölskylduna. Margar þessara kvenna eru mæður og/eða eiga mæður og niðurstaðan var sú að mömmur eru svolítið miðjan í þessu. MYND/GVA



Selma Björk er mjög ánægð með áhrifin af Femarelle.






Femarelle skiptir Valgerði miklu máli.






Eva Ólöf er hressari þegar hún notar Femarelle.




**40+**
**FEMARELLE REJUVENATE**
- Minnkar skapsveiflur
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur teygjanleika húðar
- Viðheldur eðlilegu hári

**50+**
**FEMARELLE RECHARGE**
- Slær hratt á einkenni (hitakóf og nætursviti minnka)
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur kynhvöt
- Hefur engin áhrif á vef í brjóstum eða legi

**60+**
**FEMARELLE UNSTOPPABLE**
- Inniheldur kalsíum og D3-vítamín sem eru nauðsynleg til að styrkja bein að innan
- Stuðlar að heilbrigðri slímhúð legganga
- Eykur liðleika
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku sem stuðlar að andlegu jafnvægi





200 krónur af hverri seldri vöru rennur til bleiku slaufunar

Elskaðu.Lifðu.Njóttu.
Femarelle® vörulínan


















Þær Lovísa Halldórsdóttir og Unnur Eir Björnsdóttir eru hönnuðir Bleiku slaufunnar í ár en þær unnu hugmyndasamkeppni sem var haldin af Krabbameinsfélaginu í samstarfi við Félag íslenskra gullsmiða.

# MIKILVÆGASTA STUÐNINGSNETIÐ

Bleika slaufan í ár er hönnuð af gullsmiðunum Lovísu Halldórsdóttur og Unni Eiri Björnsdóttur. Hún táknar stuðningsnetið sem mikilvægast er þeim konum sem greinast með krabbamein, fjölskylduna og samfélagið.

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is





Silfurslaufan er framleidd í tvö hundruð eintökum og er mikil vinna á bak við hverja.

Þær Lovísa Halldórsdóttir og Unnur Eir Björnsdóttur eru hönnuðir Bleiku slaufunnar að þessu sinni en þær unnu hugmyndasamkeppni sem var haldin af Krabbameinsfélaginu í samstarfi við Félag íslenskra gullsmiða í apríl síðastliðnum um hönnun slaufunnar 2016. Þetta er í fimmta sinn sem Krabbameinsfélagið og Félag íslenskra gullsmiða halda samkeppni um hönnun Bleiku slaufunnar. „Hugmyndin bak við slaufuna okkar er sú að okkur langaði að einblína á þann sem stendur manni næst þegar erfiðleikar steðja að, það er mikilvægt að eiga góða að,“ segir Lovísa. „Bleika slaufan 2016 táknar stuðningsnetið sem mikilvægast er þeim konum sem greinast með krabbamein, fjölskylduna og samfélagið,“ bætir Unnur Eir við.

Ástæðan fyrir því að þær Lovísa og Unnur Eir tóku þátt í samkeppninni um hönnun Bleiku slaufunnar var fyrst og fremst sú að þær langaði að styrkja gott málefni. „Okkur fannst þetta tilvalið tækifæri fyrir okkur að vinna að skemmtilegu verkefni saman en við erum vanar samvinnu því við kynntumst í gullsmíðanáminu og útskrifuðumst saman,“ segir Unnur Eir. Lovísa samsinnir því. „Við unnum vel og náið saman í náminu og var draumurinn sá að gera eitthvað saman í framtíðinni og þetta var tækifærið. Við vorum virkilega ánægðar með hugmyndina og þróunarstarfið okkar og vonuðumst svo innilega til þess að vera valdar.“



Spurðar hvort þær hafi átt von á því að þeirra hönnun að Bleiku slaufunni yrði valin segjast þær hafa verið mjög jákvæðar þegar þær skiluðu gripnum sínum inn en eftir því sem tíminn leið fóru þær að efast. „Þannig að það má segja að símtalið góða hafi komið skemmtilega á óvart. Eftir jákvæðni og neikvæðni til skiptis vorum við eðlilega í skýjunum með valið og þetta fór allt að verða raunverulegt. Alls konar pælingar fóru í gang, velja rétta bleika litinn á steininum, réttu keðjuna, útlit öskju og fleira.“

Eins og margir vita eru tvær útgáfur af Bleiku slaufunni, annars vegar slaufan sem er barmnæla og hins vegar viðhafnarútgáfan sem er hálsmen úr silfri í takmörkuðu upplagi. Hönnuðirnir segjast hafa viljað ná því fram að hanna og smíða grip sem er táknrænn. „Við byrjuðum á hugmyndavinnu bæði varðandi þema slaufunnar og útlit. Margar skissur enduðu í ruslinu þar til sú rétta kom. Þá færðum við okkur yfir í framleiðsluferlið þar sem stóra spurningin var hvort hugmyndin væri gerleg. Eftir miklar pælingar og vangaveltur small þetta allt saman,“ segir Lovísa.

„Við sáum um smíði og framleiðslu viðhafnarútgáfunnar, silfurslaufan er framleidd í tvö hundruð eintökum og er mikil vinna á bak við hverja slaufu. Við erum virkilega ánægðar með viðtökur viðhafnarslaufunnar í ár og er hún nánast að seljast upp,“ segir Unnur Eir.

„Okkur langaði að gera skartgrip sem konur munu nota áfram sem við teljum að hafi tekist og okkur finnst gaman að sjá hve margir karlmenn bera barmnæluna líka í ár,“ segja gullsmiðirnir og hönnuðir Bleiku slaufunnar í ár, þær Lovísa Halldórsdóttir og Unnur Eir Björnsdóttir.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*

# Bleika slaufan

12. október 2016

# Þú með brjóstakrabbamein – þú sem ert læknir?



MYND/ERNIR

Læknarnir Auður Smith, María Soffía Gottfreðsdóttir og Sigurlaug Benediktsdóttir hafa allar greinst með brjóstakrabbamein en eru heilbrigðar í dag. Þær hafa nýlega stofnað stuðningshóp fyrir konur í læknastétt sem hafa gengið í gegnum sjúkdóminn. Nokkuð margir kvenkyns læknar hafa greinst með brjóstakrabbamein sem veldur þeim áhyggjum.

**Elín Albertsdóttir**
elin@365.is



Brjóstakrabbamein spyr ekki um stétt eða stöðu. Læknar greinast með sjúkdóminn líkt og aðrir. Þær María Soffía, Auður og Sigurlaug hvetja konur til að þreifa brjóst sín og vera meðvitaðar um að brjóstakrabbamein sé algengasta krabbamein hjá konum. Brjóstakrabbamein er hægt að greina á snemmstigum og því mikilvægt að fylgjast vel með öllum breytingum sem verða á brjóstum. Á undanförnum árum hafa komið fram mun betri lyf en áður sem auka mjög lífslíkur kvenna sem greinast með brjóstakrabbamein. Það er þó til umhugsunar að ein af hverjum níu konum greinast með brjóstakrabbamein.

Það er ekki hægt að sjá það á þeim Maríu Soffíu, Auði og Sigurlaugu að þær hafi glímt við erfið veikindi. Þetta eru konur í krefjandi störfum og undir miklu álagi í vinnunni. Þær eru allar sammála um að gott mataræði og hreyfing sé lífsnauðsynlegt fyrir konur sem hafa greinst og einnig sem fyrirbyggjandi aðgerð gegn veikindum. Þá fari streita mjög illa með fólk. Árvekni gegn brjóstakrabbameini hefur slagorðið #fyrirmömmu að þessu sinni. María Soffía, Auður og Sigurlaug eru allar þriggja barna mæður. Læknar þurfa líka stuðning í sínum veikindum.

## Fann hnút í brjóstinu

***María Soffía*** er sérfræðingur í augnskurðlækningum. Hún greindist með brjóstakrabbamein fyrir fimm árum, þá 47 ára. „Ég bjó lengi í Bandaríkjunum og var í heimsókn þar þegar ég fann hnút í brjósti. Það var búið að vera mikið að gera hjá mér vikurnar á undan og þetta átti að vera gott frí en ég fann hnútinn á fyrsta deginum,“ greinir María Soffía frá. „Ég vissi strax að þetta væri ekki eðlilegt. Ég hringdi í lækni hér heima sem hvatti mig til að fara í skoðun á staðnum, kannski væri þetta ástæðulaust að skemma fríið. Ég fór í myndatöku og sónar og tveimur dögum síðar var ég komin með

allar upplýsingar í hendurnar. Ég reyndist vera með HER2-positive brjóstakrabbamein sem var mjög ágeng tegund þar til ný lyf komu á markað fyrir um tíu árum,“ útskýrir María Soffía en hún dreif sig strax heim til Íslands þegar hún fékk niðurstöður úr rannsóknunum.

„Ég var heppin því æxlið var staðbundið og ekkert farið að dreifa sér í eitla. Ég fór í brjóstnám og síðan heilmikla tólf mánaða lyfjameðferð vegna þess að ég var HER2-positive. Ég vann á krabbameinsdeild í hálft ár þegar ég var kandidat og vissi því heilmikið um þennan sjúkdóm. Mér fannst mjög gott að ræða veikindin við lækna sem höfðu gengið í gegnum þetta sama og fá góð ráð frá þeim.“

María Soffía viðurkennir að það hafi verið áfall að missa hárið í kjölfar lyfjagjafa. „Það er kannski hégómlegt en mér fannst mjög erfitt að fara í sturtu og vera með hendurnar fullar af hárum. Ég var með tárin í augunum. Flestum konum líður þannig því hárið er svo stór hluti af manni. Mér fannst heldur aldrei auðvelt að fara í hlutverk sjúklings því maður er vanari að hjúkra eða lækna. Þetta var afar lærdómsríkt,“ segir hún. „Ég vildi ekki láta vorkenna mér, leit á sjúkdóminn sem verkefni sem ég þyrfti að takast á við og ætlaði að gera það vel,“ segir María Soffía. „Maður reynir að vanda sig í öllu því sem maður tekur sér fyrir hendur. Stuðningur fjölskyldunnar skiptir líka miklu máli og ég á mjög góða fjölskyldu. Einnig fór ég út að ganga á hverjum einasta degi og í fjallgöngur en það er mjög mikilvægt. Stundum var erfitt að koma sér út en mér fannst það algjörlega nauðsynlegt. Ég setti mér ákveðið markmið um hreyfingu sem ég fylgdi.“



María Soffía Gottfreðsdóttir, Auður Smith og Sigurlaug Benediktsdóttir hafa áhyggjur af því hversu margir kvenkyns læknar hafa fengið brjóstakrabbamein. MYND/ERNIR

### Bylting í meðferðinni

***Auður Smith*** er kvensjúkdóma- og fæðingalæknir. Hún greindist í maí 2013, þá 46 ára. Auður fann sjálf hnút í brjósti en fór ekki alveg strax í myndatöku. „Ég ætlaði að sjá hvernig þetta myndi þróast. Það var mjög mikið að gera hjá mér á þessum tíma. Ég hafði farið í brjóstamyndatöku tæpu ári áður. Það var ákveðinn léttir að ég hafði ekki trassað það. Hins vegar getur æxli byrjað að myndast daginn eftir skoðun og einnig er alltaf möguleiki að það sjáist ekki. Myndatakan er hins vegar besta tækni sem til er. Ég fór síðan í skoðun og ástungu í júlí og viku seinna var ég komin í brjóstnám. Á myndum kom í ljós eitt æxli og hreinir eitlar en í sónar sást lítið æxli að auki. Þegar skorinn var fleygskurður í brjóstið reyndust nokkur lítil æxli í brjóstinu og það var því allt tekið. Brjóstnám fór fram í ágúst og nokkru síðar hófst lyfjameðferð í sex mánuði. Ég reyndist vera með hormónaháðan brjóstakrabba sem þótti mjög slæmt hér á árum áður. Horfur hafa hins vegar gjörbreyst og það hefur orðið bylting í meðferðinni,“ segir Auður. „Ég tek mitt tamoxífen núna en það hindrar áhrif kvenhormónsins estrógengs á krabbameinsfrumur. Þetta lyf setur mann í gegnum tíðahvörf en allar konur sem greinast með hormónaháð brjóstakrabbamein, sem er algengast, þurfa að taka þetta lyf í tíu ár,“ segir hún.

Það var ekki jafn erfitt fyrir Auði og flestar konur að missa hárið. „Kannski vegna þess að ég fann fyrsta gráa hárið þegar ég var sautján ára. Ég var því orðin svolítið gráhærð á þessum tíma og sífellt að lita rótina. Ég eignaðist son þegar ég var 42 ára og langaði að vera ungleg aðeins lengur. Maðurinn minn rakaði síðan af mér allt hárið einn daginn og það kom grátt til baka. Þá ákvað ég að leyfa því bara að vera gráu,“ segir hún og hlær. „Ég fékk mér voða fína hárkollu sem ég notaði lítið en lærði að hnýta klúta um höfuðið hjá Ljósinu. Það er hægt að gera smart höfuðföt með fallegum slæðum,“ segir Auður sem eins og hinar er vel gift og hefur fengið mikinn stuðning frá fjölskyldunni í gegnum veikindin. Hún var frá störfum í tíu mánuði en er komin aftur á fullt í vinnu.

> „Þrettán konur sem starfa sem læknar hafa greinst með brjóstakrabbamein og það er áhyggjuefni. Við höfum enga skýringu á því. Margt bendir til þess að læknar og heilbrigðisstarfsfólk sem vinnur vaktavinnu sé móttækilegra fyrir sjúkdómum en aðrir.

### Lét taka bæði brjóstin

***Sigurlaug Benediktsdóttir*** er einnig sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp. Hún greindist aðeins 38 ára þegar hún fór í myndatöku í Lundi í Svíþjóð þar sem hún var búsett. Í framhaldinu fór hún í sónar sem sýndi greinilegt æxli í brjósti á byrjunarstigi. Í Svíþjóð þarf að bíða í fimm til sex vikur eftir aðgerð. Sigurlaug segir að það hafi verið mjög erfiður tími. Boðleiðirnar séu mun lengri í Svíþjóð en hér á landi. „Það er erfitt að vera með hugann tepptan við nýgreindan sjúkdóminn og þá er gott að geta farið í vinnuna og hugsað um eitthvað annað. Það hjálpaði mér þó að ég var með lítil börn til að hugsa um, það yngsta þriggja ára. Ég sagði auðvitað vinnufélögum mínum frá þessu og það var tekið tillit til mín, ég slapp við vaktir og erfiðar móttökur. Ég sinnti kennslu því meira. Maður hefur ekki mikið að gefa þegar maður er í áfalli. Sem betur fer hafði ég nóg að gera með börnunum mínum þremur á þessum tíma.“

Sigurlaug var alltaf hrædd við brjóstakrabbamein þar sem það hafði komið upp í ættinni. „Ég var meðvituð um þetta,“ segir hún. Sigurlaug lét taka bæði brjóstin og þurfti ekki að fara í lyfjameðferð þar sem æxlið uppgötvaðist á byrjunarstigi og hafði ekkert dreift sér. Ég vildi ekki taka þá áhættu að fá brjóstakrabbamein aftur,“ segir hún og ítrekar að í dag sé hún heilbrigð og laus við meinið. Sigurlaug lét byggja brjóstin upp að nýju, eins og María Soffía og Auður. „Ég hugsa ekki lengur um brjóstakrabbameinið sem ógn,“ segir Sigurlaug. „Ég er sloppin og upplifi mig sem heilbrigða konu.“

Þær segja allar að það að greinast með brjóstakrabbamein sé ákveðin reynsla sem breyti manni. „Það er andlegt og líkamlegt áfall að greinast og fara í brottnám á brjósti. Þessi reynsla dýpkar mann sem manneskju og sem lækni,“ segir Sigurlaug. „En það er miklu meiri stuðningur við þá sem greinast hér á landi en í Svíþjóð, til dæmis stuðningshópar.“

### Margar sem greinast

Nýlega greindist einn kollegi þeirra úr læknastétt. „Það eru þrettán konur sem starfa sem læknar sem hafa greinst með brjóstakrabbamein og það er áhyggjuefni. Við höfum enga skýringu á því,“ segir Auður. „Það er þó margt sem bendir til þess að læknar og heilbrigðisstarfsfólk sem vinnur vaktavinnu sé móttækilegra fyrir sjúkdómum en aðrir. Reglulegur svefn er mikilvægur. Sjálfsagt verður einhvern tíma hægt að rannsaka það betur. Við höfum heyrt af kvenkynslæknum sem segjast vera hættar að vera með farsímann í vinstri brjóstvasa. Mögulega er þessi áhætta alls staðar í umhverfinu en það eru engar vísindalegar rannsóknir sem hafa sýnt það,“ segir Auður. Læknar eru guðir í augum margra. Þess vegna þykir mörgum skrítið þegar læknir greinist með krabbamein. Þær María Soffía, Auður og Sigurlaug fá stundum að heyra setninguna: „Ha, ert þú með brjóstakrabbamein, þú sem ert læknir?“

### Dauðans alvara

Þær segjast hvetja allar konur til að þreifa brjóstin reglulega. Það skiptir miklu máli að sjúkdómurinn greinist fljótt. „Það er mikilvægt að þreifa brjóstin í lok blæðinga en þá er auðveldast að finna breytingu. Konur ættu að þekkja brjóstin sín, einnig er hægt að fá leiðsögn um þreifingu á Leitarstöðinni. Brjóstamyndataka á tveggja ára fresti er afar mikilvæg og engin kona ætti að sleppa henni. Þá ættu konur að notfæra sér þá þjónustu að láta taka sýni úr leghálsi. Það eru fáar rannsóknir sem gefa jafn góð svör og leghálsskimun. Með því er hægt að finna forstig sjúkdómsins en það er fátítt í öðrum tegundum. Þær sem komast ekki á Leitarstöðina geta beðið kvensjúkdómalækninn sinn að taka sýni úr leghálsi,“ segja þær. „Það hafa orðið gífurlegar framfarir í lækningu á brjóstakrabbameini en að greinast með þennan sjúkdóm er dauðans alvara. Það má heldur ekki einblína bara á brjóstin, þótt það sé langalgengasta krabbamein hjá konum, heldur er líka hægt að fá krabbamein í eggjastokka, ristil, skjaldkirtil og á fleiri stöðum. Við förum öll í gegnum sama ferlið sem greinumst með krabbamein,“ segja þessar flottu konur og vilja taka fram að brjóstakrabbamein sé í flestum tilfellum læknanlegt og lífshorfur kvenna sem greinast á Íslandi með því hæsta sem gerist á heimsvísu.

Bleikir
dagar
20%
afsláttur af
völdum vörum

Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Bleikir
dagar
20%
afsláttur af
völdum vörum

Netverslun á tiskuhus.is
My Style tískuhús
my style
Bæjarlind 1-3
201 Kópavogur
s: 571-5464

ÚTGEFANDI
365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG
vísir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA
Jóhann Waage| johannwaage@365.is | s. 512-5439
ÁBYRGÐARMAÐUR
Svanur Valgeirsson


10% AF ALLRI SÖLU ÞESSARAR LÍNU RENNUR TIL
STYRKTAR BARÁTTUNNI GEGN BRJÓSTAKRABBAMEINI
Fylgdu okkur á facebook
– Lindex Iceland
Peysa,
8995,–
Together
Fighting Breast Cancer
LINDEX
we make fashion feel good

# Staðreyndir um brjóstakrabbamein

Brjóstakrabbamein er algengasta krabbamein hjá íslenskum konum og hafa lífshorfur batnað verulega undanfarin ár. Það er eitt fárra krabbameina sem hægt er að greina á snemmstigum með skipulagðri hópleit. Hér eru nokkrar áhugaverðar staðreyndir um krabbameinið.

**Konur úti á landi mæta betur**

Allar konur á aldrinum 40-69 ára fá boð um að mæta á tveggja ára fresti í röntgenmynd af brjóstum.

Konur eru misduglegar að mæta í brjóstamyndatöku eftir landsvæðum. Hér er listi yfir mætingu eftir landsvæðum fyrir árið 2015 og miðað er við mætingu kvenna á þriggja ára fresti.

**68%** kvenna á aldrinum 40-69 ára (meðaltal) mæta í brjóstamyndatöku um allt land



## BESTA MÆTINGIN
eftir landshlutum

| | |
|---|---|
| Siglufjörður | 86% |
| Ólafsfjörður | 85% |
| Húsavík | 85% |
| Stöðvarfjörður | 83% |
| Stykkishólmur | 81% |
| Sauðárkrókur | 81% |
| Egilsstaðir | 81% |
| Ísafjörður | 80% |

## VERSTA MÆTINGIN
eftir landshlutum

| | |
|---|---|
| Póstnúmer 101 | 58% |
| Póstnúmer 150 | 58% |
| Reykjanesbær | 57% |
| Grindavík | 57% |
| Póstnúmer 116 | 56% |
| Póstnúmer 111 | 55% |
| Vík Í Mýrdal | 54% |
| Raufarhöfn | 47% |

## Algengi og lífshorfur

- Að meðaltali greinast um 202 konur á ári með brjóstakrabbamein og er meðalaldur við greiningu um 62 ár.
- Sjúkdómur er tiltölulega sjaldgæfur undir fertugu en um 10 konur greinast árlega undir þeim aldri.
- Konur sem eru arfberar fyrir stökkbreytingu á BRCA-geni eru líklegri til að greinast fyrir fertugt.
- Karlar geta einnig fengið brjóstakrabbamein en um einn karl greinist á móti hverjum 100 konum.
- Almennt gildir að því fyrr sem brjóstakrabbamein greinist, þeim mun betri eru lífshorfur. Í heildina hafa horfur sjúklinga farið batnandi og hlutfallsleg fimm ára lifun er góð eða um 90%.

## Orsakir

Ekki er vitað hvað veldur brjóstakrabbameini en nokkrir þættir geta aukið líkur á því:

- Fjölskyldusaga
- Kvenhormón
- Offita
- Áfengisneysla
- Vaktavinna
- Landfræðilegur munur

## Helstu einkenni brjóstakrabbameins

- Hnútur eða fyrirferð í brjósti.
- Inndregin húð eða geirvarta.
- Hnútur í handarkrika.
- Blóðug eða glær útferð frá geirvörtu.
- Exemlíkar breytingar á geirvörtu eða sár sem ekki grær.
- Verkir og eymsli eru afar sjaldan merki um sjúkdóminn.

*Ef þú hefur eitthvert ofangreindra einkenna þá ráðleggjum við þér að leita til læknis eða hjúkrunarfræðings á Leitarstöðinni. Mikilvægt er að átta sig á að þessi einkenni geta verið af saklausum toga.*

**» Yfir 87% kvenna voru ánægðar með síðustu heimsókn sína í brjóstamyndatöku.**

**» Skipuleg leit að brjóstakrabbameini er talin lækka dánartíðni um allt að 40%.**

**» Á um 40 klukkustunda fresti greinist kona með brjóstakrabbamein hér á landi.**

nokian TYRES®

BLEIKA SLAUFAN



# Fáðu 20% afslátt af NOKIAN dekkjum og styrktu Bleiku slaufuna um leið

Veldu margverðlaunuð finnsk gæðadekk sem eru sérstaklega hönnuð fyrir krefjandi aðstæður norðlægra slóða

MAX1 býður 20% afslátt af hágæða Nokian dekkjum og hluti söluágóða rennur til Krabbameinsfélagsins.

- ✓ ein öruggustu dekk sem völ er á
- ✓ ítrekað valin bestu dekkin í gæðakönnunum
- ✓ breitt úrval nagla-, vetrar- og heilsársdekkja
- ✓ eigum dekk fyrir fólksbíla, jeppa og sendibíla

SENDUM UM ALLT LAND
Flutningur með Flytjanda
500 kr. hvert dekk

Skoðaðu dekkjaleitarvélina á MAX1.is

Bíldshöfða 5a, Reykjavík
Jafnaseli 6, Reykjavík
Dalshrauni 5, Hafnarfirði
*(Knarrarvogi 2, Reykjavík Ath. ekki dekkjaþjónusta)*

Opið:
Virka daga kl. 8-17
Laugardaga: sjá MAX1.is

Aðalnúmer:
515 7190

MAX1 BÍLAVAKTIN

## BRJÓSTAKRABBAMEIN KARLA OG KVENNA

| | Karlar | Konur |
|---|---|---|
| Hlutfall af öllum meinum | < 1% | 28,7% |
| Meðalaldur við greiningu | 65 ár | 62 ár |
| Meðalfjöldi látinna á ári | 0-1 | 40 |
| Fjöldi á lífi í árslok 2014 | 25 | 2.848 |

Yfirlit 2010-2014

## ÚR ÞJÓNUSTUKÖNNUN MASKÍNU

**AF HVERJU FERÐU EKKI OFTAR Í BRJÓSTAMYNDATÖKU?***

| | |
|---|---|
| **Framtaksleysi** | **55,3 %** |
| Fresta því alltaf / Hef ekki tíma | 21,8% |
| Finnst myndatakan of dýr | 8,3% |
| Aldur / Of ung | 8,3% |
| Vont / Óþægilegt | 4,9% |
| Finnst ólíklegt að ég fái brjóstakrabbamein | 3,4% |
| Hræðsla við að ég muni greinast | 3,4% |
| Hræðsla við geislana | 3,4% |
| Annað | 17,5% |

**AF HVERJU FERÐU REGLULEGA Í BRJÓSTAMYNDATÖKU?***

| | |
|---|---|
| **Af því að ég ber ábyrgð á eigin heilsu** | **91,9%** |
| Finnst það skylda mín | 36,0% |
| Brjóstakrabbamein í ættinni | 16,2% |
| Einhver annar segir mér að fara | 8,9% |
| Vinkona mín greindist með brjóstakrabbamein | 6,8% |
| Annað | 2,8% |

**HVAÐ AF EFTIRFARANDI Á BEST VIÐ UM ÞIG?***

| | |
|---|---|
| Ég fer árlega í brjóstamyndatöku | 4% |
| **Ég fer í brjóstamyndatöku þegar ég fæ boðunarbréf, á u.þ.b. 2 ára fresti** | **73%** |
| Ég fer ekki reglulega í brjóstamyndatöku | 14% |
| Ég hef aldrei farið í brjóstamyndatöku | 8% |

*Könnunin var gerð í júní 2016


+2 kr.
af hverjum lítra renna til Krabbameinsfélagsins með Orkulykli Bleiku slaufunnar í október
Til styrktar Krabbameinsfélagi Íslands
Látum gott af okkur leiða
Sæktu um Orkulykil Bleiku slaufunnar á orkan.is. Með honum styrkir þú baráttuna gegn krabbameini allan ársins hring. Í október renna tvær krónur af hverjum keyptum eldsneytislítra á Orkunni og Skeljungi til Krabbameinsfélagsins.
ORKAN



Kostnaður við hvert tæki er um 30 milljónir.

# Tækjabúnaður endurnýjaður

Öllu söfnunarfé Bleiku slaufunnar í ár verður varið óskertu til endurnýjunar tækjabúnaðar til skipulegrar leitar að brjóstakrabbameini. Margþættur ávinningur er af endurnýjuðum tækjabúnaði og má þar helst nefna minni óþægindi við myndatökur og minni geislun, aukið öryggi við greiningar, hagræði vegna lægri bilanatíðni og ekki síður mikinn sparnað við viðhald tækja. Áætlaður kostnaður við hvert tæki er a.m.k. 30 milljónir króna. Nú þegar hafa um 5,2 milljónir safnast en öll áheit sem söfnuðust í Reykjavíkurmaraþoninu renna til tækjakaupanna. Að auki söfnuðu bændur, dreifingaraðilar og framleiðendur heyrúlluplasts 900 þúsund krónum með sölu á bleiku heyrúlluplasti.

Samhliða kaupum á nýjum tækjum er fyrirhugað að taka í notkun nýtt boðunarkerfi vegna brjóstakrabbameinsskoðunar en talið er að kerfið muni fjölga konum sem koma reglulega í skoðun.

Brjóstakrabbamein er algengasta krabbamein kvenna hér á landi og greinist kona á um 40 klukkustunda fresti með brjóstakrabbamein, allt árið um kring.

Þótt brjóstakrabbamein sé almennt kvennasjúkdómur snertir hann alla landsmenn með einhverjum hætti. Öll þekkjum við konur sem eru okkur kærar og eru mæður okkar nærtækt dæmi. Herferðin í ár leggur því áherslu á að mömmur séu ómetanlegar og hafi alltaf verið til staðar fyrir okkur. Því er hvatt til þess að passað sé vel upp á þær og þær séu um leið studdar, eins og aðrar konur, í baráttunni við brjóstakrabbamein.




EKKI GLEYMA AÐ ÞVO ÞÉR UM HENDURNAR
KVEÐJA, MAMMA
#fyrirmömmu
BLEIKA SLAUFAN

EKKI HLAUPA Í STIGANUM
KVEÐJA, MAMMA
#fyrirmömmu
BLEIKA SLAUFAN

TVG-ZIMSEN
FLUTNINGSMIÐLUN



Lára segir mögulega skýringu þess að konur mæti ekki í skipulagða hópleit vera að þær séu einkennalausar. Hún bendir hins vegar á að krabbamein sé oft einkennalaust og þá sérstaklega á byrjunarstigi þegar auðveldast er að ráða við það. MYND/GVA

# Mæting víða undir væntingum

**Sextíu og átta prósent kvenna á aldrinum 40-69 ára mæta að meðaltali reglulega í brjóstamyndatöku hér á landi á ári. 80% mæting væri ásættanlegri. Mætingin er mismunandi eftir landshlutum og hvað síst á höfuðborgarsvæðinu. Lára G. Sigurðardóttir læknir segir aðsókn í leitina taka kipp í kringum árvekniátök Krabbameinsfélagsins og að flestar konur séu ánægðar með síðustu skoðun.**

**Vera Einarsdóttir**
vera@365.is



Mæting í skipulagða hópleit að brjóstakrabbameini sem konur á aldrinum 40-69 ára eru boðaðar í er mismunandi eftir landshlutum. Konur á Siglufirði, Ólafsfirði og Húsavík mæta best. Þar er hlutfallið í kringum 85 prósent. Konur í póstnúmeri 101, í Reykjanesbæ, póstnúmeri 111 og á Raufarhöfn eru á meðal þeirra sem mæta verst og er hlutfallið í sumum tilfellum vel undir 60 prósentum. Að meðaltali mæta 68 prósent kvenna á aldrinum 40-69 ára í reglulega leit. Þær mættu að sögn Láru G. Sigurðardóttur, læknis og fræðslustjóra Krabbameinsfélagsins, vera mun fleiri.

Að sögn Láru segja um 80 prósent kvenna framtaksleysi og tímaskort vera ástæðu þess að þær mæti ekki í reglulega hópleit. „Þetta á bæði við um brjóstakrabbameins- og leghálskrabbameinsleitina. Þær gefa sér hreinlega ekki tíma. Mögulega er það vegna þess að þær eru ekki með nein einkenni en við viljum ekki síst fá einkennalausar konur,“ segir Lára og bendir á að krabbamein sé oft einkennalaust og þá sérstaklega á byrjunarstigi þegar auðveldast er að ráða við það.

## Flestar ánægðar

Lára segir einhverjum konum vaxa skoðunin í augum en að það sé yfirleitt óþarfi. „Skoðunin sjálf tekur skamman tíma og er oftast án nokkurra óþæginda. Það eru teknar tvær röntgenmyndir af hvoru brjósti. Það fer svolítið eftir einstaklingum hversu langan tíma það tekur en að jafnaði eru þetta ekki nema fimm til tíu mínútur.“ Að sögn Láru eru 87 prósent þeirra kvenna sem mæta ánægðar með síðustu komu.

Ef einhver breyting eða óregla finnst á myndinni er hringt í konuna og hún kölluð í ómskoðun. „Það fer svo eftir því hvað hún sýnir hvort gerð er ástunga eða ekki.“

Lára segir ekkert einfalt svar við því af hverju konur mæti misvel í leitina eftir landshlutum. „Á höfuðborgarsvæðinu er aðgengi að leitinni gott og kannski gerir nálægðin það að verkum að skoðuninni er slegið á frest. Konur sem hafa bara tök á því að fara í skoðun einu sinni á ári nota kannski tímann betur, þó ég geti ekkert fullyrt um það. Þá skýrist þetta mögulega að einhverju leyti af fjölda útlendinga í sumum hverfum,“ segir Lára en ítrekar að allar konur sem eru skráðar í þjóðskrá fái bréf.

## Umræða hefur áhrif á aðsókn

Spurð að því hvort greina megi mun á aðsókn í hópleit í kringum árvekniátök Krabbameinsfélagsins segir Lára svo vera. „Yfirleitt eru símalínurnar rauðglóandi hjá okkur á meðan átak stendur yfir og mánuðina á eftir. Hún á það síðan til að dala og við virðumst alltaf þurfa að minna á. Eins koma fram nýjar kynslóðir sem nauðsynlegt er að ná til.“

Lára segir reynslusögur og tölulegar staðreyndir einna helst ýta við fólki. „Ef einhver sem hefur greinst ungur stígur fram, á fólk það til að koma til okkar og sömuleiðis ef einhver nákominn greinist.“

## Ekki hægt að skima fyrir öllu

Lára segist oft fá þá spurningu hvort ekki sé bara hægt að skima fyrir öllu krabbameini í einu. „Það væri auðvitað óskandi og þó vísindamenn séu sífellt að leita nýrra leiða erum við því miður ekki komin á þann stað. Í raun eru það bara þrjú krabbamein sem skimað er fyrir en það eru leghálskrabbamein, brjóstakrabbamein og ristilkrabbamein. Nú þegar er skimað fyrir legháls- og brjóstakrabbameini hér á landi en til stendur að taka upp skipulagða ristilkrabbameinsleit eftir áramót. Í sumum löndum er svo skimað fyrir lungnakrabbameini hjá ungu fólki sem hefur reykt í meira en tuttugu ár en það er ekki gert hér á landi,“ upplýsir Lára.

Hún segir krabbamein mjög flókinn sjúkdóm. „Þetta eru í raun um 200 mismunandi sjúkdómar sem hegða sér ólíkt á milli einstaklinga. Frumurnar hegða sér aldrei eins og horfur tveggja einstaklinga með sama krabbamein eru ekki endilega þær sömu.“ Nokkrar tegundir krabbameins eru algengari en aðrar og er að sögn Láru lögð mest áhersla á að finna aðferðir til að skima fyrir þeim.




# Í október leggur Hunt´s Krabbameinsfélaginu lið

Hunt's lætur hluta af söluágóða allra tómatvara renna til átaks félagsins um konur og krabbamein undir merkjum Bleiku slaufunnar. Niðurstöður ýmissa rannsókna hafa sýnt að með því að neyta tómata og afurða úr þeim sé hægt að draga úr líkum á krabbameini.



Mikilvægt er að þreifa brjóstin.

## Þreifið brjóstin reglulega

Með því að skoða og þreifa brjóstin reglulega geta konur áttað sig á því hvað er eðlilegt og hvað hefur breyst frá síðustu skoðun.
Best er að þreifa brjóstin einu sinni í mánuði, um það bil viku til tíu dögum eftir að blæðingar hefjast. Eftir tíðahvörf er best að þreifa brjóstin á svipuðum tíma í hverjum mánuði.

Horfðu fyrst á brjóstin í spegli, áður en þú þreifar þau, bæði með hendur niður með hliðum og með hendur spenntar á hnakka. Auðveldast er að þreifa brjóstin í sturtu, en einnig er rétt að þreifa þau liggjandi.

Þreifaðu vinstra brjóst með hægri hendi og notaðu til þess alla fingur nema þumalfingur en settu jafnframt vinstri hönd á hnakka. Til að koma í veg fyrir að einhver hluti brjóstsins verði útundan skaltu hreyfa fingurna eftir reglubundnu mynstri.

Temdu þér ákveðnar hreyfingar en þrýstu þó ekki of fast. Þreifaðu síðan hægra brjóstið á sama hátt með vinstri hendi og settu hægri hönd á hnakka.

## Brjóstapróf sem taka má á netinu

Á vef Krabbameinsfélagsins www.krabb.is er að finna ógrynni upplýsinga um brjóstakrabbamein. Undir flipanum Fræðsla & forvarnir er til dæmis að finna svokallað brjóstapróf. Með því að taka prófið lærir fólk að þekkja staðreyndir um krabbamein í brjóstum, sem er algengasta krabbamein hjá konum. Með því að þekkja einkenni og mæta í skoðun er oft hægt að greina sjúkdóminn á byrjunarstigi. Prófið byggist á 14 staðhæfingum sem hægt er að svara með rétt eða rangt.



### Dæmi um staðhæfingar á prófinu

- Brjóstakrabbamein greinist eingöngu hjá konum.
- Fjölskyldusaga og erfðir eiga lítinn þátt í þróun brjóstakrabbameins.
- Hnútur í brjósti er oftast krabbamein.
- Eitt glas af áfengi á dag eykur ekki líkur á brjóstakrabbameini.

EKKI HLAUPA Í STIGANUM

KVEÐJA, MAMMA

#fyrirmömmu

BLEIKA SLAUFAN

## VERSLAÐ FYRIR BLEIKA DAGINN




Landsmenn geta keypt fjölbreyttan varning fyrir Bleika daginn, sem haldinn verður föstudaginn 14. október, á netverslun Krabbameinsfélagsins en bein slóð þangað inn er vefverslun.krabb.is.

Fjölmargir vöruflokkar eru í boði, þar á meðal dekur- og snyrtivörur, gjafavörur, golfvörur, skartgripir, styrktarvörur og að sjálfsögðu nokkrar útgáfur af Bleiku slaufunni.

Í raun ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi og er bleiki liturinn auðvitað allsráðandi. Hægt er að kaupa bleikar garð- og trjáklippur, bleika penna, úrval endurskinsmerkja, mikið af fallegum gjafavörum þar sem má m.a. finna heimsþekkta hönnun í bland við íslenska, bleika golfbolta, fallegar vatnsflöskur og brúsa auk matreiðslubóka sem innihalda holla og ljúffenga rétti.

Kaupferlið er einfalt á vefnum og er hægt að sækja vörurnar í Skógarhlíð 8 án sendingargjalds eða velja milli ólíkra heimsendingarkosta gegn misháu gjaldi.




Neutral®

SÉRSTAKLEGA ÞRÓAÐ FYRIR
VIÐKVÆMA HÚÐ

# 11 KRÓNUR

af hverri seldri Neutral vöru í verslunum BÓNUS í október renna til átaksins Bleika slaufan 2016

0% ILMEFNI
0% LITAREFNI

Astma-Allergi Danmark



## MUNIÐ AÐ GEYMA KVITTUNINA!

Geymdu kvittunina og taktu þátt í leik á facebook síðu Bónus. Þú gætir eignast silfurhálsmenið Bleiku slaufuna 2016 ásamt gjafakörfu frá Neutral, samtals að verðmæti
**kr. 18.000**

**DREGID VIKULEGA!**



BÓNUS EKKERT BRUÐL

## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf



**EKINN AÐEINS 4.ÞÚS KM.**
RENAULT KANGOO.Árg.'15,ek.aðeins 4.þús km, dísel, beinskiptur.Verð aðeins 1.980.000 + vsk. Rnr.128391,er á staðnum.S:562-1717.



**EKINN AÐEINS 23.ÞÚS KM**
VW TRANSPORTER DOUBLE CAB 6 MANNA - PALLBÍLL.Árg.'09,ek.aðeins 25.þús km, bensín, beinskiptur.Verð 2.390.000 + vsk.Rnr.128379, er á staðnum.S:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**






### Bílar til sölu



Til sölu Renault Kangoo árg 05 ek 115 þús 1,6 vél ný tímareim ný skoðaður vetrardekk toppbíll verð 680 þús gsm 8927852.

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Vinnuvélar

### Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

### Varahlutir

Startarar & alternatorar
í bíla, báta og vinnuvélar



Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

Gabriel



Hágæða höggdeyfar í fólksbíla og jeppa.
Stál og Stansar ehf.
Vagnhöfði 7 – sími 517 5000

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**REGNBOGALITIR**
Alhliða málningarþjónusta.Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinna góð umgengni. malarar@simnet.is og s 891 9890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

joismidur.is
Nýsmíði & Viðhald.
Tilboð eða tímavinna.
Jóhann S. 897 3006

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SÁ SÍMASPÁ Í**
**S. 844 6845 / 462 4564**
Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com


# GÓÐIR Í HAUST OG VETUR!



**LAND ROVER Discovery sd hse.** Árgerð 2014, ekinn 27 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. **Verð 12.950.000**.umboðsbíl 1 eigandi og stóra díselvélinn Rnr.330704.

TILBOÐ



**MERCEDES BENZ E200.** Árgerð 2006, ekinn 114 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **TILBOÐ 1.990.000 Ásett verð 2.390.000.** Er á nýjum heilsársdekkjum Rnr.114848.

TILBOÐ



NÝ HEILSÁRSDEKK FYLGJA

**TOYOTA Yaris terra.** Árgerð 2012, ekinn 92 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **TILBOÐ 1.450.000. Ásett verð 1.790.000**
Ný heilsársdekk fylgja Rnr.311618.

TILBOÐ



**AUDI Q7 quattro.** Árgerð 2013, ekinn 138 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. **TILBOÐ 6.690.000. Ásett verð 7.800.000** Rnr.211662.

TILBOÐ



NÝ HEILSÁRSDEKK FYLGJA

**VW Tiguan sport&style.** Árgerð 2015, ekinn 64 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 7 gírar. **TILBOÐ 4.490.000. Ásett verð 4.980.000**
Ný heilsársdekk fylgja Rnr.211661.

TILBOÐ



NÝ HEILSÁRSDEKK FYLGJA

**SKODA Superb 4x4 170hö**. Árgerð 2015, ekinn 59 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **TILBOÐ 4.290.000. Ásett verð 4.650.000**
Ný heilsársdekk fylgja Rnr.211666.

TILBOÐ



NÝ HEILSÁRSDEKK FYLGJA

**KIA Sportage ex 4wd**. Árgerð 2015, ekinn 71 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **TILBOÐ 4.290.000. Ásett verð 4.890.000**
Ný heilsársdekk fylgja Rnr.211140.

TILBOÐ



NÝ HEILSÁRSDEKK FYLGJA

**KIA Sportage ex.** Árgerð 2015, ekinn 63 Þ.KM, dísel, 6 gírar. **TILBOÐ 3.990.000. Ásett verð 4.380.000**
Ný heilsársdekk fylgja Rnr.211722.

TILBOÐ



NÝ HEILSÁRSDEKK FYLGJA

**SKODA Octavia 4x4.** Árgerð 2015, ekinn 56 Þ.KM, dísel, 6 gírar. **TILBOÐ 3.590.000. Ásett verð 3.980.000** Rnr.211680.
Ný heilsársdekk fylgja

TILBOÐ



**MERCEDES-BENZ Glk 220 cdi 4matic** Árgerð 2014, ekinn 35 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **TILBOÐ 5.400.000. Ásett verð 6.600.000** Rnr.210914.

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

Opnunartími: Mán-föst kl. 10-18 • Lau kl. 12-15 • Lokað sunnudaga.
Sími utan opnunartíma • S. 861 2165

TILBOÐ



NÝ HEILSÁRSDEKK FYLGJA

**SKODA Octavia.** Árgerð 2016, ekinn 24 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 7 gírar. **TILBOÐ 3.490.000. Ásett verð 3.790.000**
Ný heilsársdekk fylgja Rnr.211688.

TILBOÐ



**MERCEDES BENZ E 350 4-matic 4x4.** Árgerð 2006, ekinn 130 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 5 gírar. **TILBOÐ 2.390.000. Ásett verð 2.890.000** Rnr.211614.

TILBOÐ



NÝ HEILSÁRSDEKK FYLGJA

**TOYOTA Auris terra eco.** Árgerð 2013, ekinn 102 Þ.KM, dísel, 6 gírar. **TILBOÐ 1.790.000. Ásett verð 2.090.000**
Ný heilsársdekk fylgja Rnr.211724.

**Ertu búin að skoða nýju heimasíðuna okkar**
**www.nyja.is**





Björgólfur Thor og Liv Bergþórsdóttir, forstjóri Nova, geta fagnað góðum árangri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Fjöldi viðskiptavina Nova




## Fjöldi notenda í farsímafélögum í eigu Novator

**NOVA Á ÍSLANDI**
**146 þúsund**

**WOM Í CHILE**
**2 milljónir**

**PLAY Í PÓLLANDI**
**15 milljónir**

ef Actavis hefði verið skráð á markað þegar óveðrið skall á og rekstraráætlanir brugðust.

„Þetta var auðvitað mjög erfitt en eftir á að hyggja var það ekki alslæmt. Það voru hagsmunir okkar og bankans að láta þetta ganga; annaðhvort myndum við deyja saman eða bjarga hvor öðrum. Þetta var eins og að vera lokaður inni í kofa í þrjú ár sem manni finnst auðvitað ekki skemmtilegt, en er betra en að vera úti á víðavangi þegar svona fellibylur gengur yfir.“ Þegar upp var staðið hafði tekist að bjarga fyrirtækinu, bankinn fékk sitt og hann sjálfur stóð sterkur eftir. Deutsche Bank er aftur kominn í vandræði, en af öðrum ástæðum. „Þeir geta ekki kennt mér um í þetta skiptið, ég er búinn að gera upp allar skuldir við þá,“ segir Björgólfur.

### Enn tækifæri í lyfjum

Björgólfur Thor horfir áfram á lyfjageirann. „Ég þekki þann geira mjög vel og marga innan hans. Ég held að það liggi mikil tækifæri þar á næstu árum, einmitt vegna þess hve samþjöppunin hefur verið mikil. Ég er að skoða það og hef þegar stofnað lyfjafyrirtækið Xantis Pharma, með höfuðstöðvar í Sviss. Undirbúningsvinnan er því í fullum gangi, en ég reikna með að stóru skrefin verði tekin á næstu tveimur árum. Þarna er markaðurinn að breytast og þá þarf maður að hugsa hvað það hafi í för með sér og hvernig maður þurfi að hugsa öðruvísi, því þar liggja tækifærin.“

Björgólfur Thor segir að öll reynsla kalli á endurskoðun. Bókarskrif í kjölfar efnahagshrunsins hafi fengið sig til að líta í eigin barm. „Það var einn í tæknideild Nova sem sagði í söluferlinu í áreiðanleikakönnuninni hvað það væri frábært að fara svona í gegnum hlutina og um leið lærði maður hvernig maður hefði viljað gera hlutina öðruvísi. Það sama gildir um það þegar ég fór í gegnum ferilinn í bókarskrifum. Þar sá ég skýrt hvernig ég gerði suma hluti rétt og aðra hefði ég viljað gera öðruvísi eða hreinlega sleppa þeim.“

### Nenni ekki lengur veseni

Hann segir að það hafi verið mikið þroskaferli. „Ég lærði meira um sjálfan mig og svo hef ég líka elst og vonandi þroskast.“ Staðan er orðin góð og þá vaknar spurningin hvers vegna að halda áfram? Hvað drífur menn áfram. „Ég held að þetta snúist um að ögra sér. Eins og skákmeistari leitar að því að finna nýja leiki og verðuga andstæðinga. En ég hef breyst. Fjárfestingarstefnan hefur breyst og í dag spyr ég mig fyrst: Er þetta skemmtilegt verkefni, með skemmtilegu fólki á skemmtilegu svæði? Við eigum takmarkaðan tíma á jörðinni og ég nenni ekki að eyða mínum tíma í leiðinleg verkefni með leiðinlegu fólki og miklu veseni, jafnvel þótt það sé hægt að hagnast á því. Þegar ég var yngri hefði ég tekið slaginn en ekki núna.“

Hann segist horfa meira á tímann sem hann geti varið með fjölskyldunni. „Eignasafnið vex ekki jafn hratt og áður, en það er meðvitað. Það er ekki vegna þess að það séu ekki tækifæri heldur er þetta meðvitað til að hafa meiri balans í lífinu. Ég er með börn á þeim aldri að þau vilja vera með mér og finnst það gaman. Ég veit að eftir tíu ár eða svo skipti ég þau minna máli og þá get ég aftur farið að vinna meira.“

### Suður-Ameríka í sigti

Undanfarið hefur Novator verið í þremur greinum, lyfjageiranum, fjarskiptageiranum og svo í CCP og gagnaveri Verne Holding. Hann segir að jafnvel megi tala um þetta sem tvo geira, heilsu og stafræna veröld.

„Ég vil vera á svæðum þar sem hagkerfi er að koma úr niðursveiflu og er að byrja að sýna einkenni þess að þau séu að rétta úr kútnum. Ég hef verið í 25 ár í Austur-Evrópu og mér finnst ég vera búinn með það svæði. Bandaríkin koma ekki til greina. Þar eru allt of margir sem kunna betur það sem ég kann. Þá er eftir Asía, Afríka og Suður-Ameríka. Ég er ekki spenntur fyrir Asíu. Þar er kúltúrinn erfiður og hentar mér ekki og Afríka er erfið, allt of mörg lönd og erfitt að ná stærðarhagkvæmni. Þá er Suður-Ameríka eftir og ég er þegar byrjaður þar með símafélagið Wom í Chile.“

Björgólfur Thor segir að menningin í Suður-Ameríku minni sig um margt á Austur-Evrópu. Margt sé líkt með Suður-Evrópu, Austur-Evrópu og Suður-Ameríku. „Þetta er spennandi svæði sem er að koma út úr erfiðu tímabili. Gallinn er að það er langt að fara til að heimsækja fyrirtækin.“

Í kjarna samstarfsmanna Björgólfs Thors í Novator eru ekki margir. Starfsmenn eru innan við tuttugu og hafa unnið lengi saman. „Ég var um tíma kominn með þrjár hæðir í London, þar sem við bættum við fólki með fjölgun verkefna. Maður réð fólk til að ráða við fleiri tækifæri og svo þurfti maður að finna fleiri tækifæri svo allir hefðu nóg að gera. Þetta var vítahringur. Nú er ég með þak á fjöldanum og vil ekki fara yfir tuttugu. Ef við ráðum ekki við verkefnin með þessum fjölda þá segi ég að við skulum frekar sleppa þeim og einbeita okkur að færri verkefnum.“

Björgólfur Thor segist afar ánægður með að erlendir fjárfestar hafi keypt félagið. „Þegar maður stofnar fyrirtæki og elur það upp er manni ekki sama hvert það fer. Þetta verður eins og barnið manns. Nova er fyrirtæki fólksins. Það hefur stuðlað að verðlækkun á fjarskiptamarkaði og margoft verið kosið vinsælasta fyrirtækið. Ég vil tryggja að það verði áfram þessi fríski leikmaður á markaðnum. Ég held að ef það hefði farið í svipað eignarhald og stór fyrirtæki á Íslandi, þá væri meiri hætta á að það staðnaði og færi í sama far og hinir.“

### Til Íslands úr vinnunni

Hópmálsókn á hendur Björgólfi Thor var vísað frá í Hæstarétti í febrúar. Björgólfur segist þekkja þá menn, sem standi á bak við málsóknina. „Það er alveg á hreinu að þeir eru ekkert að fara að hætta þessari vitleysu. Ég get ekkert gert við slíkri þráhyggju, ég verð bara að láta þetta yfir mig ganga. Þetta eru minni háttar óþægindi og ég velti þessu nú ekkert mikið fyrir mér. Ég vil einbeita mér að því að byggja upp fyrirtæki og skapa störf.“

Við söluna á Nova hefur Björgólfur Thor sagt að hann hyggist ekki nota afraksturinn til fjárfestingar hérlendis. Sér hann þá ekki tækifæri hér? „Hér eru örugglega mörg tækifæri, bara ekki fyrir mig. Ég er mjög ánægður með að erlendir fjárfestar skuli hafa keypt Nova og ég vona að við fáum fleiri erlenda fjárfesta inn í verkefni hérlendis og stækki kerfið. Við erum lítil og einsleit og stutt á milli allra og mikil innri vensl. Ég þrífst ekki vel í því. Ég lít svo á að allur heimurinn sé undir í mínum fjárfestingum. Á Íslandi vil ég fjárfesta í ferðalögum, góðum mat og því að njóta landsins.

Ég elska Ísland og Íslendinga en ég vil koma hingað úr vinnunni en ekki í hana.“



Kährs®
QUALITY IN WOOD SINCE 1857

# VÖNDUÐ & **VISTVÆN VIÐARGÓLF**

KÄHRS PARKET BORÐLEGGJANDI GÆÐI


Birgisson
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is



## Jafnrétti

**Hanna Katrín Friðriksson**
skipar efsta sætið hjá Viðreisn á Reykjavíkurlista suður

# 90% stúlkur?

Tvær 15 ára dætur mínar eru að lesa fyrir próf. Þær leggja hart að sér, vitandi að það er leiðin til þess að komast inn í framhaldsskóla að eigin vali á næsta ári. Þær vita líka að vinsælustu framhaldsskólarnir eru með kynjakvóta. Stelpur þurfa að hafa hærri einkunnir en strákar til að komast inn. Þar sjá menn verðmætið í því að jafna stöðuna.

Dætur mínar og jafnöldrur þeirra hafa hins vegar fæstar áttað sig á því að þegar þær koma út á vinnumarkaðinn að nokkrum árum liðnum bíður þeirra að óbreyttu heimur þar sem framlag þeirra er metið 10% lægra en framlag strákanna.

Íslenskt samfélag þarf á því að halda að við búum svo um hnútana að ungar stúlkur þurfi ekki að sætta sig við framtíð þar sem þær eru verðlagðar sem 90%. Við verðum að útrýma þessum óverjandi kynbundna launamun sem varpar risaskugga á þann góða árangur sem hefur náðst í jafnréttismálum hér á landi.

Ég er stolt af því að hafa, ásamt félögum mínum í Viðreisn, átt þátt í að kynna tæki til þess að rétta hér af kúrsinn svo um munar. Við munum láta það verða eitt af okkar fyrstu verkum á þingi að leggja fram þingmál sem mælir fyrir um að fyrirtæki og stofnanir með fleiri en 25 starfsmenn þurfi að gangast árlega undir jafnlaunavottun sem yrði framkvæmd samhliða gerð ársreikninga. Slík jafnlaunavottun er hlutlaus staðfesting þess að hjá viðkomandi fyrirtæki eða stofnun er ekki kynbundinn launamunur.

Fyrirtæki með jafnlaunavottun eru eftirsóknarverðir vinnustaðir. Önnur fyrirtæki þurfa að hysja upp um sig ef þau ætla að vera samkeppnishæf. Starfsfólk veit að vottunin gefur fyrirheit um að laun eru greidd út frá málefnalegum forsendum og að allt starfsfólk er metið að verðleikum.

Það styttist í kvennafrídaginn. Er ekki upplagt að nota tækifærið til að minna á að við erum öll 100%?



**Ég er stolt af því að hafa, ásamt félögum mínum í Viðreisn, átt þátt í að kynna tæki til þess að rétta hér af kúrsinn svo um munar.**

# Fyrsti sjálfkeyrandi bíllinn með farþega í London




**Tæknimenn á gangstétt skoða niðurstöður úr prufukeyrslu en í gær runnu sjálfkeyrandi bílar með farþega um Milton Keynes í Norður-London. Var þetta í fyrsta sinn sem sjálfkeyrandi bílar óku með farþega um stræti Bretlands. Prufukeyrslan gæti rutt brautina fyrir innleiðingu sjálfkeyrandi bíla í Bretlandi. Bretland eins og fleiri lönd er nú að skoða möguleikann á innleiðingu þeirra.** FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Í átt að „góðri“ peningastjórnun fyrir Ísland



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Undanfarið hefur verið rætt um hvers konar peningamálastjórnun Ísland ætti að hafa og það hefur meðal annars verið lagt til að Íslendingar taki upp svokallað myntráð. Ég ætla ekki að ræða það hér hvort það sé góð eða slæm hugmynd. Ég vil frekar ræða hvaða mælikvarða ætti að nota til að velja „ákjósanlega“ eða öllu heldur „góða“ peningamálastjórnun.

Valið á peningamálastjórnun verður að vissu leyti að byggjast á reynslu. Við getum til dæmis ekki sagt að óathuguðu máli að fljótandi gengi sé æskilegra en fastgengiskerfi við allar aðstæður, þótt sum okkar hneigist til að álíta að breytileiki fljótandi gengis sé almennt æskilegri en fastgengiskerfi.

Hins vegar held ég að við getum ákvarðað fyrirfram vissar forsendur fyrir því hvaða niðurstöðu við viljum sjá ákveðin peningamálakerfi framkalla.

Almennt held ég að helsta markmið peningamálastjórnunar verði að vera að tryggja mesta hugsanlega stöðugleika.

Ég sé stöðugleika sem ástand þar sem peningamálastjórnunin skekkir almennt ekki dreifingu vöru, vinnu og fjármagns á milli geira eða á milli mismunandi tímabila. Þannig tel ég að fyrirmyndarstjórn peningamála sé sú sem við getum hugsað um sem „hlutlausa“ í þeim skilningi að hún hafi ekki áhrif á hlutfallsverð í hagkerfinu.

Enn fremur vil ég halda því fram að góð peningamálastjórnun sé gagnsæ, fyrirsjáanleg og auðskilin fyrir almenning. Þannig eru reglur æskilegri en geðþótti sem almenn regla.

Og loks ætti peningamálastjórnunin að vera sterk. Það felur í sér að hættan á misnotkun eða stjórnmálavæðingu peningakerfisins ætti að vera eins lítil og mögulegt er. Þetta er auðvitað vel þekkt vandamál á Íslandi. Þannig gæti viss stjórnun framkallað góða niðurstöðu í dag, en ef líklegt er að sama stjórnun verði yfirtekin af vissum stjórnmálalegum hagsmunum á morgun þá getum við ekki sagt að stjórnunin sé „góð“.

> **Niðurstaðan er sú að góð peningamálastjórnun tryggir mikinn stöðugleika, er gagnsæ, fyrirsjáanleg og er hagfræðilega, pólitískt og stofnanalega sterk.**

Enn fremur tryggir sterk peningamálastjórnun „góða“ útkomu við mismunandi hnykki í hagkerfinu, breytingar á stjórnmálaástandi eða jafnvel breytingar á stjórnmálastofnunum. Þess vegna er ekki hægt að segja að stjórnun sé sterk ef hún stendur sig aðeins vel þegar um eftirspurnarhnykk er að ræða, en ekki framboðsskell, eða er of viðkvæm fyrir pólitískri óvissu og erfiðleikum.

Loks vil ég halda því fram að sterk peningamálastjórnun sé eins lítið háð mannlegri dómgreind og gögnum og hægt er. Þannig getum við ímyndað okkur fullkomna peningamálastjórnun sem tryggir afar mikinn stöðugleika, en henni gæti aðeins Alan Greenspan framfylgt. Slík stjórnun væri sannarlega ekki sterk.

Niðurstaðan er sú að góð peningamálastjórnun tryggir mikinn stöðugleika, er gagnsæ, fyrirsjáanleg og er hagfræðilega, pólitískt og stofnanalega sterk.

Engin peningamálastefna er líkleg til að vera fullkomin og það er sennilegt að málamiðlanir verði gerðar þegar við veljum stjórn peningamála. Þess vegna þurfum við, þegar við ræðum um upptöku myntráðs á Íslandi, að ræða hvort myntráðið myndi uppfylla skilyrðin sem ég hef rætt hér að ofan. Og við þurfum að ræða aðra valkosti líka – til dæmis hvort hætta skuli alfarið að nota krónuna eða til dæmis að halda áfram að hafa fljótandi gengi en breyta markmiðum Seðlabankans í til dæmis markmið um nafnlaun eða nafnvirði vergrar landsframleiðslu.

# Þú munt líklega ekki má markmiðinu þínu

## Hin hliðin



**Martha Árnadóttir**
framkvæmdastjóri Dokkunnar

Það er allt klárt, þú ert í góðu stuði með nýja markmiðið þitt og skotheld a áætlun um það sem fram undan er. Þér líður vel og það hríslast um þig unaðsstraumur þegar þú hugsar til þeirrar stundar þegar markmiðinu er náð.

En – einmitt þá fer hún að gera vart við sig, röddin andstyggilega, sem mörg okkar þekkja svo vel. Hún hefur ekki hátt til byrja með en fljótlega verður hún háværari og fer að argast í okkur, draga úr okkur, segja okkur að við þurfum ekki að gera þetta í dag, séum bara ekki nógu vel upplögð í dag, eitthvað svo dimmt í dag, nógur tími – verður betra á morgun ...

Það er eitthvað óskiljanlegt við þessa seiðandi rödd og þegar við reynum að skilja hana þá koma bara upp í hugann orð eins geðveiki og sjálfstortíming – í besta falli leti.

**Hvað er í gangi?**

Þú vilt virkilega ná markmiðinu sem þú settir, það flæddi um þig eldmóður og tilhlökkun að takast á við verkefnið þegar þú sast og skrifaðir þetta allt niður – en þessi rödd talar þig ofan af hverri aðgerðinni á fætur annarri og telur þér trú um að þú munir gera þetta á morgun, á morgun, á morgun. Í framhaldinu ferðu að efast um markmiðið, er þetta virkilega það sem ég vil og að lokum verður niðurstaðan sú að þetta hafi verið vitlaust markmið!

Ýmsir sálfræðingar halda því fram að frestun sé bara hluti af mannlegu eðli, að leita stöðugt að þægilegri og fyrirhafnarminni lífsháttum og sennilega er mikið til í því – en það þarf ekki að vera þannig. Ef við eigum okkur drauma og markmið þá viljum við ekki að þægindarammin okkar sé svo þröngur að hann kæfi þau í fæðingu.

Ég hef velt þessu mikið fyrir mér og þegar ég lít til baka held ég að ég hafi verið illa haldin af frestunaráráttu fram undir fertugt. Á þessum tíma var röddin allsráðandi í mínu lífi og það var ekki eins og ég vissi ekki af henni – ég velti henni stöðugt fyrir mér og upplifði hana sem hluta af mér eins og fætur og nef, ég var bara svona óheppin að fá þessa blessuðu rödd í vöggugjöf, hugsaði ég og horfði á alla hina sem þustu áfram á fljúgandi ferð og þurftu ekki að kljást við röddina.

**Mín sannfæring**

Eftir að hafa tekist að einhverju leyti að ráða niðurlögum þessarar andstyggilegu raddar þá er fátt sem ég er meira sannfærð um en að eftirtalin fjögur atriði ráða mestu um árangur okkar í viðureigninni við röddina: Hugarró, þjálfun, hvíld og rútína – og finni nú hver sitt ...





## Jólatónleikar KK & Ellenar á aðventunni

Að margra mati koma jólin ekki fyrr en að afstaðinni árlegri tónleikaröð systkinanna KK og Ellenar. Þetta er einn af þessum föstu punktum í tilverunni og árið í ár verður engin undantekning. Þessi söngelsku og sívinsælu systkini flytja sín eigin lög í bland við sígildar jólaperlur sem koma öllum í rétta skapið. Þeim til halds og trausts verður úrvalssveit tónlistarmanna undir stjórn hljómborðsleikarans Jóns Ólafssonar. Gleðilega hátíð!

**09.12.** Fríkirkjan í Reykjavík
**10.12.** Bæjarbíó, Hafnarfirði
**11.12.** Salurinn, Kópavogi
**16.12.** Vídalínskirkja, Garðabæ
**17.12.** Hlégarður, Mosfellsbær
**18.12.** Grafarvogskirkja
**19.12.** Háskólabíó

**Tónleikarnir hefjast kl. 21:00.**
**Miðasala hefst 11. október á midi.is.**
**Miðasala á tónleika í Salnum á salurinn.is.**

DÆGURFLUGAN

Íslenska úrvalsvísitalan
1.774,4 -0,18%
(-3,14)

vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti



Samstaða er um að lækka tolla á frönskum kartöflum.

# Franskar eiga sér færri óvini

Franskar kartöflur eiga sér fáa andstæðinga, en á fundi Félags atvinnurekenda voru stjórnmálaflokkarnir rukkaðir um afstöðu sína til 76% tolls á franskar kartöflur.

Enginn fulltrúi flokkanna treysti sér til að mæla slíkum tollum bót. Landsmenn geta farið að hræra kokteilsósuna því það virðist sama hver fer í næstu ríkisstjórn; franskar verða ódýrari.

**76%**

**Tollur sem lagður er á innfluttar franskar kartöflur**




Helga Valfells, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, opnaði Nasdaq-kauphöllina í New York í gær.

# Helga hringdi bjöllunni

Leiðtogar norræna sprotasamfélagsins söfnuðust saman í New York í gær til að opna Nasdaq-kauphöllina með bjölluhringingu klukkan 13.30 að íslenskum tíma.

Á staðnum er Salóme Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Icelandic Startups, ásamt öðrum norrænum frumkvöðlasetrum og íslensku sprotafyrirtækjunum Sling og Watchbox. Helga Valfells, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, hélt ræðu við tilefnið.

Markmið ferðarinnar er að kynna norræna sprotasamfélagið betur á austurströnd Bandaríkjanna ásamt því að veita sprotafyrirtækjum sem með eru í för tækifæri til að kynna sig fyrir bandarískum fjárfestum og fjölmiðlum.




## 8,9

**MILLJARÐA AFLAVERÐMÆTI**

Aflaverðmæti íslenskra skipa nam 8,9 milljörðum króna í júní sem er ríflega 2 milljörðum minna en í júní 2015 samkvæmt tölum Hagstofunnar. Á heildina litið var samdráttur í öllum tegundum nema ufsa og humri. Aflaverðmæti botnfisks nam rúmum 7 milljörðum í júní og dróst saman um 14,5 prósent frá fyrra ári.

## 5,14%

**HÆKKUN**

Gengi hlutabréfa í N1 hækkaði um 5,14 prósent í 583 milljóna króna viðskiptum. Hækkunina má líklega rekja til tilkynningar sem barst á mánudag um að samkvæmt drögum að uppgjöri þriðja ársfjórðungs hjá félaginu er aukning í sölu bifreiðaeldsneytis umfram áætlanir sem og sala annarra vara á þjónustustöðvum félagsins.

**8.10. 2016**

**Í fyrsta lagi er þetta ekkert verð fyrir hest og í öðru lagi eru þetta um 400 kíló af hakki, bjúgum og steikum sem þarna fóru á engan pening.**

Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði





**ENDURNÝJUN OG VIÐHALD**
Löggiltur rafverktaki
Sími:
**696 5600**
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

## KEYPT & SELT

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

### vinnuvélar

KVEIKUR
**www.kveikur.is**



Eurocomach ES 57 ZT árgerð 2016 5500kg. Vökva hraðtengi, þrjár skóflur, klár fyrir rototilt.



ES 18 ZT árgerð 2016 1810kg. Hraðtengi, þrjár skóflur og fleygur.



ES 10 ZT árgerð 2016 1060kg. Hraðtengi, þrjár skóflur og fleygur.



E 245 K árgerð 2016 3800kg. Hraðtengi, fjórar skóflur og gaflar.

JLG VINNULYFTUR Á LAGER!


**JLG vinnulyftur og lyftarar.**

**Upplýsingar í síma 519 2210**
**www.kveikur.is**
KVEIKUR
**Sími 519 2210**

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## HEILSA

### Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www. tantratemple.is

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## HEIMILIÐ

### Barnavörur



**VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA**
Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU Á NÝBÝLAVEGI**
150 fm verslunar og lager húsnæði

430 fm atvinnuhúsnæði

285 fm Kistumelur 14

Hafsteinn 690 3031

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geymslur.is

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

Óska eftir vönum málurum. Næg vinna framundan. Uppl. S: 7791070

### Viðskiptatækifæri

**TIL SÖLU:**
Einkahlutafélag sem rekur ísbúð með eigin framleiðslu.
Falleg ísbúð á góðum stað og afkastamikil verksmiðja.
**Upplýsingar í síma 659-2555**
**Óskar Thorberg Traustason**

### fasteignir

DOMUSNOVA
Fasteignasala
Nýbýlavegur 8, 2. hæð • 200 Kópavogur • domusnova@domusnova.is • S 527 1717

**TORFUFELL 35**
**Opið hús í dag kl. 17.30 – 18.00**




Glæsileg 4ra herbergja íbúð á 3. hæð. Fjölbýlishúsið er klætt að utan með álklæðningu og yfirbyggðar svalir. Endurnýjaðar innréttingar. Falleg íbúð. **Verð: 31.5 millj.** Hagstætt áhvílandi lán.

**Nánari uppl. veita Haukur Halldórsson hdl/lgf. á eignir@domusnova.is eða s: 789-5560 og Agnar í s: 820-1002 eða agnar@domusnova.is**

**www.domusnova.is**

**ALLTAF VIÐ HÖNDINA**
Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu


Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum
App Store · Google Play · Microsoft
FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft

### fasteignir

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Lynghagi 16. 3ja herbergja – laus strax.**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Vel skipulögð 86,8 fm. íbúð á jarðhæð með sérinngangi á þessum eftirsótta stað í vesturbænum. Mögulegt væri að opna út úr stofu og gera verönd á lóð til suðurs. Eignin hefur verið þó nokkuð endurnýjuð á sl árum, m.a. baðherbergi, eldhúsinnrétting og tæki, nýtt parket á allri íbúðinni, raflagnir og rafmagnstafla. Stétt í kringum húsið er nýleg. Eignin er laus til afhendingar við kaupsamning. **Verð 38,9 millj.**

**Granaskjól 12. 3ja herbergja neðri hæð.**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Vel skipulögð 93,8 fm. íbúð á jarðhæð í tvíbýlishúsi við Granaskjól. Rúmgóð stofa, eldhús með fallegum hvítum innréttingum, rúmgott hjónaherbergi og eitt barnaherbergi. Ofnalagnir eru nýjar og ofnar að hluta. Raflagnir eru yfirfarnar og endurbættar. Frábær staðsetning, stutt í skóla og íþróttasvæði KR. **Verð 39,9 millj.**

**Miðleiti 5. 4ra herb. endaíbúð- laus strax.**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Vel skipulögð 121,8 fm. endaíbúð með gluggum í 3 áttir á 2. hæð í fjölbýlishúsi fyrir eldri borgara. Samliggjandi stofur. Tvö herbergi. Stórar svalir til vesturs eru yfirbyggðar að stórum hluta. Íbúðinni fylgir sér bílastæði í bílageymslu og aðgengi er að sameiginlegum leikfimisal á 5. hæð. Húsvörður. **Verð 52,9 millj.**

### tilboð

*Snyrti & nuddstofan Smart*
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



***Meðgöngutilboð:***
Meðgöngunudd, höfuðbeina og spjaldhryggsjofnun, heilun og fótsnyrting m/lökkun á aðeins **13.500.-**

*Í gjöf færðu litun á augabrúnir.*

*Verið hjartanlega velkomin.*

Tímapantanir í síma 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**Ertu að leita að talent?**
Við finnum starfsmanninn fyrir þig


lind@talent.is


bryndis@talent.is

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is





„Þetta er glatað og alveg ömurleg tilfinning. Það voru allir svo spenntir fyrir þessu. Þetta er versta tilfinning sem ég hef fundið fyrir í langan tíma,“ sagði Elías Már Ómarsson eftir leikinn. Hann skoraði í gær og var markahæsti leikmaður Íslands í keppninni. Hér er hann með Tómasi Inga aðstoðarþjálfara eftir leik. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Stóri glugginn skelltist aftur

**Frábær byrjun 21 árs landsliðsins og 1-0 forysta í hálfleik dugði skammt á móti Úkraínumönnum í gær. Strákarnir fengu á sig fjögur mörk í seinni hálfleik, féllu á prófinu á síðustu 45 mínútum undankeppninnar og tókst því ekki að feta í fótspor gullkynslóðarinnar. Makedónía fór á EM en Ísland og Frakkland sátu eftir.**

**FÓTBOLTI** Fyrir tveimur árum var það útivallarmark á 90. mínútu sem kom í veg fyrir að íslensku strákarnir í 21 árs landsliðinu kæmust á EM en í gærkvöldi var það skelfilegur seinni hálfleikur sem eyðilagði EM-drauminn.

Íslenska liðið tapaði 4-2 fyrir Úkraínu í Laugardalnum í gær og verður því ekki meðal þeirra tólf þjóða sem keppa á EM í Póllandi næsta sumar. Stóri glugginn sem strákana dreymdi um að komast í opnast aldrei þrátt fyrir að þeir hefðu allt til alls til að leika eftir afrek gullkynslóðarinnar frá því fyrir fimm árum.

### Allt leit vel út í hálfleik

Allt leit vel út eftir nítján hálfleiki af tuttugu. Daníel Leó Grétarsson hafði komið íslenska liðinu yfir á 22. mínútu og þetta góða varnarlið var nú aðeins 45 mínútum frá sæti á EM. Liðið skoraði ekki mörg mörk í keppninni en það var hægt að treysta á það að strákarnir gæfu ekki mörg færi á sér.

Íslenska liðið hafði fengið aðeins fimm mörk á sig í fyrstu níu leikjum sínum í keppninni og haldið marki sínu hreinu í fimm af síðustu sex leikjum. Það þarf því ekki að taka það fram að fjögur mörk á 45 mínútum var algjörlega út úr karakter.

„Við klúðruðum þessu sjálfir. Í stöðunni 1-0 leið mér ágætlega en í seinni hálfleik leystist leikurinn upp þegar þeir jafna og það er nákvæmlega það sem við vildum ekki,“ segir Aron Elís Þrándarson, framherji íslenska liðsins.

„Við fengum klaufalegt mark á okkur og það breytti leiknum. Við þurftum að leysa upp leikinn og spila bara sóknarbolta. Við erum ekki góðir í því,“ sagði Eyjólfur Sverrisson, þjálfari íslenska liðsins.

Íslenska liðið átti að skora miklu fleiri í mörk í hálfleik þar sem framganga strákanna minnti oft á frammistöðu A-landsliðsins á móti Tyrkjum á dögunum. Íslenska liðið var með algjöra yfirburði og allt leit vel út.

„Við áttum bara að nýta færin í fyrri hálfleik. Þá hefði þetta verið búið,“ sagði Eyjólfur. Um leið og Úkraínumenn jöfnuðu með slysalegu marki breyttist allt.

„Við þurftum að opna okkur og því fór sem fór. Við áttum að klára þetta í fyrri hálfleik enda voru þeir ekki að skapa sér færi. Mörkin sem við fengum á okkur voru bara klaufaleg,“ sagði Eyjólfur.

Hann hefur nú tvisvar á tveimur árum þurft að horfa upp á sína stráka missa af EM-lestinni á síðustu stundu.

„Mér líður illa. Sérstaklega fyrir hönd strákanna. Þeir komu sér í þessa stöðu og því miður náðu þeir ekki að nýta sér þetta tækifæri. Því miður stóðust þeir ekki prófið. Seinni hálfleikur var ekki nógu öflugur hjá okkur,“ sagði Eyjólfur. Aron Elís gat heldur ekki leynt vonbrigðum sínum.

> Við fengum klaufalegt mark á okkur og það breytti leiknum. Við þurftum að leysa upp leikinn og spila bara sóknarbolta. Við erum ekki góðir í því.
>
> Eyjólfur Sverrisson, landsliðsþjálfari

> » Íslenska liðið fékk á sig 5 mörk á fyrstu 865 mínútum sínum í undankeppninni en sótti svo boltann 4 sinnum í markið sitt á síðustu 35 mínútunum í gær.

### Klúðruðum þessu í síðasta leik

„Þú getur rétt ímyndað þér hvernig tilfinningin er. Þetta er tveggja ára vinna og við klúðrum þessu í síðasta leik á heimavelli,“ sagði Aron Elís.

Hjörtur Hermannsson var fyrirliði íslenska landsliðsins í leiknum. „Þetta er gífurlega súrt eftir alla þessa vegferð. Við gefum allt í okkar leik í dag og spilum líklega besta fyrri hálfleik sem við höfum spilað í keppninni. Við erum yfir á öllum vígstöðvum,“ segir Hjörtur en svo breyttist allt í seinni hálfleiknum.

„Þeir lágu á okkur og markið dettur á ótrúlegan hátt. Þetta hefði kannski fallið með okkur hefði það ekki dottið inn. Það var mikið högg á fá það á sig en eftir það þurftum við að sækja þessi þrjú stig,“ sagði Hjörtur og hann horfir björtum augum til framtíðar nú þegar hann kveður yngri landsliðin.

### Flottir fótboltamenn á leiðinni

„Þetta er súrt en eins og við sáum í þessum leik þá er hellingur af flottum fótboltamönnum á leiðinni og það boðar bara gott fyrir íslenska knattspyrnu,“ sagði Hjörtur að lokum.

Gullkynslóðin, sem skrifar þessa dagana nýja sögu með A-landsliðinu, er því áfram eina 21 árs landsliðið sem hefur komist alla leið í úrslitakeppnina. Það er hins vegar alltaf næsta ár og næsta keppni. Þessir strákar, sem misstu af stóra glugganum næsta sumar, finna vonandi aðrar leiðir í betri deildir Evrópu í framtíðinni.

### Frakkar sátu líka eftir

Það er erfitt að komast í hóp þeirra tólf þjóða sem keppa um Evrópumeistaratitilinn. Stjörnum prýtt lið Frakka sat þannig eftir með sárt ennið alveg eins og það íslenska. Makedóníumenn, sem töpuðu 3-0 fyrir Íslandi fyrir aðeins sextán mánuðum, unnu riðilinn og verða með á EM í Póllandi næsta sumar.

ooj@frettabladid.is

## Nýjast

**Undankeppni EM U-21 2017:**

**Ísland - Úkraína 2-4**
1-0 Daníel Leó Grétarsson (22.), 1-1 Boryachuk (56.), 1-2 Besyedin (75.). 2-2 Elías Már Ómarsson (88.), 2-3 Boryachuk (90.), 2-4 Zubkov (90.+4).
**Makedónía - Skotland 2-0**
**N-Írland - Frakkland 0-3**
**Stig þjóða:** Makedónía 21, Frakkland 20, Ísland 18, Úkraína 14, Skotland 8, N-Írland 2.

**Makedónía** vann riðilinn og tryggði sig inn á EM. Frakkar voru ekki eitt af fjórum bestu liðunum í 2. sæti og eru úr leik.

**Undankeppni HM 2018: C-riðill**

**Þýskaland - N-Írland 2-0**
1-0 Julian Draxler (13.), 2-0 Khedira (17.)
**Noregur - San Marinó 4-1**
**Tékkland - Aserbaísjan 0-0**
**Stig þjóða:** Þýskaland 9. Aserbaísjan 7, N-Írland , Noregur 3, Tékkland 2, San Marinó 0.

**Undankeppni HM 2018: E-riðill**

**Danmörk - Svartfjallal. 0-1**
**Pólland - Armenía 2-1**
**Kasakstan - Rúmenía 0-0**
**Stig þjóða:** Svartfj. 7, Pólland 7, Rúmenía 5, Danmörk 3, Kasakstan 2, Armenía 0.

**Undankeppni HM 2018: F-riðill**

**Slóvenía - England 0-0**
**Slóvakía - Skotland 3-0**
**Litháen - Malta 2-0**
**Stig þjóða:** England 7, Litháen 5, Slóvenía 5, Skotland 4, Slóvakía 3, Malta 0.

**Domino's-deild kvenna í körfubolta:**

**Valur - Snæfell 59-61**

**Andrea Björt Ólafsdóttir** tryggði Snæfelli annan sigurinn í röð með flautukörfu. Valskonur hafa þar með tapað þremur fyrstu leikjum sínum á Íslandsmótinu í ár og er eina liðið án stiga. Þriðja umferðina klárast síðan með þremur leikjum í kvöld.

### ERLENDIR ÞJÁLFARAR VILJA FÁ AÐ ÞJÁLFA KR-LIÐIÐ

Kristinn Kjærnested, formaður Knattspyrnudeildar KR, er enn að leita að þjálfara fyrir næsta tímabil í Pepsi-deild karla í fótbolta en hann segir að erlendir þjálfarar hafi mikinn áhuga á að þjálfa í Vesturbænum næsta sumar. Kristinn sagði í viðtali á Stöð 2 í gær að 40 til 50 umsóknir hafi komið inn á borð og margar þeirra frá þekktum erlendum þjálfurum.

### ÞÚSUND MIÐAR SELDUST Í ÍSLANDSSÆTIN Í GÆR

Íslendingar hafa mikinn áhuga á því að skella sér til Finnlands næsta haust til að fylgjast með íslenska körfuboltalandsliðinu keppa á Eurobasket 2017. KKÍ seldi þúsund miðapakka í gær þegar miðasalan hófst og með sama áframhaldi gætu miðarnir í Íslandssætin selst upp í þessari viku. Hannes S. Jónsson, formaður KKÍ, var mjög ánægður með viðtökurnar í viðtali á Stöð 2 í gær.



## Í dag

**19.00 Keflavík - Haukar** Sport

**19.15 Keflavík - Haukar** Keflavík
**19.15 Njarðvík - Stjarnan** Njarðvík
**19.15 Skallagr. - Grindav.** Borgarnes


IKEA á afmæli!
35 ár á Íslandi og 10 ár í Kauptúni
Við fögnum með afmælisveislu
dagana 12.-16. október
Ókeypis máltíð
af barnamatseðli
fyrir börn,
12 ára og yngri
Afmælissýning á
vörum úr 35 ára
sögu IKEA á Íslandi.
Stendur til 23. október
Nýtt
Kanilvaffla
með vanillusósu
og nutella
395,-
Laugardagur
Lalli töframaður
skemmtir
kl. 13 og 15
Laugardagur
og sunnudagur
Lifandi tónlist
á veitingastað
kl. 12-13 og 19-20
195,-
Ekta heitt
súkkulaði
með rjóma
Ókeypis íspinni
fyrir börnin
á veitingastað
Afmælis-
kökusneið
með rjóma
195,-/stk.
Sunnudagur
Ævar vísindamaður
og Sprengju-Kata
skemmta
kl. 13 og 15
© Inter IKEA Systems B.V. 2016
IKEA
JAFNLAUNA-
VOTTUN VR
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is
IKEA

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
12. OKTÓBER 2016 MIÐVIKUDAGUR



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Þuríður Kristjánsdóttir**
Sandholti 19, Ólafsvík,

andaðist á hjúkrunar- og
dvalarheimilinu Jaðri, Ólafsvík,
miðvikudaginn 5. október.
Hún verður jarðsungin frá Ólafsvíkurkirkju
laugardaginn 15. október kl. 14.00.

**Inga Jóhannesdóttir** | **Ágúst Sigurðsson**
**Bergsveinn Jóhannesson** | **Ragnheiður Gunnarsdóttir**
**Kristmann V. Jóhannesson** | **Svanborg Tryggvadóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**



†

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

**Rafn Ingólfur Jensson**
verkfræðingur,
Sunnuflöt 37, Garðabæ,

lést á Landspítala við Hringbraut
sunnudaginn 9. október.

**Auður Rafnsdóttir** | **Peder Langelund Pedersen**
**Herdís Björg Rafnsdóttir** | **Þorsteinn G. Gunnarsson**
**Vala Dögg, Louisa, Mikkel Andri,**
**Rafn Viðar og Gunnar Smári**



†

Elskuleg móðir mín, eiginkona og systir,

**Katrín Pálsdóttir**
fyrrverandi fréttamaður,
Víkurströnd 5, Seltjarnarnesi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut
mánudaginn 9. október. Útförin fer
fram frá Seltjarnarneskirkju föstudaginn
21. október klukkan 13.00.

**Ragnar Árni Ágústsson** | **Ágúst Ragnarsson**
**Árni Pálsson** | **Rannveig Pálsdóttir**



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Gunnfríður Hreiðarsdóttir**
Víðilundi 20, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri
þann 3. október. Útförin fer fram
frá Akureyrarkirkju 14. október kl. 10.30.

**Lára Hrafnsdóttir**
**Eiður Örn Hrafnsson** | **Hrönn Sigurðardóttir**
**Sólveig Hrafnsdóttir** | **Kristján Jósteinsson**
**Heiðar Þór Hrafnsson** | **Tatjana Kantorovitch**
**Björgvin Ingvi Hrafnsson** | **Ann Erry Hrafnsson**
**Bjarki Ásgeir Hrafnsson** | **Elisabeth Kløvtveit**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Innilegar þakkir fyrir sýnda samúð og
hlýhug við andlát mannsins míns,
föður okkar, tengdaföður,
afa og langafa,

**Halldórs Halldórssonar**
skipstjóra.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki
Skógarbæjar fyrir góða umönnun .

**Björg Hafsteinsdóttir**
**Hafsteinn** | **Svava Friðþófsdóttir**
**Halldór Ragnar** | **Anna Sigríður Magnúsdóttir**
**Gunnar Ingi** | **Jenný Rúnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli
og útfarir má senda á netfangið
**timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is**
eða hringja í síma 512 5000.



**„Eins og flestum finnst mér blóm falleg,“ segir Georg.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Felli vísindin inn í listina

## Menntaskólanum við Hamrahlíð barst gjöf vegna 50 ára afmælisins nýlega frá starfsfólki og gömlum nemendum. Það er málverk eftir Georg Douglas, fyrrum kennara skólans.

Leynigarðurinn nefnist málverk sem Menntaskólanum við Hamrahlíð var gefið í tilefni 50 ára afmælis á dögunum frá starfsfólki og nemendum í fyrsta útskriftarárgangi skólans. Gjöfin er verðlaunamálverk eftir Georg Douglas sem flutti frá Írlandi til Íslands fyrir mörgum árum og kenndi efnafræði og jarðfræði við MH í áratugi en er nú kominn á eftirlaun.

„Það var mjög ánægjulegt þegar nemendur komu til mín og báðu mig um mynd handa skólanum,“ segir hann. „Ég er sjálfmenntaður myndlistarmaður en hef líka sótt námskeið í Myndlistarskóla Kópavogs og Myndlistarskóla Reykjavíkur í 15 ár.“

Málverk Georgs eru litskrúðug og hann kveðst mála daglega enda að undirbúa sýningu sem verður á næsta ári í Anarkíu í Kópavogi. „Þetta verður svolítið metnaðargjörn sýning og ég verð með allan salinn svo það þýðir ekki annað en hafa hugann við efnið,“ segir hann glaðlega.

Blóm eru áberandi í nýjustu myndum Georgs. „Eins og flestum finnst mér blóm falleg og sem myndefni finnst mér sérstakt hvernig ljósið kemur í gegnum þau, einkum á kvöldin,“ segir hann. „Sumum finnst hitabeltisbragur á Leynigarðinum en það er ekki vottur af hitabelti í honum heldur er allt rammíslenskt. Ég er vísindamaður að mennt og hitabeltisblærinn kemur frá ruglingi á raunverulegum stærðum og smásjármælikvörðum. Þannig leik ég mér með efnið og felli vísindin inn í listina.“



**„Sumum finnst hitabeltisbragur á Leynigarðinum en það er ekki vottur af hitabelti í honum heldur er allt rammíslenskt,“ segir Georg.**

> **Eins og flestum finnst mér blóm falleg og sem myndefni finnst mér sérstakt hvernig ljósið kemur í gegnum þau, einkum á kvöldin.**

Georg hefur búið á Íslandi í 46 ár. Hann kynntist konunni sinni, Berglindi Magnadóttur í Belfast er bæði voru þar við nám. „Ástandið í Belfast var ekki skemmtilegt á þessum tíma og þegar náminu lauk ákváðum við að koma til Íslands,“ segir hann. „Írar og Íslendingar eru afskaplega líkir. Það hefur aldrei verið erfitt að vera hér.“

**gun@frettabladid.is**



†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Margrét Halla Jónsdóttir**
Maddý
Hrísholti 10, Garðabæ,

er látin. Útför hennar verður gerð frá
Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn
14. október klukkan 13. Þeim sem vilja minnast hennar er
vinsamlega bent á Hjartavernd.

**Hörður Skarphéðinsson**
**Ásthildur Jónsdóttir** | **Hans Roland Löf**
**Margrét Halla Hansdóttir Löf**
**Svanhildur Jónsdóttir** | **Páll Grétarsson**
**Sindri Már Pálsson** | **Erna Ágústsdóttir**
**Anna Þórdís Sindradóttir**
**Grétar Már Pálsson** | **Elísabet Pálmadóttir**



†

Ástkær eiginkona mín, dóttir, móðir,
tengdamóðir og amma,

**Nína Sólveig Jónsdóttir**
Laxakvísl 14, Reykjavík,
lést á heimili sínu 3. október sl. Útför
hennar fer fram frá Fríkirkjunni
í Reykjavík föstudaginn 14. október kl . 15.

**Kristján Bergsson**
**Hrefna Lineik Jónsdóttir**
**Albert Kristjánsson** | **Breki Freyr Albertsson**
**Kristín Kristjánsdóttir** | **Gísli Galdur Þorgeirsson**
**Sindri Kristjánsson**
**Bjarki Kristjánsson** | **Aldís Ásgeirsdóttir**
**Kristján Veigar Kristjánsson** | **Arna Hlín Sigurðardóttir**
**Bríet Eyja, Kristján Galdur og Róbert**


VEGNA MIKILLAR EFTIRSPURNAR FRAMLENGJUM VIÐ
„ALLT INNIFALIÐ“ TILBOÐIÐ Á ÖLLUM LEGSTEINUM.
nr. 116-5
188.100 KR.
FULLT VERÐ: 306.700 KR.
Einn spörfugl fylgir
nr. 2042
149.000 KR.
FULLT VERÐ: 276.600 KR.
nr. 2046
270.220 KR.
FULLT VERÐ: 408.900 KR.
nr. 2006
265.420 KR.
FULLT VERÐ: 402.900 KR.
nr. 104
329.420 KR.
FULLT VERÐ: 482.900 KR.
nr. 113
297.420 KR.
FULLT VERÐ: 442.900 KR.
nr. 2021
304.620 KR.
FULLT VERÐ: 451.900 KR.
nr. GS1002
539.900 KR.
FULLT VERÐ: 746.000 KR.
nr. 118
313.420 KR.
FULLT VERÐ: 462.90 0 KR.
Charlie
1999 -2014
Loving you to the stars and back
Meow Meow
Best Friend
Bitsy
July 2000 - May 2010
STÆRÐ
H. 27 CM.
BR. 30 CM.
GÆLUDÝRASTEINAR
VERÐ KR. 79.900,-
INNIFALIN ÁLETRUN.
ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU
ATH. AÐEINS TAKMARKAÐ MAGN Í BOÐI.
ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?
GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.
FYRIR
EFTIR
*Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu.
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.
BÆJARHRAUNI 26,
HAFNARFIRÐI
Graníthöllin
Legsteinar
SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Í dag er spáð sunnan og suðaustan hvassviðri og mikilli rigningu á öllu sunnan og vestanverðu landinu. Aukin flóða- og skriðuhætta fylgir úrhellinu. Norðaustan- og austanlands er heldur hægari vindur og þurrt, en svo lægir snögglega í stutta stund vestast á landinu eftir hádegi, það hvessir þó aftur í kvöld. Hiti 7 til 12 stig.

## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 7° | 10° |
| 14 | 5 | 14 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 9° | 10° | 6° |
| 14 | 11 | 17 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 8° | 8° |
| 9 | 13 | 8 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 8° | 9° | 4° |
| 5 | 5 | 13 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. fyrirhöfn
6. úr hófi
8. drulla
9. skarð
11. bókstafur
12. kvísl
14. ávarpar
16. Hæð
17. kvk nafn
18. stykki
20. tveir eins
21. stela

**LÓÐRÉTT**
1. bær
3. Skóli
4. vöxtur
5. knæpa
7. forganga
10. heldur brott
13. svelg
15. réttur
16. kærleikur
19. tónlistar-maður



**LAUSN**

